

**SKOÐUN** Skúli Magnússon segir makrílfrumvarpið kúvendingu. 13



**TÍMAMÓT** Jafnréttis- og mannréttindaráð Kópavogs kynnir nýja stefnu ráðsins. 16



**LÍFIÐ** Eurovision-kjóllinn hennar Maríu verður frumsýndur um helgina. 30



**SPORT** Besta körfuboltakona landsins snýr heim eftir átta ára útlegð. 26





# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
6. maí 2015
105. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


**MARKAÐURINN**



### Bjóða 750 milljónir króna

Gangi eigendur Norðlenska að yfirtökutilboði Kjarnafæðis í fyrirtækið fá þeir 750 milljónir í sinn hlut. Óeining er innan stjórnar Búsældar. Hluthafafundur tekur afstöðu til tilboðsins fyrir 21. maí.

**FRÉTTIR**

### Meiri umferð

Heildarumferð um Víkurskarð það sem af er ári er 25 prósentum meiri en á sama tíma í fyrra og meiri en spár um umferð um Vaðlaheiðargöng gerðu ráð fyrir. 2

**Að þíða kjúkling** Eigandi veitingastaðarins Hanans, sem býður upp á kjúklingakjöt, segist vera að þíða kjöt úr kistunni. Verkfall dýralækna veldur því að kjötskortur er fyrir dyrum. Eigandinn segir farið að minnka í kistunni. 4

**Segir ISIS til syndanna** Þýskur blaðamaður, sem hefur heimsótt vígasveitir ISIS, hefur birt opið bréf til leiðtoga samtakanna. 10




12

**2 SÉRBLÖÐ**

Markaðurinn | Fólk






**SINUBRUNI** Töluverður sinubruni varð í Lindahverfinu í Kópavogi í gær. Slökkviliðinu tókst að slökkva eldinn rétt fyrir klukkan þrjú í gær en sjónvarpsvottar höfðu áhyggjur af því að eldurinn næði að teygja sig inn í íbúðarhverfi. Nokkuð hefur verið um sinubruna víðsvegar um landið síðustu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Samstaða um varasjóð

Forsvarsmenn allra stjórnarandstöðuflokkanna á Alþingi taka vel í að stofnaður verði auðlindasjóður – varasjóður gegn alvarlegum hagsveiflum. Fjármálaráðherra boðaði stofnun slíks sjóðs á ársfundi Landsvirkjunar og kallaði eftir samstöðu.

**FJÁRMÁL** „Það þarf vart að nefna það að traust samstaða um tilgang og tilvist sjóðsins er ein helsta forsenda þess að hann verði stofnaður. Ég mun leita eftir samstöðu um að þetta verði að veruleika,“ sagði Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra á ársfundi Landsvirkjunar í gær þar sem hann boðaði vilja til þess að stofnaður verði orkuauðlindasjóður – varasjóður þjóðarinnar sem hugsaður yrði til að jafna út sveiflur í efnahagslífinu. Í sjóðinn renni allur beinn arður af nýtingu orkuauðlinda í eigu ríkisins.

Sú trausta samstaða sem ráðherra kallar eftir um stofnun varasjóðs virðist til staðar ef marka má viðbrögð forsvarsmanna stjórnarandstöðunnar við hugmyndinni – þótt menn skrifi ekki endilega undir að hugmyndin sé ný eða hans.

„Hugmyndin hljómar mjög áhugaverð. Mér heyrist í fljótu bragði að hann byggi þetta á norsku leiðinni sem er skynsamlegt,“ segir Helgi Hrafn Gunnarsson, þingflokksformaður Pírata. „Forgangsröðun á eyðslu peninga kemur oft of snemma, við þurfum fyrst að pæla í hvernig við öflum teknanna og þetta heyrist mér vera liður í því sem er jákvætt.“

Árni Páll Árnason formaður Samfylkingarinnar, segir sjóð sem þennan lengi hafa verið stefnumál Samfylkingarinnar. Mörg verkefni kalli á aukin fjárútlát; sérstaklega innviðauppbygging og styrking velferðarþjónustunnar. „Við höfum alltaf talað fyrir því að það ætti að vera sjóður þar sem auðlindaarður væri sérgreindur og gjaldtaka af auðlindum samræmd,“ segir Árni.

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, segist tilbúin til samstarfs enda hafi hugmyndin verið rædd í tíð síðustu ríkisstjórnar. Það geri hún með þeim fyrirvara að fjármálaráðherra hafi ekki kynnt útfærslur sínar. „Ég myndi vilja horfa á þetta þannig að við værum bara að hugsa auðlindirnar sem eina heild,“ segir Katrín.

„Við værum algjörlega tilbúin til samstarfs. Þetta hljómar eins og góð tónlist í mínum eyrum og það er ánægjuefni að þróunin sé í þessa átt,“ segir Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, og bætir við að helsta gagnrýni á ríkisstjórnina sé að ekki hafi verið lagðar á borðið skynsamlegar áætlanir um hvernig fjárfesta á skipulega í innviðum samfélagsins.

- shá, þea / sjá síðu 8 og Markaðinn

Sutherland framleiðir:

## Úr Boyhood í Benjamín dúfu

**LÍFIÐ** Óskarsverðlaunahafinn Catherine Sutherland verður einn framleiðenda bandarísku endurgerðarinnar á Benjamín dúfu. „Hún las handritið að myndinni og heillaðist gjörsamlega af söguunni, fannst hún raunveruleg og einstaklega hjartnæm,“ segir Erlingur Jack Guðmundsson, einn framleiðendanna.



Til stendur að hefja tökur á myndinni í ágúst, en prufur fyrir helstu hlutverkin eru á lokastigi. Myndin verður tekin upp í Texas.

- asi / sjá síðu 46

Rangar áherslur algengar í fyrirkomulagi um búsetu skilnaðarbarna:

# Vika og vika hentar ekki öllum

**BÖRN** „Það hefur stundum verið meiri áhersla á rétt foreldra en rétt barna við skilnað. Það er mikilvægt að fyrirkomulag um búsetu sé ákveðið út frá þörfum barnsins,“ segir Margrét Bárðardóttir sálfræðingur, sem verður fundarstjóri á málþinginu Börn og skilnaðir, sem haldið verður í Norræna húsinu á fimmtudag.

Margrét bendir á að í dag sé orðið algengt að foreldrar skipti umgengni við barnið, viku og viku. Það sé þó aðferð sem henti alls ekki öllum börnum.

„Það hefur ekki verið nógu mikið inni í umræðunni að taka þurfi tillit til aldurs barnsins þegar búseta er skipulögð,“ segir Margrét.

Hún segir lykilatriði varðandi velferð barna að samskipti foreldra sín á milli og við barnið séu góð eftir skilnað.

- vh / sjá síðu 6



**Mörgum okkar þykir orðið alltof algengt að það sé nánast sjálfkrafa fyrirkomulag vika og vika.**

*Margrét Bárðardóttir, sálfræðingur.*






## VEÐUR




Í dag verður meira og minna það sama uppi á teningunum, áfram bjart og fallegt, en fremur svalt vorveður sunnan- og vestantil, en kalt og ekki sérstaklega vorlegt um að litast fyrir norðan og austan. Hiti breytist lítið.

SJÁ SÍÐU 18

Holugeitungurinn hefur átt mörg erfið ár og líklegt er að hann hverfi alfarið að mati skordýrafræðings:

# Veturinn verið góður fyrir trjágeitunginn

**NÁTTÚRA** Þótt veturinn hafi verið hvimleiður fyrir okkur mannfólkið hefur hann verið ágætur fyrir geitunginn á höfuðborgarsvæðinu og því kemur hann vel undan vetri. Þetta er mat Erlings Ólafssonar, skordýrafræðings hjá Náttúrfræðistofnun. „Veturinn hefur verið með ágætum fyrir þá, góð og langvarandi snjóþekja en litlar sem engar frosthörkur,“ segir Erling. „Þeir fara öllu jöfnu ekki af stað fyrir alvöru fyrr en upp úr miðjum maímánuði.“ Holugeitungurinn og trjágeitungurinn eru einu tegundirnar sem lifa hér á landi. Trjágeitungurinn er dreifður um allt land en holugeitungurinn er bundinn við suðvesturhornið, frá Meðalfelli í Kjós allt austur til Hellu, auk þess sem hans hefur einnig orðið vart norður á Akureyri. „Trjágeitungurinn er harður af sér og lætur bjóða sér ýmislegt,“ segir Erling. „Hins vegar gæti holugeitungurinn átt erfiðara uppdráttar ef seint vorar. Hann hefur átt erfið ár og mig grunar að hann gæti mögulega verið á útleið eins og húsageitungur og roðageitungur sem hurfu fyrir nokkrum árum. Það verður því áhugavert að sjá hvernig tegundinni reiðir af í sumar.“

Holugeitungur fannst fyrst hér á landi í Reykjavík árið 1977. Á einungis áratug hafði hann náð að breiða verulega úr sér og leggja undir sig nánast allt höfuðborgarsvæðið. - sa



**FRIÐARSPILLIR** Mörgum er í nöp við geitunginn. Trjágeitungurinn er harðgert dýr sem lætur bjóða sér margt og því líklegt að hann komi ágætlega undan vetri. MYND/ERLING ÓLAFSSON



**SELJA ÁLFINN** Um fimmtíu nemendur í 9. og 10. bekk í Norðlingaskóla í Reykjavík selja álfinn fyrir SÁÁ og styrkja um leið gott málefni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Um eitt þúsund manns vinna við álfasölu SÁÁ næstu daga:

# Ágóðinn í þágu ungra fíkla

**SAMFÉLAG Hin árlega álfasala SÁÁ hefst í dag og stendur fram á sunnudag. Álfasalan er stærsta fjáröflunarverkefni SÁÁ og hefur frá 1990 skilað samtökunum um 550 milljónum króna í hreinar tekjur. „Salan á álfinum skiptir algjörlega sköpum. SÁÁ reiðir sig mikið á sjálfsaflafé í starfseminni. Ríkið greiðir fyrir 1.530 innlagnir ári en innlagnir hafa farið í 2.200,“ segir Rúnar Freyr Gíslason verkefnisstjóri.**

**Að sögn Rúnars vinna um eitt þúsund manns um land allt við álfasöluna næstu daga, þar á meðal fjölmargir hópar á vegum íþróttafélaga, skóla og ýmissa samtaka sem fá sölulaun.**

**Álfurinn fyrir unga fólkið er slagorð álfasölunnar í ár eins og undanfarin ár. Með því er lögð áhersla á að styðja við og efla meðferðarúrræði fyrir unga fíkla og aðstandendur, þar á meðal börn alkólhólista.** - ibs

Færri til starfa í Noregi:

# Kjör í Svíþjóð hafa batnað

**NOREGUR** Færri sænskir hjúkrunarfræðingar halda nú til Noregs til að vinna en áður. Í fyrra fengu 878 atvinnuleyfi í Noregi eða nær 400 færri en í hittifyrra. Árin 2008 til 2009 voru þeir um 2000.

Mette Langvik, stjórnandi hjá ráðningarskrifstofunni Manpower í Noregi, segir kjör hjúkrunarfræðinga hafa batnað í Svíþjóð. Manpower reynir nú að fá danska hjúkrunarfræðinga til starfa í Noregi, að því er greint er frá á vef Dagens Næringsliv. - ibs

Lét dólgslega á skemmtistað:

# Þrír teknir með fíkniefni

**LÖGREGLUMÁL** Þrjú fíkniefnamál komu upp hjá lögreglunni á Suðurnesjum aðfaranótt þriðjudags. Ökumaður, sem grunaður er um akstur undir áhrifum fíkniefna, var handtekinn og sýnatökur leiddu í ljós neyslu hans á kannabis og amfetamíni. Annar ökumaður var handtekin en viðkomandi reyndist hafa neytt kannabisefna. Þriðji maðurinn var tekinn eftir að hafa hagað sér dólgslega á skemmtistað í bænum. Við öryggisleit fundust á honum fíkniefni. - vh

# Umferð meiri en spár gerðu ráð fyrir

Heildarumferð um Víkurskarð er meiri en spár um umferð um Vaðlaheiðargöng gerðu ráð fyrir. Umferð það sem af er ári er 25 prósentum meiri en á sama tíma í fyrra. Göngin hafa ekki lengst síðan vatn fór að streyma inn í þau að austanverðu.

**SAMGÖNGUR** Umferð um Víkurskarð hefur stóraukist eftir hrun og stefnir í að umferðin verði meiri en spár gerðu ráð fyrir þegar ráðist var í gerð Vaðlaheiðarganga. Umferð það sem af er þessu ári er 25 prósentum meiri en á sama tíma í fyrra.

Á árinu 2014 var umferðin 8,6 prósentum meiri en árið þar á undan. Því er ekkert lát á aukningu umferðar um svæðið. Verði áframhald á þessari miklu aukningu verður slegið nýtt met í umferðarmagni yfir skarðið. „Núgildandi met var sett árið 2010 þegar um 1.250 bílar fóru um skarðið að meðaltali á degi hverjum. Þessi þróun er vel í samræmi við umferðarspá Vegagerðarinnar sem gerð var 2012,“ segir Friðleifur Ingi Brynjarsson, sérfræðingur hjá Vegagerðinni. „Allt eins gæti farið svo að um 470 þúsund bifreiðar fari um Víkurskarðið á þessu ári sem er nokkru meira en spár gerðu ráð fyrir. Líklegasta spá gerði ráð fyrir um 1.230 bifreiðum á dag í ár en þessi umferðaraukning gæti skilað um 1.270 bifreiðum á sólarhring að meðaltali.“

Pálmi Kristinson verkfræðingur vann óháða úttekt á forsendum Vaðlaheiðarganga í lok árs 2011. Þá var hans mat á þá leið að innheimta veggjalda myndi ekki standa undir kostnaði við göngin. Bæði væri heildarkostnaður þeirra háður of mikilli óvissu og spár um umferðarmagn væru of háar. Líklegt er að heildarkostnaður við göngin verði meiri en ráð var fyrir gert í upphafi en spár um umferðarmagn hafa hins vegar ræst og gott betur en það.



**VAÐLAHEIÐARGÖNG** Sú umferðaraukning sem sást á tölum Vegagerðarinnar gæti gefið til kynna að umferð um Vaðlaheiðargöng verði meiri en spár gerðu ráð fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

**UMFERÐ YFIR VÍKURSKARÐ 2008-2015**




Vaðlaheiðargöng, sem nú er verið að vinna að, stytta leiðina frá Akureyri og austur fyrir Vaðlaheiði og munu draga verulega úr umferð um skarðið og umferðin færist nær alfarið í hin nýju göng. Þessi aukning gæti þá styrkt rekstrarforsendur Vaðlaheiðarganga.

Gerð Vaðlaheiðarganga hefur lítið miðað undanfarið eftir að vatn fór að flæða inn í göngin Fnjóskadalsmegin. Enn rennur mikið vatn í göngin eða um 420 lítrar á sekúndu. Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga hf., segir líklegt að menn hefjist ekki handa við að bora fyrr en um miðjan mánuðinn. „Við erum farnir að hefja prufanir á dælum Fnjóskadalsmegin og unnið er að öðrum tilfallandi verkefnum á meðan við getum ekki haldið gangagreftri uppi. Það eru þó störf sem þarf að vinna svo við nýtum tímann vel,“ segir Valgeir. sveinn@frettabladid.is




SGS og Flóa hugnast lítt hækkun launa með lengingu dagvinnutíma:

# Greinir á um ágæti tilboðs SA

**KJARAMÁL** Tilboð Samtaka atvinnulífsins (SA) í yfirstandandi kjaraviðræðum felur í sér 23,5 prósenta hækkun dagvinnulauna á þriggja ára samningstíma, að því er samtökin áréttuðu í tilkynningu í gær.

„Innifalið í þeirri hækkun er átta prósenta sérstök hækkun dagvinnulauna, samhliða auknum sveigjanleika vinnutíma og lækkun yfirvinnuálags,“ segir í tilkynningunni.

„Samkvæmt tilboði SA hækkaði lægsti taxti aðildarfélaga Starfsgreinasambandsins (SGS) um 47 þúsund krónur á mánuði á þremur árum. Meðaldagvinnulaun félagsmanna aðildarfélaga SGS hækkuðu úr 260 þúsund krónum á mánuði í 320 þúsund krónur eða um 60 þúsund krónur og meðaldagvinnulaun fiskvinnslufólks úr 290 þúsund krónum á mánuði í 360 þúsund eða um 70 þúsund krónur.“



**BJÖRN SNÆBJÖRNSSON**



**SIGURÐUR BESSASON**

Þá hafi SA einnig boðið sérstaka hækkun lágmarkstekjutryggingar fyrir fulla dagvinnu sem næði 280 þúsund krónum á mánuði í lok samningstímans.

Í samtali við fréttastofu sagði Björn Snæbjörnsson, formaður SGS, að hugmyndir SA feli í sér að lægsti kauptaxti hækkaði um 28 þúsund krónur á næstu þremur árum.

„Að öðru leyti áttu menn að fá einhver átta prósent með því að lengja dagvinnubilið frá sex á morgnana til sjö á kvöldin og yfirvinnuálagið færi úr 80 prósentum (á dagvinnulaunin) í 50 prósent,“ sagði hann og kvað tilboðið rýrt.

„Við værum kannski tilbúin að skoða hlutina ef þetta væri til eins árs.“

Sigurður Bessason, formaður Eflingar og talsmaður Flóabandalagsins, tók í svipaðan streng. Raunin væri að félögin væru sjálf að leggja til launahækkunina með breytingum á yfirvinnutíma og vaktavinnulági.

„Þannig að ég gat ekki og hef ekki séð það sem lausn í þeirri deilu sem hér er undir,“ sagði hann. - óká, hmp


Í alla sem eru hjá Nova!
0 kr. Nova í Nova
1.000 mínútur
500 SMS/MMS
0 kr. í frelsi
690 kr. í áskrift
Í alla farsíma og heimasíma á Íslandi!
0 kr. Nova í alla!
1.000 mínútur
500 SMS/MMS
2.990 kr. í áskrift
Snjallræði hjá Nova!
Nýr snjallsími og lægri símreikningur.
1.000 kr. notkun eða 500 MB á mán. í 12 mán. fylgir.
1.000 kr. notkun eða 500 MB á mán. í 12 mán. fylgir.
Samsung Galaxy S6 32GB
119.990 kr. stgr.
7.190 kr. /18 mán.
64GB 139.990 kr. stgr.
iPhone 6 16GB
124.990 kr. stgr.
7.590 kr. /18 mán.
64GB 134.990 kr. stgr.
Stærsti skemmtistaður í heimi!
Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald. Nánari upplýsingar á Nova.is.
Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter
NOVA

VERKALÝÐSBARÁTTAN

## NOKKRAR STÆRÐIR TENGDAR VERKFALLSAÐGERÐUM OG KJARABARÁTTU

**70%**

**starfsfólks KEA hótela**

eru í Starfsgreinasambandinu (SGS). Þeim átti mögulega að loka á meðan verkfall gengur yfir.

**2.000**

**fyrirtæki í ferðaþjónustu, matvælaframleiðslu**

og á fleiri sviðum víða um land verða fyrir skakkaföllum vegna verkfalla SGS.



**16**

**félög SGS eru í allsherjar-verkfalli**

í dag og á morgun og má búast við að um tíu þúsund manns leggi niður störf.

**4.000**

**svínum hefur ekki verið slátrað**

vegna verkfalls dýralækna.



**20%**

**hækkun á þremur árum**

hefur verið lögð til í samningaviðræðum af hálfu Samtaka atvinnulífsins (SA). Er mun minna miðað við breytingar á vinnutíma segja verkalýðsfélögin.

## VERKFALLSAÐGERÐIR SEM ERU Í GANGI

**Í dag og á morgun stendur yfir allsherjarvinnustöðvun aðildarfélaga Starfsgreinasambandsins. Félögin sem þar eru undir eru**

- AFL Starfsgreinafélag, Aldan stéttarfélag, Báran stéttarfélag, Drífandi stéttarfélag, Eining-Iðja, Framsýn stéttarfélag, Stéttarfélagið Samstaða, Stéttarfélag Vesturlands, Verkalýðsfélag Akraness, Verkalýðsfélag Grindavíkur, Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur, Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis, Verkalýðsfélag Snæfellinga, Verkalýðsfélag Suðurlands, Verkalýðsfélag Vestfirðinga og Verkalýðsfélag Þórshafnar.
- Aðgerðir félaganna hafa mestanpart áhrif utan höfuðborgarsvæðisins (einhverjar ferðir atvinnubílstjóra út á land falla þó niður). Aðgerðirnar ná hins vegar til bróðurparts landsins að öðru leyti og hafa áhrif á fjölda vinnustaða. Meðal annars verður röskun á póstþjónustu á landsbyggðinni.

**Þá stendur enn ótímabundið verkfall hjá hluta aðildarfélaga Bandalags háskólamanna (BHM). Í dag er 30. dagur í verkfalli fimm þeirra:**

- Félag geislafræðinga – en verkfall þeirra hefur meðal annars áhrif á starfsemi Landspítalans í þá veru að ekki er hægt að framkvæma margvíslegar rannsóknir sem krefjast röntgenmyndatöku.
- Félag lífeindafræðinga – verkfall þeirra hefur sömuleiðis áhrif á framkvæmd rannsókna á Landspítalanum, en lífeindafræðingar starfa á rannsóknastofum sjúkrahúsa og fyrirtækja í erfðagreiningu og lyfjaiðnaði, auk stofnana sem þjóna landbúnaði.
- Félag íslenskra náttúrufræðinga á Landspítala – náttúrufræðingar í heilbrigðisþjónustu koma meðal annars að hlutum sem snerta frumu- og sameindalíffræði, eðlis- og efnafræði, lífeðlis- og lífefnafræði, erfðafræði og líftækni, örveru- og veirufræði, ónæmisfræði, blóðbankafræði, vefjafræði, meinafræði, faraldsfræði, tölfræði og kerfislíffræði.
- Ljósmæðrafélag Íslands á Landspítala (þri., mið. og fim.) – verkfall ljósmæðra raskar starfsemi kvennadeildar, en undanþágur hafa verið veittar, svo sem vegna keisaraskurðaðgerða.
- Stéttarfélag lögfræðinga hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu – verkfallið veldur því að ekki er hægt að ganga frá alls kyns opinberum skiptum, gjaldþrota- eða skiptum dánarbúa, skilnuðum, hjónavígslum og fleiri hlutum.
- Þann 9. apríl hófst ótímabundið verkfall félaga í Ljósmæðrafélagi Íslands á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Þar er verkfall á mánudögum og fimmtudögum. Og eru þær aðgerðir því á **28. degi**.

**Þá hefur verkfall í dag staðið í 17 daga hjá eftirtöldum félögum, en það hófst 20. síðasta mánaðar:**

- Félag íslenskra náttúrufræðinga á Matvælastofnun – verkfallið hefur áhrif á margvíslega starfsemi stofnunarinnar, svo sem vegna eftirlits með plöntuheilbrigði, matvælaöryggi og neytendavernd.
- Stéttarfélag háskólamanna á matvæla- og næringarsviði á Matvælastofnun – verkfall háskólamanna raskar margvíslegu eftirliti og rannsóknum sem unnar eru hjá MAST.
- Dýralæknafélag Íslands – verkfallið hefur stórfelld áhrif á matvælaframleiðslu því uppáskrift dýralækna og eftirlit þarf við hvers konar slátrun og einnig vegna innflutnings dýraafurða. Þá raskast eftirlit sem haft er með heilbrigði og velferð dýra.




- Að auki stendur svo yfir verkfall Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins hjá Fjársýslu ríkisins. Þær aðgerðir hófust 20. apríl og standa til 8. þessa mánaðar. Í byrjun verkfalls var veitt undanþága til þess að hægt yrði að greiða út barnabætur, en viðbúið er að margvíslegar greiðslur aðrar og afgreiðsla hjá Fjársýslunni raskist haldi verkfall áfram.




# VR, LÍV og Flói eru saman í aðgerðum

Fyrstu verkföll VR, LÍV og Flóabandalagsins hefjast 28. maí verði aðgerðir samþykktar í atkvæðagreiðslu félagsmanna. Stefnt er að ótímabundnu allsherjarverkfalli frá og með 6. júní, takist ekki samningar. Ekki dugi það eitt að lýsa yfir góðæri.

Verkfallsaðgerðir VR, aðildarfélaga Landssambands íslenskra verzlunarmanna (LÍV) og Flóabandalagsins (Eflingar, Hlífar og VSFK) hefjast að óbreyttu 28. þessa mánaðar. Í tilkynningu sem félögin sendu frá sér í gær kemur fram að atkvæðagreiðslu um aðgerðirnar eigi að ljúka ekki síðar en 20. maí.

Fram kemur að félögin hafi verið samningslaus í tvo mánuði og enn hilli ekki undir nýjan kjarasamning. Þau vísuðu deilum sínum til ríkissáttasemjara 17. apríl, en viðræður voru árangurslausar og var þeim slitið undir lok apríl. „Á grundvelli 15. greinar laga númer 80 frá 1938 boða félögin nú til atkvæðagreiðslu um verkföll á félagssvæðum sínum.“

Í tilkynningunni, sem Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR, Guðbrandur Einarsson, formaður LÍV, og Sigurður Bessason, formaður Eflingar, skrifa undir, segir að ákvörðun um vinnustöðvun sé ekki auðveld og verkfallsvopninu aldrei beitt nema í ýtrustu neyð.

„En viðbrögð atvinnurekenda gagnvart sanngjörnum kröfum okkar eru slík að við eigum engra annarra kosta völ. Atvinnurekendur hafa ekki sýnt vilja til að koma viðræðum í þann farveg að þær skili árangri. Þær aðgerðir sem við greiðum nú atkvæði um eru þannig eina leið okkar til að knýja á um breytingar.“

Forsvarsmenn félaganna segjast telja að stuðningur við fyrirhugaðar aðgerðir sé víðtækur og almennur meðal félagsmanna. „Markmið okkar er ekki að valda tjóni, heldur leggja áherslu á þær kröfur að jafnræði ríki meðal launafólks í íslensku samfélagi.“ Ekki verði unað við þá stefnu sem ríki og sveitarfélög hafi markað í kjaramálum og valdi auknum ójöfnuði. „Þessi stefna hefur valdið misvægi í kaupmætti hópa launafólks. Við þetta verður ekki unað.“

Farið er fram á leiðréttingu kjara félagsmanna sem lagt hafi sitt af mörkum við gerð síðustu kjarasamninga og sýnt ábyrgð. „Við öxlum hins vegar ekki einir ábyrgð á stöðugleika á vinnumarkaði. Það dugar skammt að lýsa yfir góðæri, ef ávinningar stöðugleika eiga einungis að falla í skaut atvinnurekenda en launafólki verði einungis skammtaðar lágmarkshækkanir,“ segir í bréfi formannanna.

Byrjað verður á vinnustöðvunum í tilteknum atvinnugreinum á félagasvæði VR, LÍV og Flóabandalagsins á tímabilinu 28. maí til og með 5. júní. Frá og með 6. júní hefst svo ótímabundið allsherjarverkfall.

olikr@frettabladid.is



**Á LEIÐ Í LAND** Ljóst er að þjónusta við ferðamenn raskast mikið komi til verkfalla VR, LÍV og Flóabandalagsins. Fyrstu aðgerðir snerta hópbifreiðafyrirtæki, 28. og 29. maí. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### → Vinnustöðvanir VR, LÍV og Flóans

| Hvenær? | Hvað? |
|---|---|
| **28. og 29. maí** | **Hópbifreiðafyrirtæki** frá miðnætti 28. til miðnættis 29. |
| **30. og 31. maí** | **Hótel, gisti- og baðstaðir** frá miðnætti 30. til miðnættis 31. |
| **31. maí og 1. júní** | **Flugafgreiðsla** frá miðnætti 31. til miðnættis 1. |
| **2. og 3. júní** | **Skipafélög og matvöruverslanir** frá miðnætti 2. til miðnættis 3. |
| **4. og 5. júní** | **Olíufélög** frá miðnætti 4. til miðnættis 5. |
| **6. júní** | **Ótímabundið allsherjarverkfall frá miðnætti** |

Reynslusögur almennings af áhrifum verkfallanna hér á landi:

# Verður í lagi næstu 7 til 10 daga

„Það er verið að þíða kjöt fyrir okkur,“ segir Sigurður B. Sigurðsson, eigandi veitingastaðarins Hanans, þar sem á boðstólum er kjúklingakjöt. Sem kunnugt er stöðvaðist öll slátrun í verkfalli dýralækna og því kjötskortur fyrir dyrum.

„En enn þá er þetta í lagi og verður það hugsanlega næstu sjö til tíu daga,“ segir Sigurður, sem segist enn sem komið er ekki hugsa mikið lengra en fram í þann tíma sem hann er búinn að tryggja veitingastað sínum hráefni. „Þetta er eins og hjá öllum hinum, það er bara verið að vinna úr kistunni, en það náttúrlega minnkar í henni.“

Að þeim tíma liðnum segir Sigurður menn verða að leita annarra lausna. „Af því við erum ekki pólitíkusar og ráðum ekki við þetta.“ Þá verði bara að bjóða grænmetisfæði eða eitthvað ámóta til að halda rekstrinum gangandi. „En ég er bjartsýnismaður og trúi ekki öðru en að þeir klári þetta mál á einhvern hátt. Þegar allir eru að skaðast þá hljóta menn að vilja komast niður á einhverja lausn.“ Hann sé hins vegar bara þriðji aðili í launadeilu BHM og ríkisins og fylgist með þróun mála á hliðarlínunni og bregðist við framvindunni.

- óká



SIGURÐUR B. SIGURÐSSON

Fréttablaðið leitar að sögum sem tengjast verkfallsaðgerðum. Láttu okkur endilega vita af skemmtilegum, eða miður skemmtilegum, sögum með því að senda okkur póst á **ritstjorn@frettabladid.is.**



# ÉG ER ÁLFUR

**Kaupum álfinn fyrir unga fólkið**

## Álfasala SÁÁ hefst í dag!

Við hvetjum alla landsmenn til að taka sölufólki okkar vel og styðja við starf SÁÁ í þágu unga fólksins.



## SPURNING DAGSINS



Gunnar Már, var þetta ekki biðskýli?

**„Jú, meira samt í ætt við stoppistöð.“**

Gunnar Már Hauksson komst ekki leiðar sinnar á Selfoss vegna verkfalls vagnstjóra sem aka frá Reykjavík og austur fyrir fjall. Beið hann því heldur lengi í biðskýli í Mjóddinni eftir vagni sem var stopp.

Samband á milli endurtekins sólbruna hjá börnum og þess að greinast síðar á ævinni með sortuæxli:

# Mikilvægt að verja börnin fyrir sólinni

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það er samband á milli endurtekins sólbruna hjá börnum og þess að greinast síðar á ævinni með sortuæxli. Við leggjum þess vegna áherslu á mikilvægi þess að verja börnin. Húð þeirra er þynnri en húð fullorðinna og miklu viðkvæmari,“ segir Guðlaug B. Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Reykjavíkur. Maí er alþjóðlegur árveknimánuður gegn sortuæxlum, að sögn Guðlaugar.

„Íslenska sólin er sterk. Það er talið að börn fái nægilegt D-vítamín séu þau með bert andlit og hendur úti í sól þrisvar í viku, 15 mínútur í senn. Við ættum að forðast að vera úti lengi í einu þegar sólin er hæst á lofti eða gera eitthvað skemmtilegt í skugganum,“ bendir hún á.

Nú greinast árlega 18 karlar og 25 konur með sortuæxli. Meðalaldur við greiningu er 58 ár hjá körlum og 49 ár hjá konum. Dánartíðni hjá 50 ára og eldri hefur tvöfaldast frá 1990 og er hækkunin meiri hjá körlum en konum. Tíðni á lengra gengnum sortuæxlum hefur aukist undanfarna áratugi hjá körlum eldri en 50 ára.

„Karlar koma seinna en konur til læknis til að láta skoða bletti. Þær fylgjast betur með sér,“ segir Guðlaug.

Nýgengi sortuæxla á Íslandi jókst gífurlega hratt á árunum 1990 til 2000 og mest hjá ungu fólki, sérstaklega ungum konum. Skýringar eru helst taldar tengjast óvenjumikilli sólbekkjanotkun á Íslandi og aukinni greiningarvirkni. Nýgengið hefur lækkað aftur. - ibs



GUÐLAUG B. GUÐJÓNSDÓTTIR












**SKILNAÐUR** Það er mikil áfall fyrir alla fjölskyldumeðlimi þegar foreldrar ákveða að skilja. Margrét segir mikilvægt fyrir börnin að samskipti milli foreldra séu góð eftir skilnað. NORDICPHOTOS/GETTY

# Setja rétt barna ofar rétti foreldra þeirra

Viku og viku fyrirkomulag hentar ekki öllum börnum eftir skilnað og síst yngri börnum. Að sögn sálfræðings skipta góð samskipti milli foreldra eftir skilnað mestu máli varðandi líðan og aðlögun barna eftir skilnað.

**FJÖLSKYLDA** „Það hefur stundum verið meiri áhersla á rétt foreldra en rétt barna við skilnað. Það er mikilvægt að fyrirkomulag um búsetu sé ákveðið út frá þörfum barnsins,“ segir Margrét Bárðardóttir sálfræðingur, sem verður fundarstjóri á málþinginu Börn og skilnaðir, sem haldið verður í Norræna húsinu á fimmtudag.

Á málþinginu verður rætt um aðstæður barna við skilnað, öryggi og tengsl, mikilvægi foreldrafærni beggja foreldra, skipta búsetu og fleira sem tengist skilnaði.

Margrét bendir á að í dag sé orðið algengt að foreldrar skipti umgengni við barnið, viku og viku. Það sé þó aðferð sem henti alls ekki öllum börnum. „Það hefur ekki verið nógu mikið inni í umræðunni að taka þurfi tillit til aldurs barnsins þegar búseta er skipulögð í framhaldi af skilnaði. Mörgum okkar þykir orðið alltof algengt að það sé nánast sjálfkrafa fyrirkomulag vika og vika,“ segir Margrét.

„Ef við skoðum rannsóknir um öryggi og tengsl barna þá er mjög mikilvægt að það sé tekið mið af aldri barnsins í þessu fyrirkomulagi. Slíkt fyrirkomulag getur verið í góðu lagi fyrir eldri börn en fyrir yngri börnin er mikilvægt að laga búsetuskiptingu að þroska barnsins og hafa þá frekar styttri heimsóknir hjá öðru foreldrinu. Lítið barn, kannski 1-3 ára, þolir ekki vel viku aðskilnað frá foreldri. Það er mjög mikilvægt að foreldrar komi sér saman um hvers konar fyrirkomulag hentar hverju aldurs- og þroskastigi. Skapgerð barnsins er einnig mikilvæg, tengsl við foreldra fyrir skilnað og svo framvegis.“

Margrét segir það lykilatriði varðandi velferð barna eftir skilnað að samskipti foreldra sín á milli og við barnið séu góð. „Við vitum að allar rannsóknir ber að sama brunni hvað það varðar að góð samskipti eftir skilnað eru það sem skiptir mestu máli varðandi líðan barna og aðlögun ,“ segir hún.



**„Mörgum okkar þykir orðið alltof algengt að það sé nánast sjálfkrafa fyrirkomulag vika og vika.**

*Margrét Bárðardóttir, sálfræðingur.*

„Börn búa líka yfir alveg sérstakri aðlögunarhæfni en rannsóknir segja okkur að börn geti aðlagast skilnaði vel en að það sé algjört lykilatriði að vel sé staðið að skilnaðinum; að breytingar séu hafðar í lágmarki, að hugað sé að góðri foreldrafærni beggja foreldra og að foreldrar geti talað saman eins og manneskjur. Þetta eru mikilvægar breytur þegar skoðað er hvað hefur áhrif á velfarnað barna eftir skilnað.“

Málþingið hefst klukkan 16 á fimmtudag og stendur til 18.45.

viktoria@frettabladid.is

**Boðun til aðalfundar ORF Líftækni hf.**

ORF LÍFTÆKNI

ORF Líftækni hf., kt. 420201-3540, boðar til aðalfundar félagsins 21. maí 2015 kl. 16.30 í fundarsal Vox Club, Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

**Fundarefni:**

1. Setning fundar, skipun fundarstjóra og fundarritara
2. Venjuleg aðalfundarstörf, m.a.
   - Skýrsla stjórnar og kynning á starfsemi félagsins
   - Kynning á reikningum félagsins
   - Samþykkt ársreiknings
   - Meðferð rekstrarhagnaðar/taps
   - Kosning stjórnar og endurskoðanda
   - Greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðanda
3. Kynning framkvæmdastjóra
4. Önnur mál

Kópavogur, 6. maí 2015

*Stjórn ORF Líftækni hf.*

Telja aðgang Króata að íslenskum vinnumarkaði ekki valda verulegri röskun:

# Króatar fá inni á vinnumarkaði

**VINNUMARKAÐUR** Króötum verður heimill aðgangur að íslenskum vinnumarkaði frá og með 1. júlí næstkomandi. Ríkisstjórnin samþykkti á fundi í gær að aflétta takmörkunum þess efnis.

Króatía fékk aðild að Evrópusambandinu árið 2013 en aðildarríkjum ESB sem og EES var heimilt að takmarka aðgengi Króata að vinnumörkuðum sínum tímabundið. Ísland nýtti sér þessa heimild Evrópusambandsins tímabundið og rennur hún út 1. júlí næstkomandi.



EYGLÓ HARÐARDÓTTIR

„Umsóknir Króata um atvinnuleyfi hafa verið fáar og störfum hefur fjölgað hratt á undanförnum misserum,“ segir Eygló. „Forsendan fyrir takmörkun var að aðgengi Króata myndi valda verulegri röskun á íslenskum vinnumarkaði. Að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins taldi ég því ekki forsendur til að takmarka áfram aðgengi þeirra.“

Samkvæmt tölum Hagstofunnar býr 31 króatískur ríkisborgari hér á landi en þeir voru flestir á annað hundrað árið 2007. - sa



Fylgstu með á Facebook – Lindex Iceland
#LindexIceland
Kjóll,
5995,-
LINDEX






**LYKILMENN** Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra og Ragna Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar, slógu á létta strengi á fundinum. Jóhannes Nordal, fyrrverandi stjórnarformaður Landsvirkjunar, sat fundinn og var hylltur fyrir framlag sitt til fyrirtækisins sem stofnað var fyrir 50 árum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vill arð af orkuauðlindinni í varasjóð

Niðurgreiðslu ríkisskulda, sveiflujöfnunartæki í hagsveiflum, framkvæmdasjóð mikilvægra framkvæmda og þjóðþrifaverka sér Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sem hlutverk orkuauðlindasjóðs sem hann vill stofna í breiðri sátt.

**FJÁRMÁL** Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra boðaði á ársfundi Landsvirkjunar í gær vilja sinn til þess að stofnaður verði orkuauðlindasjóður – varasjóður þjóðarinnar sem hugsaður yrði til að jafna út sveiflur í efnahagslífinu. „Ég tel tímabært að við Íslendingar stofnum sérstakan orkuauðlindasjóð, fullveldissjóð okkar Íslendinga sem í myndi renna allur beinn arður af nýtingu orkuauðlindanna.“

Bjarni tengdi hugmyndina beint við þá staðreynd að Landsvirkjun telur fyrirsjáanlegt innan fárra ára að arðgreiðslur fyrirtækisins tí- eða jafnvel tuttugufaldist á við það sem fyrirtækið skilaði eiganda sínum í arð eftir síðasta ár – eða 1,5 milljörðum króna. Eftir fundinn skýrði Bjarni frekar hugmynd sína um að RARIK og Orkubú Vestfjarða féllu inn í þessa mynd enda arðgreiðslugeta þar fyrir hendi eins og hjá Landsvirkjun.

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, tíundaði á fundinum þá möguleika sem greina má við sjónarrönd en hann talaði á eftir Bjarna. Hann tók vel í hugmynd fjármálaráðherra um sjóðinn og taldi eðlilegt að gera slíkt strax, þrátt fyrir að læra megi af reynslu Norðmanna sem greiddu ekki krónu inn á sinn vel þekkta olíusjóð sjö fyrstu árin eftir að hann var stofnaður.

Bjarni sagði að með því að leggja arðgreiðslur Landsvirkjunar inn í sérstakan sjóð væri kominn vísir að sérstökum stöðugleikasjóði, varasjóði sem gripið yrði til ef jafna þyrfti út djúpar sveiflur í hagkerfinu. Um mikið þolinmæðisverk væri að ræða en tímabært að taka slíka ákvörðun í breiðri sátt. „Til að byrja með kæmi til greina að orkuauðlindasjóðurinn væri gegnumstreymissjóður, nýttur til að greiða niður skuldir ríkisins og styðja við fjármögnun mikilvægra innviða á borð við framkvæmdir Landspítalans eða uppbygginguí menntakerfinu,“ sagði Bjarni en bætti við að slík verkefni yrði að afmarka með skýrum hætti, bæði með tilliti til umfangs og tíma.

„Meginhugsunin með slíkum sjóði væri sú, eins og áður segir, að byggja upp myndarlegan höfuðstól, varasjóð okkar, og styrkja þannig efnahagslega stöðu landsins enn frekar. Sjóðurinn getur verið mikilvægt hagstjórnartæki þar sem tryggt væri að við legðum til hliðar í uppsveiflu en sjóðurinn væri til staðar til að blása lífi í hagkerfið í niðursveiflu.“

Bjarni sagði að jafnan yrði aðeins hluti ávöxtunar sjóðsins til ráðstöfunar til þjóðþrifaverka; fjárfestingar í innviðum, rannsókna, þróun og menntun. Þá myndi sjóður sem fjárfestir erlendis styðja við gengi krónunnar.

svavar@frettabladid.is

> „Til að byrja með kæmi til greina að orkuauðlindasjóðurinn væri gegnumstreymissjóður, nýttur til að greiða niður skuldir ríkisins og styðja við fjármögnun mikilvægra innviða á borð við framkvæmdir Landspítalans eða uppbyggingu í menntakerfinu.
>
> *Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra.*

## STJÓRNARANDSTAÐAN TEKUR VEL Í HUGMYND FJÁRMÁLARÁÐHERRA

### Helgi Hrafn Gunnarsson



„Hugmyndin hljómar mjög áhugaverð. Það er eitt af grunngildum Pírata að dæma hugmyndir ekki eftir því hver ber þær á borð og ég væri til í að heyra meira um þessar hugmyndir,“ sagði Helgi Hrafn Gunnarsson, þingflokksformaður Pírata. Aukinheldur sagði Helgi mjög mikilvægt að skoða vel allar hugmyndir um hvernig megi verja tekjum af auðlindanýtingu og það beri að gera með þá staðreynd í huga að þetta séu peningar þjóðarinnar.

### Guðmundur Steingrímsson



„Ég tel stofnun svona sjóðs skynsamlega, sérstaklega ef arðurinn er nýttur til dæmis til fjárfestinga í innviðum og niðurgreiðslu skulda,“ sagði Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar.

„Mér líst bara vel á þessar hugmyndir. Við höfum talað mjög í þessum anda í Bjartri framtíð,“ bætti Guðmundur við, sem finnst mikilvægt að auka arðinn af þeim auðlindum sem við höfum og segist sáttur við stefnu Landsvirkjunar í þeim efnum.

### Katrín Jakobsdóttir



„Ég myndi segja að ég horfi á þetta með jákvæðum hug og er reiðubúin til samstarfs. Þó með þeim fyrirvara að Bjarni hefur ekki boðað neina útfærslu á hugmyndinni,“ sagði Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna.

Katrín sagði þær hugmyndir sem fjármálaráðherra varpaði fram um að nýta sjóðinn í mikilvæga innviði í takt við sínar hugmyndir og þær hugmyndir sem hafa verið ríkjandi þegar málið hefur áður verið rætt á þingi.

### Árni Páll Árnason



„Ég fagna nýjum liðsmönnum ef í þessu felst raunveruleg viðhorfsbreyting ríkisstjórnarinnar, það væri auðvitað mikill viðsnúningur en ánægjulegt engu að síður,“ sagði Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar.

Hann segir enn fremur að stefna flokksins hafi lengi verið sú að koma ætti upp auðlindasjóði þar sem gjaldtaka af auðlindum væri samræmd. Árni segir fjöldamörg verkefni kalla á aukin fjárútlát og hægt væri að nota sjóðinn í þau. - þea

# SÍMASKRÁIN 2015 ER KOMIN ÚT




## Hér sækir þú þitt eintak

**Höfuðborgarsvæðið**

- Á afgreiðslustöðvum Póstsins
- Í verslunum Nettó
- Í verslunum Símans, Tals og Vodafone
- Á skrifstofu Já, Álfheimum 74, Glæsibæ og Stórhöfða 33

**Landsbyggðin**

- Á afgreiðslustöðvum Póstsins
- Í verslunum Nettó á Akureyri, Egilsstöðum, Borgarnesi og Selfossi
- Í verslunum Símans, Vodafone og Tals á Akureyri
- Á skrifstofu Já, Iðavöllum 12a, Reykjanesbæ

Hægt er að skila Símaskránni til endurvinnslu á endurvinnslustöðvum, í grenndargáma eða í bláu tunnuna.

## Langar þig að læra táknmál?

**Félag heyrnarlausra 55 ára**

Símaskráin í ár inniheldur fræðsluefni frá Félagi heyrnarlausra í tilefni af 55 ára afmæli félagsins. Inni í skránni er að finna helstu tákn í táknmáli ásamt ýmsum öðrum fróðleik um táknmál.

FÉLAG HEYRNARLAUSRA

já

801 Selfoss
Hallkelshólar


119,0 m² sumarhús
Land Hallkelshóla í Grímsnes og Grafningshreppi
Innst í botnlanga
Um 70 km frá Reykjavík
Tveir sólpallar / Eigin borhola
Verð: 22,9 millj.

Nánari upplýsingar veitir
Jórunn Skúladóttir, Sölufulltrúi
jorunn@miklaborg.is sími: 845 8958

Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali
FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -



Til hvers að flækja hlutina? 365
SJÁLFKRAFA
Í BESTA ÞREP!
365.is | Sími 1817


# Segir vígamönnum ISIS til syndanna

Jürgen Todenhöfer hefur birt opið bréf til leiðtoga hins svokallaða „Íslamska ríkis“, sem hann segir að ætti að heita „And-íslamska ríkið“. Todenhöfer hefur oft ferðast til átakasvæða í Mið-Austurlöndum og heimsótti vígasveitir ISIS á síðasta ári.

**ÞÝSKALAND** Þýski blaðamaðurinn Jürgen Todenhöfer, sem kominn er yfir sjötugt, dvaldi á síðasta ári hjá vígamönnum „Íslamska ríkisins“ í Sýrlandi og Írak, samtals í tíu daga og varð fyrsti vestræni blaðamaðurinn sem slapp þaðan heill á húfi.

Um helgina birti hann á vefsíðu sinni opið bréf til Abu Bakr al Bagdadí, leiðtoga samtakanna, en sá er nú sagður alvarlega særður eftir loftárás í síðasta mánuði.

Todenhöfer þakkar Bagdadí kærlega fyrir að hafa tekið vel á móti sér og staðið í einu og öllu við loforð um að sér yrði ekki gert mein. Niðurstaða sín eftir þessa tíu daga heimsókn sé síðan sú að flestar gerðir Íslamska ríkisins séu andstæðar íslamstrú: „Þú ættir að gefa ríki þínu nýtt nafn og kalla það And-íslamska ríkið,“ segir Todenhöfer. Hann segir síðan að Bagdadí sjálfur sé alger andstæða Múhameðs spámanns: „Múhameð var miskunnsamur, þér eruð miskunnarlaus. Múhameð var framsýnn byltingarmaður, þér eruð afturhaldssamur fortíðarsinni.“

Todenhöfer vitnar óspart í Kóraninn, sem hann segist hafa lesið oft sér til ánægju þrátt fyrir að vera kristinnar trúar.



**ABU BAKR AL BAGDADÍ** Leiðtogi „Íslamska ríkisins“, sem nú er sagður liggja alvarlega sár eftir loftárás í síðasta mánuði. NORDICPHOTOS/AFP

Hann segir að Bagdadí brjóti nánast öll boðorð Kóransins, ekki síst þetta: „Ef maður drepur mann, þá er það eins og hann hafi drepið allt mannkyn. En ef hann bjargar mannslífi, þá er eins og hann hafi bjargað öllu mannkyninu,“ og beinir síðan máli sínu beint að Bagdadí: „Þú hefur aldrei bjargað mannslífi. Alltaf bara drepið án allrar miskunnar. Þú skaðar þar með allan hinn íslamska heim. Þú ert núna versti óvinur íslams.“



**JÜRGEN TODENHÖFER**

Todenhöfer hefur oft ferðast til átakasvæða í Mið-Austurlöndum og skrifað um það nokkrar bækur.

Í gær birti Todenhöfer síðan áskorun til Vesturlandabúa, sem haldið hafa til Írans eða Íraks að berjast með „Íslamska ríkinu“.

„Enginn gleðst meira yfir ódæðum ykkar en óvinir íslams. Stundum gæti maður haldið að þið væruð uppfinning þeirra,“ segir í áskoruninni.

gudsteinn@frettabladid.is




FYRIRTÆKJALAUSNIR


Net, borðsími, farsími og Office 365 frá 12.100 kr. á mánuði.
Fyrirtækjapakki Símans inniheldur Internet, borðsíma- og farsímaþjónustu, ásamt Office 365 skýþjónustu sem tryggir nýjustu útgáfur af forritum og aðgang að vinnuskjölum hvar sem er. Fullkomin yfirsýn og fyrirsjáanlegur rekstrakostnaður með föstu mánaðargjaldi. Hafðu samband í síma 800 4000 eða á 8004000@siminn.is.
Þú getur meira með Fyrirtækjalausnum Símans







# VELKOMIN Í HÁSKÓLA ÍSLANDS





„Menntun og rannsóknir í Háskóla Íslands tryggja að framþróun verði í íslensku samfélagi.“

*Þóra Björg Sigurðardóttir, guðfræði*





## YFIR 400 SPENNANDI NÁMSLEIÐIR Í BOÐI Í HÁSKÓLA Í FREMSTU RÖÐ

Fjölbreytt félagslíf, sveigjanlegt nám og góð þjónusta.

Fyrsta flokks kennsla í alþjóðlegum háskóla og einstakir möguleikar í skiptinámi.

Öflug tengsl við atvinnulíf og víðtæk áhersla á þátttöku nemenda í rannsóknum.

**Umsóknarfrestur um grunnnám er til 5. júní.**

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE

HÁSKÓLI ÍSLANDS

www.hi.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 141245

Góð hugmynd fær fínar undirtektir:

# Ekki er eftir neinu að bíða

Landsvirkjun hefur á síðustu fimm árum greitt niður lán um 82 milljarða króna um leið og fjárfest hefur verið fyrir 68 milljarða, að því er fram kemur í viðtali við Hörð Arnarson, forstjóra fyrirtækisins, í Markaðnum sem fylgir Fréttablaðinu í dag. Hann segir fyrirtækið stöðugt vera að styrkja sig. Eftir tvö til þrjú ár verði það komið í þá stöðu að geta borgað eiganda sínum, ríkinu, verulegan arð, sem innan fárra ára þaðan í frá gæti verið kominn upp í 10 til 20 milljarða króna á ári. Og jafnvel meira, eftir því hvernig raforkuverð þróist.



Óli Kristján Ármannsson

olikr@frettabladid.is

Í gær fór fram ársfundur Landsvirkjunar, sem nú er á fimmtugasta aldursári, og komin á þann aldur að fara að uppskera árangur uppbyggingar undangenginna áratuga. Augljóst ætti að vera hverjum sem er hvílík flónska væri að selja frá sér eign sem fyrirséð er að skili þjóðinni jafn miklum arði. Verðmiðinn í slíkum samningum hlyti þá að vera svo ógnarhár að spurningar vöknuðu um hvort yfirhöfuð væri gott að fá slíka innspýtingu í einu lagi inn í ríkisreksturinn.

Enda virðast orð Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra á ársfundinum í gær endurspegla að hugmyndir um sölu fyrirtækisins hafi verið lagðar á hilluna. Viðraði hann hugmyndina um að stofnaður yrði sérstakur auðlindasjóður, varasjóður gegn alvarlegum hagsveiflum, sem í rynnu arðgreiðslur til ríkisins frá orkugeiranum. Hugmyndin virðist skynsamleg, sem og útfærslan sem ráðherrann leggur upp með.

„Til að byrja með kæmi til greina að orkuauðlindasjóðurinn væri gegnumstreymissjóður, nýttur til að greiða niður skuldir ríkisins og styðja við fjármögnun mikilvægra innviða á borð við framkvæmdir Landspítalans eða uppbyggingu í menntakerfinu,“ sagði Bjarni á fundinum, en meginhugsunin yrði eftir sem áður að byggja upp myndarlegan höfuðstól og styrkja þannig efnahagslega stöðu landsins. „Sjóðurinn getur verið mikilvægt hagstjórnartæki þar sem tryggt væri að við legðum til hliðar í uppsveiflu en sjóðurinn væri til staðar til að blása lífi í hagkerfið í niðursveiflu.“

Um leið benti Bjarni réttilega á að víðtæka samstöðu þyrfti um stofnun auðlindasjóðsins og ef marka má viðbrögð forystufólks annarra flokka á þingi í forsíðufrétt blaðsins þá er sú samstaða til staðar, enda hafa svipaðar hugmyndir áður verið uppi. Reyndar hafa þær þá jafnvel verið um víðtækari sjóð en nái til orkuauðlindanna einna, líkt og í þeirri útfærslu sem Ólína Þorvarðardóttir hafði orð á á þingi í janúarlok. Hún stakk upp á því að sjóðurinn næði til auðlinda bæði lands og sjávar, sem hljómar jafnvel enn skynsamlegar.

Formaður Samfylkingarinnar segir sjóð sem þennan enda lengi hafa verið stefnumál Samfylkingarinnar og formaður VG tekur vel í málið, en helst þannig að undir væru auðlindirnar sem ein heild. Píratar og Björt framtíð eru sömuleiðis ánægð með hugmyndina. Útfærslan skýrist væntanlega í meðförum þingsins. En miðað við undirtektirnar er ekki eftir neinu að bíða.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Óðinsgata 4 - 3ja herbergja íbúð.**

**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45**




Falleg og vel skipulögð 82,4 fm. íbúð á 3. hæð að meðtalinni sér geymslu á frábærum stað við Óðinsgötu. Útsýnis nýtur frá íbúðinni yfir borgina, að Snæfellsjökli og víðar. Baðherbergi er nýlega endurnýjað og með þvottaaðstöðu. Tvö rúmgóð herbergi. Húsið að utan er nýlega málað og í góðu ástandi. **Verð 34,9 millj. Verið velkomin.**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Köld kveðja

Hún var fremur köld kveðjan sem Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, fékk frá einum virtasta rithöfundi þjóðarinnar, Jóni Kalman Stefánssyni, í grein sem hann skrifaði á Kjarnann í gær, á 15 ára afmælisdegi Samfylkingarinnar. Jón leggur þar til að Vinstri grænir, Björt framtíð og Samfylkingin renni saman í breiðfylkingu undir stjórn Katrínar Jakobsdóttur, formanns VG. „Við getum annaðhvort haldið uppteknum hætti, gengið sundruð til næstu kosninga og þannig tryggt áframhaldandi misskiptingu. Eða fylkt okkur á bak við þann eina stjórnmálamann sem hefur getu og vinsældir til að leiða breiðfylkingu í anda R-listans: Katrínu Jakobsdóttur,“ skrifar Jón.



### Sammála

Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, ræddi frumvarp fjármálaráðherra um að leggja niður Bankasýsluna undir liðnum störf þingsins á Alþingi í gær. Hann vildi inna Frosta Sigurjónsson, þingmann Framsóknar, um afstöðu hans og þingflokks Framsóknar til frumvarpsins, sem ályktaði á flokksþingi sínu að ekki ætti að leggja niður Bankasýsluna og að Landsbankinn verði áfram í eigu ríkisins. Össur er ósáttur við frumvarpið og sagði þá Frosta hafa verið sammála um það í desember. „Þá virtumst við vera sammála því viðhorfi sem ég hef hér lýst og hv. þingmaður lýsti því í viðtali við ríkissjónvarpið 11. desember að hann teldi að stofnunin ætti að vera til áfram,“ sagði Össur.



### Spennan magnast

Frosti svaraði engu um sína eigin afstöðu. Hann sagði hins vegar flokksþing Framsóknar vissulega hafa ályktað um að betur færi á því að Bankasýslan annist meðferð eignarhlutar ríkisins í fjármálafyrirtækjum en ekki fjármálaráðherra, „meðal annars til að tryggja armslengdarsjónarmið“. „Þingflokkur Framsóknarflokksins leggst ekki gegn því að svona frumvarp fái þinglega meðferð og þá umræðu sem eðlileg er. Þingflokkurinn leggst ekki gegn því að frumvarpið sé rætt en þingmenn geta haft ýmsa fyrirvara við efni þess,“ sagði Frosti. Það verður spennandi að sjá hvort Framsókn muni hindra að frumvarp fjármálaráðherra samstarfsflokks þeirra nái fram að ganga.

fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR



# Álfar eru algjörar dúllur

SAMFÉLAG



**Birgitta Jónsdóttir**
pírati

Ég á marga vini og nána ættingja sem hafa glímt við alvarlega og oft króníska sjúkdóma, en alkóhólismi er sá sjúkdómur sem svo margir þeirra hafa glímt við. Enda er oft sagt að þetta sé fjölskyldusjúkdómur sem getur gengið í erfðir og hefur jafnframt mjög mikil áhrif á aðra fjölskyldumeðlimi.

Ég á ættingja sem hafa verið við dauðans dyr og jafnvel dáið vegna þessa sjúkdóms. Ég hef líka fengið að sjá bata margra vina og vandamanna, séð og upplifað hvernig þeir fengu rétta sjúkdómsgreiningu og hafa blómstrað allar götur síðan í sinni edrúmennsku. Á þeirri vegferð hefur SÁÁ spilað stórt hlutverk. Ég er óendanlega þakklát fyrir að búa í landi þar sem boðið er upp á slíka þjónustu og SÁÁ býður upp á, óháð efnahag og stöðu. Ég hef nefnilega líka búið víða um heim og verð að segja að sú mikla vinna sem hér hefur átt sér stað að frumkvæði SÁÁ til að fjarlægja skömmina sem oft fylgdi þessum sjúkdómi og búa hér til faglega nálgun er einstök og afar mikilvæg í litla þorpinu sem við búum við hérlendis. Vogur hefur eins og svo margar aðrar heilbrigðisstofnanir liðið fyrir fjárskort vegna fjármálahrunsins

**➜ Ég hef nefnilega líka búið víða um heim og verð að segja að sú mikla vinna sem hér hefur átt sér stað að frumkvæði SÁÁ til að fjarlægja skömmina sem oft fylgdi þessum sjúkdómi og búa hér til faglega nálgun er einstök og afar mikilvæg í litla þorpinu sem við búum við hérlendis.**

og ljóst er að það skortir mikið á til að hægt sé að veita öllum þá nauðsynlegu þjónustu sem þörf er á, biðlistarnir tala sínu máli.

Ég fæ mér alltaf nokkra álfa, bæði vegna þess að þeir eru algerar dúllur og við kaup á álfum styð ég við mikilvægt innra starf og þjónustu við þá sem leita aðstoðar hjá SÁÁ. Á vef SÁÁ kemur fram að tekjur af álfasölunni hafi til dæmis kostað uppbyggingu unglingadeildar við sjúkrahúsið Vog, starfsemi fjölskyldumeðferðar og einnig hafa tekjur af álfinum gert SÁÁ kleift að þróa úrræði fyrir börn alkóhólista, unga fíkla og fjölskyldur.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Kúvending í fiskveiðistjórn?

SJÁVARÚTVEGUR



Skúli Magnússon
lögfræðingur

**➜ Makrílfrumvarp sjávarútvegsráðherra verður ekki skilið á aðra leið en að úthlutun kvóta í makríl eigi ekki að lúta þeim almenna fyrirvara íslenskrar fiskveiðistjórnarlöggjafar sem áður ræðir.**

Samkvæmt svonefndu makrílfrumvarpi sjávarútvegsráðherra er gert ráð fyrir því að úthlutað verði veiðiheimildum (kvótum) í makríl, til veiða innan og utan efnahagslögsögunnar, að meginstefnu á grundvelli aflareynslu á almanaksárunum 2011-2014. Þótt sú ákvörðun að miða úthlutun kvóta við aflareynslu sé vafalaust umdeild, getur hún vart komið á óvart í ljósi sögu íslenskrar fiskveiðistjórnar og meginreglna gildandi laga. Öðru máli gegnir um þá ráðagerð frumvarpsins að úthluta veiðiheimildum með því fororði að „óheimilt sé að fella þær úr gildi, að hluta eða öllu leyti, með minna en sex ára fyrirvara“. Þótt úthlutun kvóta í makríl eigi í orði kveðnu að vera „tímabundin“ gerir frumvarpið ráð fyrir því að veiðiheimildir haldist óbreyttar nema til komi uppsögn í formi lagabreytingar sem tekur gildi sex árum síðar.

**„Úthlutun samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt“**

Með setningu ótímabundinna laga um fiskveiðistjórn árið 1990 urðu veiðiheimildir útgerðarmanna varanlegar í þeim skilningi að þeim var ekki lengur markaður sérstakur gildistími. Hins vegar lá skýrt fyrir að þessi réttindi voru fengin útgerðarmönnum með þeim fyrirvara að úthlutun samkvæmt lögunum myndaði ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði þeirra yfir veiðiheimildum (sbr. nú 3. málslið 1. gr. laga 116/2006 um fiskveiðistjórn). Með lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan fiskveiðilögsögu Íslands voru meginreglur kvótakerfisins rýmkaðar til veiða utan efnahagslögsögunnar en jafnframt áréttað að úthlutun kvóta vegna þessara veiða myndaði ekki eignarrétt frekar en gerðist innan lögsögunnar.

Makrílfrumvarp sjávarútvegsráðherra verður ekki skilið á aðra leið en að úthlutun kvóta í makríl eigi ekki að lúta þeim almenna fyrirvara íslenskrar fiskveiðistjórnarlöggjafar sem áður ræðir. Frá lagalegu sjónarmiði fer þannig vart á milli mála að tryggja á útgerðum „ákveðinn fyrirsjáanleika“ (eins og það er orðað) með því að stofna til réttinda sem njóta verndar eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar. Hér er því um að ræða róttæka stefnubreytingu um grundvallaratriði íslenskrar fiskveiðistjórnar.

**Hversu mikil vernd í raun?**

Frá stjórnskipulegu sjónarmiði verður heimild löggjafans til þess að setja lög, breyta lögum og afnema þau ekki af honum tekin með almennum lögum. Stofnun eignarréttinda, svo sem frumvarpið gerir ráð fyrir, þýðir því fyrst og fremst að umtalsverðar skerðingar á veiðiheimildum geta haft bótaskyldu í för með sér – ekki að breytingar séu útilokaðar. Ákvörðun bóta á grundvelli eignarréttarákvæðis stjórnarskrár er síður en svo einfalt mál, ekki síst ef staðan er sú að réttindi hafa ekki verið alfarið tekin af mönnum og þeir geta að meginstefnu haldið áfram starfsemi sinni. Einnig fer ekki á milli mála að ýmsar minniháttar skerðingar á veiðiheimildum eru heimilar hvað sem líður eignarréttarvernd. Auk þess yrði heimilt að skattleggja veiðiheimildir líkt og önnur eignarréttindi. Það er því býsna óljóst, og reyndar alfarið óútskýrt, hvaða raunverulegu vernd það er talið hafa í för með sér að „óheimilt sé að fella veiðiheimildir úr gildi“ með lögum. Rétt er að rifja upp að þrátt fyrir rúmar heimildir hefur ekki verið haggað við grundvallaratriðum kvótakerfisins á undanförnum áratugum. Einnig af þessari ástæðu er fullt tilefni til þess að spyrja hvaða væntingar menn hafi til inntaks aukinnar eignarréttarverndar og „fyrirsjáanleika“ á þessu sviði og þá hvort þessar væntingar séu fyllilega raunhæfar.

**Gegn stefnumótun í auðlindamálum?**

Þær hugmyndir sem fram hafa komið um grunnskipun auðlindamála á síðustu áratugum hafa gert ráð fyrir því að hvers kyns úthlutun nýtingarheimilda til einkaaðila, t.d. úthlutun kvóta í fiskveiðum, eigi ekki að skapa þeim eignarrétt (sjá nú síðast áfangaskýrslu stjórnarskrárnefndar, júní 2014). Samkvæmt þessum hugmyndum verða handhafar kvótans að sætta sig við að fiskveiðistjórn snertir samfélagið allt – auðlindin er ótvíræð „þjóðareign“ í þessum skilningi – og hlýtur að vera meðal þess sem tekist er á um og ráðið er til lykta með lýðræðislegum hætti. Af þessu leiða hins vegar óhjákvæmilega ákveðnar takmarkanir á varanleika og fyrirsjáanleika nýtingarheimilda. Rekstraröryggi verður því að ná með samfélagslegri sátt sem getur orðið grunnur að pólitískum stöðugleika og varanlegum friði um fiskveiðistjórn. Það getur vart talist heppilegt skref í átt að fyrirsjáanleika á slíkum grunni að gera tilraun til þess að klappa kvótann í berg með illa undirbúnum lagakrókum, svo sem ætlunin virðist vera með makrílfrumvarpi sjávarútvegsráðherra.

## AF NETINU

### Uppnefndur pilsfaldur



Nýjasta newspeak bófaflokkanna í ríkisstjórn er „fyrirsjáanleiki“, sem áður hét pilsfaldur ríkisins eða pilsfaldakapítalismi. Það er sú séríslenzka andúð á frjálsum markaði, sem lýsir sér í, að ríkið skuli tryggja gróðafíklum gróðann. Sigurður Ingi Jóhannsson ráðherra segir, að fyrirsjáanleiki sé nauðsynlegur í því, sem áður hét kvótasetning. Núna heitir hún „hlutdeildarsetning“, samkvæmt newspeak.

Kvótagreifarnir, sem kosta og eiga bófana og bófaflokkana tvo, hafa lengi hatað frjálsan markað meira en nokkurt annað fyrirbæri. Til þess að leyna sínum sósíalisma andskotans tala bófarnir newspeak á borð við fyrirsjáanleika.

http://www.jonas.is

*Jónas Kristjánsson*



FLUTTIR
KLETTHÁLS NÝR SÝNINGASALUR
Velkomin í einn stærsta sýningarsal notaðra bíla á landinu að Klethálsi 13.
Enn betri þjónusta í enn betra umhverfi.
HEKLA notaðir bílar.
HEKLA NOTAÐIR BÍLAR
Kletthháls 13 · HeklaNotadirBilar.is · 590 5040
Das Auto. Audi ŠKODA MITSUBISHI MOTORS

# OPEN BY NIGHT

## Opið í dag

# 10-22

# 20% afsláttur*

af öllum vörum í verslun - aðeins í dag 6. maí

Panama stóll
Nú 11.920 kr.



Panama-stóll

*Plaststóll með grind úr málmi. 14.900 kr. Nú 11.920 kr.*

Nú 1.436 kr.




Summer-bali

*Bali með texta. Ýmsir litir. 1.795 kr. Nú 1.436 kr.*

Nú 11.920 kr.



Cultiva-blómatröppur

*Blómatröppur. 3 þrep. 14.900 kr. 11.920 kr.*

Nú 19.920 kr.



Copenhagen-stóll

*Stóll með hvítri eða svartri setu. Fætur úr gúmmítré. 24.900 kr. Nú 19.920 kr.*

Nú 13.520 kr.



Summer-eldstæði

*Eldstæði. Ø 75 cm 16.900 kr. Nú 13.520 kr.*

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

* afsláttur gildir af öllum vörum nema áður lækkuðum vörum eða merktum "Everyday Low Price"

Nú 9.900 kr.



Vienna havestol-stóll

*Staflanlegur stóll með grárri setu. 12.900 kr. Nú 9.900 kr.*

Nú 79.920 kr.



Summer-garðsett

*Garðsett, sófi, tveir stólar og borð með glerplötu. 99.900 kr. Nú 79.920 kr.*

Nú frá 14.320 kr.



Heimdal-sófaborð

*Steypt borðplata og fætur úr eik. 40 cm. 17.900 kr. Nú 14.320 kr. 50 cm. 24.900 kr. Nú 19.920 kr. 60 cm. 34.900 kr. Nú 27.920 kr.*

# Frí heimsending um allt land

ef verslað er fyrir 45.000 eða meira og greitt í dag

**sendum um allt land**

Nú 19.920 kr.



Click-stóll

*Stóll með plastrimlum og viðar armhvílum. 24.900 kr. Nú 19.920 kr.*

Nú frá 1.436 kr.



Erin-blómapottur

*Blómapottur. 13 x 13 cm. 1.795 kr. Nú 1.436 kr. 16 x 16 cm. 2.295 kr. Nú 1.836 kr. 20 x 20 cm. 3.495 kr. Nú 2.796 kr.*

Nú 2.396 kr.



Square-sessa

*Sessa í þremur mismunandi litum. 40 x 40 x 5 cm. 2.995 kr. Nú 2.396 kr.*

# Dagskrá

Lukkuhjól fyrir þá sem versla

Grillaðar pylsur, gos/svali milli kl. 16-20

Bylgjan verður á staðnum og gefur glaðning milli kl. 15:30-18:30

Nú frá 2.796 kr.



Summer-karfa

*Rustic vírkarfa. 46 x 27 cm. 3.495 kr. Nú 2.796 kr. 46 x 45,5 cm. 4.995 kr. Nú 3.996 kr. 51 x 29 cm. 4.495 kr. Nú 3.596 kr.*

Nú 7.920 kr.



Summer-sólhlíf

*Þriggja metra sólhlíf. Ýmsir litir. 9.900 kr. Nú 7.920 kr.*

Nýr 44 síðna bæklingur www.ILVA.is




Nú 11.920 kr.



Saga-sólstóll

*Stillanlegur sólstóll. 14.900 kr. Nú 11.920 kr.*

# Mannréttindastefna Kópavogsbæjar kynnt

**Jafnréttis- og mannréttindaráð Kópavogsbæjar fagnar fjörutíu ára afmæli og af því tilefni er haldið afmælismálþing í dag. Kynnt verður ný stefna ráðsins sem fjallar auk jafnréttis um mannréttindi. Kópavogsbær er annað sveitarfélagið á landinu til að móta slíka stefnu.**

Það eru fjörutíu ár síðan Kópavogur stofnaði fyrstu jafnréttisnefndina en bærinn var fyrstur til að stofna slíka nefnd,“ segir Ragnheiður Bóasdóttir, formaður jafnréttis- og mannréttindaráðs Kópavogs, sem mun kynna nýja stefnu á málþinginu.

„Árið 2011 var ákveðið að breyta nafninu og bæta við mannréttindum. Þannig að stefnan sem verður kynnt í dag er fyrsta stefnan í Kópavogi með þeim vinkli líka en þetta er fjórða jafnréttisstefnan sem sett er frá upphafi.“

Ragnheiður segir að þar sem mannréttindi séu einnig orðin viðfang ráðsins sé stefnan eðlilega með breyttu sniði.

„Við erum annað bæjarfélagið til að setja stefnu í mannréttindamálum en aðeins Reykjavíkurborg hefur slíka stefnu. Við litum til þeirrar stefnu þegar við vorum að smíða okkar.“

Nokkur meginatriði stefnunnar eru að fylgja jafnréttislögum um hlutfall í stjórnum og nefndum bæjarins. Einnig að fylgjast með launajafnrétti og kyngreina upplýsingar sem aflað er og settar eru fram.

„Það sem bætist við með mannréttindavinklinum er að við tilgreinum fleiri hópa en konur og karla. Fatlað fólk, aldraðir og innflytjendur bætast við ásamt öðrum hópum. Við erum í raun að horfa 360 gráður í kringum okkur og það er heilmikið og vandasamt verk. Við munum þó leggja áherslu á að gera framkvæmdaáætlanir samkvæmt stefnunni í góðu samráði og samtali við þá sem þjónustunnar eiga að njóta.“

erlabjorg@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Það sem bætist við með mannréttindavinklinum er að við tilgreinum fleiri hópa en konur og karla. Fatlað fólk, aldraðir og innflytjendur bætast við ásamt öðrum hópum.**

*Ragnheiður Bóasdóttir, formaður jafnréttis- og mannréttindaráðs.*

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**BJÖRGVIN ODDGEIRSSON**
**Ársölum 5, Kópavogi,**

lést 25. apríl. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 12. maí kl. 13.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Lára Egilsdóttir**

---



Faðir minn og bróðir okkar,

**HÖRÐUR SVERRISSON**
**rafvirki,**
**Þingvallastræti 36, Akureyri,**

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar sunnudaginn 3. maí. Útför hans verður auglýst síðar.

**Hjörleifur Harðarson**
**Ingólfur Sverrisson**
**Árni Sverrisson**
**Ágústa Sverrisdóttir**
**Ragnar Sverrisson**
**Ólafur Sverrisson**
**Gunnlaugur Sverrisson**
**Guðný Sverrisdóttir**

---



Bróðir okkar,

**BERGUR HELGASON**
***bóndi,***
**Kálfafelli, Fljótshverfi,**

lést þann 29. apríl sl. Útför hans fer fram frá Prestbakkakirkju á Síðu föstudaginn 8. maí kl. 14. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Velunnarasjóð dvalar og hjúkrunarheimilisins Klausturhóla á Kirkjubæjarklaustri.

**Helga Helgadóttir**
**Lárus Helgason**

---



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUÐMUNDUR JÓNSSON FRÍMANNSSON**
***húsasmiður,***
**Birkihlíð 14, Sauðárkróki,**

lést á Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Sauðárkróki að kvöldi 3. apríl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands. Þökkum innilega fyrir auðsýnda hlýju og samúð.

**Guðlaugur Guðmundsson** | **Rakel Guðbjörg Sigurðardóttir**
**Guðný Erla Guðmundsdóttir**
**Brynjar Guðmundsson** | **Ásdís Adólfsdóttir**
**Rúnar Guðmundsson** | **Guðrún Eggertsdóttir**
**Sigurlaug Guðmundsdóttir** | **Helgi Jóhann Sigurðsson**
**Elva Björk Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför míns ástkæra eiginmanns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**EGILS BJARNASONAR**
**fv. héraðsráðunauts í Skagafirði, Bárustíg 1, Sauðárkróki.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Heilbrigðisstofnunarinnar á Sauðárkróki fyrir alúð og umhyggju.

**Alda Vilhjálmsdóttir**
**Vilhjálmur Egilsson** | **Ragnhildur Pála Ófeigsdóttir**
**Ásta Egilsdóttir** | **Lárus Sighvatsson**
**Bjarni Egilsson** | **Elín Petra Guðbrandsdóttir**
**Árni Egilsson** | **Þórdís Sif Þórisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**JÓN BALDUR SIGURÐSSON**
***dýrafræðingur,***

er lést 28. apríl sl. verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 8. maí kl. 13.00.

**Páll Sigurður Jónsson** | **Maja Siska**
**Líney Emma Jónsdóttir** | **Jón Pétur Ólafsson**
**og barnabörn.**

---



Elskuleg systir mín,

**JENFRID H. WHEELER**

andaðist á heimili sínu mánudaginn 27. apríl.

**Fyrir hönd ættingja,**
**Kristíana Kristjánsdóttir**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**SVEINN HANNESSON**
***húsasmíðameistari,***

lést á sjúkrahúsi HSS í Reykjanesbæ fimmtudaginn 30. apríl. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 11. maí kl. 13.00.

**Eva Bryndís Ingvadóttir**
**Ragnheiður Brynja Sveinsdóttir**
**Hannes Sveinsson**
**Harpa Sveinsdóttir** | **Stefán Hjalti Helgason**
**Ingvi Brynjar Sveinsson** | **Lilja Hrönn Gunnarsdóttir**
**og barnabörn.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTÍN MARÍA GRÍMSDÓTTIR**
**Gullsmára 11, Kópavogi,**

lést sunnudaginn 3. maí á Landspítalanum í Kópavogi.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Grímur Halldórsson**
**Guðrún Ellen Halldórsdóttir**
**Ketill Arnar Halldórsson**
**Hrafnhildur Halldórsdóttir**

---



Móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,

**SOFFÍA GUÐMUNDSDÓTTIR**
***áður til heimilis að Hafnarbraut 8, Dalvík,***

verður jarðsungin frá Dalvíkurkirkju þann 9. maí kl. 13.30.

**Guðmundur Heiðar Óskarsson** | **Arna Gerður Hafsteinsdóttir**
**Rakel María Óskarsdóttir** | **Gunnar Guðmundsson**
**Þóra Kristín Óskarsdóttir** | **Haukur Jónsson**
**Óskar Aðalsteinn Óskarsson** | **Anna Hafdís Jóhannesdóttir**
**Rannveig Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR**
**vefnaðarkennari**
**frá Fljótstungu,**
**Gullsmára 10, Kópavogi,**

andaðist í Brákarhlíð, Borgarnesi, föstudaginn 1. maí. Útförin fer fram frá Digraneskirkju þriðjudaginn 12. maí kl. 13.00.

**Bjarni Johansen**
**Sigurlaug Halldórsdóttir**
**Helga Halldórsdóttir**
**Anna Björk Bjarnadóttir** | **Tómas Holton**
**Guðrún Harpa Bjarnadóttir** | **Erlendur Pálsson**
**Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir**
**Halldór Heiðar Bjarnason** | **Lilián Pineda**
**Guðjón Már Magnússon** | **Steinunn Árnadóttir**
**Sigrún Ásta Magnúsdóttir** | **Steinar Már Sveinsson**
**Hákon Örn Magnússon**
**og langömmubörnin.**

---



Okkar ástkæri

**JÓHANN ÓLAFSSON**
**bóndi og organisti,**
**Ytra-Hvarfi, Svarfaðardal,**

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri miðvikudaginn 29. apríl. Útförin fer fram frá Dalvíkurkirkju laugardaginn 9. maí kl. 10.30. Jarðsett verður í Vallakirkjugarði.

**Herdís Aðalheiður Geirsdóttir**
**Tryggvi Jóhannsson** | **Helga Hermannsdóttir**
**Hafdís Jóhannsdóttir** | **Jósef G. Kristjánsson**
**Heiðrún Jóhannsdóttir** | **Skarphéðinn Leifsson**
**Helgi Jóhannsson**
**Daníel Jóhannsson** | **Kristín Hjálmarsdóttir**
**Sólveig Eyfeld** | **Younes Ababou**
**Ingunn Margrét Hallgrímsdóttir**
**Einar Bjarki Hallgrímsson** | **Sigurrós Karlsdóttir**
**og barnabörn.**

---



Yndislegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**HALLGRÍMUR ÞORSTEINN MAGNÚSSON**
**læknir,**

verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 7. maí kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjálparstarf kirkjunnar.

**Sigurlaug Jónsdóttir**
**Vigdís Hallgrímsdóttir** | **Brynjúlfur Halldórsson**
**Sigrún Hallgrímsdóttir** | **Kristján Guðmundsson**
**Katrín Helga Hallgrímsdóttir**
**Birna Hallgrímsdóttir** | **Benedikt Helgason**
**og barnabörn.**






# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 6. maí 2015 | 18. tölublað | 11. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

GÖNGUM HREINT TIL VERKS!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN




## AUKIN SPURN EFTIR ORKU

- Stjórnarhættir Landsvirkjunar urðu betri með breyttu eignarhaldi
- Meiri spurn eftir orku í dag en framboð
- Deilur á Alþingi um rammaáætlun há fyrirtækinu

## Umbreyting á markaðnum



„Það stefnir í það innan fárra ára að markaðurinn verði það afl í þjóðfélaginu sem hann er í löndunum í kringum okkur og þessi stuðningur við atvinnulífið sem við viljum að hann verði,“ segir Páll Harðarson, forstjóri Nasdaq á Íslandi.
Á örfáum árum hefur markaðsvirði skráðra fyrirtækja fjórfaldast; farið úr 200 milljörðum í átta hundruð. Á sama tíma hafa viðskiptin þrettánfaldast. 4

## Áherslan á Rússland

„Við erum á fullu í markaðssetningu á lambakórónunni í Rússlandi. Við sendum svolítið út í haust og höfum verið að dreifa því til nokkurra aðila í veitingabransanum,“ segir Ágúst Andrésson, forstöðumaður Kjötafurðastöðvar Kaupfélags Skagfirðinga. Kjötafurðastöðin leggur mesta áherslu á markaðssetningu í Rússlandi. Kreppan þar setur strik í reikninginn. Ágúst segir þó mikilvægt að horfa til lengri tíma. 8

## Úr kennslu í almannatengsl



Kristín Jóhannsdóttir hefur stofnað Apríl almannatengsl. Hún er kennari og kenndi á unglingastigi í grunnskólum í sex ár, bæði á Dalvík og í Reykjavík. Eftir það ákvað hún að læra almannatengsl í Sterling í Skotlandi. Að auki hefur Kristín lokið við fimmta stig í söng og syngur fyrir vini og vandamenn, eða ein með sjálfri sér. 8

**STJÓRNARMAÐURINN** @stjornarmadur

**Píratar eiga það hins vegar skilið að vera á þeim stað þar sem þeir eru nú. Það er málflutningur þeirra sem hefur fleytt þeim þangað.** → SÍÐA 12




# Kvótann heim!

Skjóðan

**ÚTGERÐIN** á Íslandi greiðir allt of lágt veiðileyfagjald. Þar munar væntanlega 40 milljörðum hið minnsta á ári hverju. Þetta eru alvöru peningar. Fyrir þá er hægt að byggja hátæknisjúkrahús á tveimur og hálfu ári. Það væri hægt að greiða spítalann niður á lengri tíma og nota hluta fjárins til að lækka skatta á fatnað og matvæli, sem er besta búbótin fyrir heimilin.

**ÚTGERÐARFYRIRTÆKI** skila eigendum sínum tólffalt hærri EBITDA en stærsta verslunarfyrirtæki landsins. Þessi gríðarlegi hagnaður verður ekki skýrður öðru vísi en svo að um einokunarhagnað sé að ræða. Einokunin felst í næstum ókeypis aðgangi að mjög verðmætri og takmarkaðri auðlind, sem þjóðin öll á.



**HAGNAÐUR** íslenskrar útgerðar er utan velsæmismarka. Ekki vegna þess hversu hár hann er heldur vegna þess hvernig hann er tilkominn. Íslenskir skattgreiðendur niðurgreiða í raun og veru útgerðina um 40 milljarða á ári. Þetta er mun hærri fjárhæð en rennur í niðurgreiðslur vegna landbúnaðarframleiðslu.

**ÞVÍ** er haldið fram að þjóðin hagnist á góðu gengi útgerðarfyrirtækjanna þar sem þau greiði tekjuskatt af hagnaði sínum. Tekjuskattur fyrirtækja er 20 prósent. Ef 40 milljarðarnir skila sér óskiptir í hagnað fyrirtækjanna fyrir skatta renna 8 milljarðar í ríkissjóð. Eftir sitja þá 32 milljarðar hjá útgerðinni til að fjárfesta í óskyldum rekstri og greiða sér ofurarð.

**ÞETTA** ástand er ekki ósvipað því að erlent konungsríki hefði slegið eign sinni á Ísland, helgað sér fiskinn í sjónum og konungur falið nokkrum sérvöldum fyrirtækjum að veiða fiskinn. Í stað þess að íslenska þjóðin njóti afraksturs auðlindarinnar rennur sá afrakstur til útvalinna.

**EINHVER** starfsemi er vissulega nauðsynleg í kringum útgerðina og vinnslu hér á landi. Mörlandanum bjóðast störf og einhverjir skattar eru greiddir til eyjarskeggja. Einokunargróðinn rennur hins vegar að mestum hluta til konungs og fyrirtækjanna sérvöldu.

**Á ÖLDUM** áður þekktu Íslendingar vel til svona fyrirkomulags. Þá var fiskurinn í sjónum ekki talinn takmörkuð auðlind enda veiðitækin ekki stórtæk. Þá starfaði hins vegar hin konunglega einokunarverslun, sem ekki hafði aðrar skyldur við Íslendinga en að tryggja skipakomur með vistir á vorin og haustin. Af borðum einokunarkaupmanna hrutu brauðmolar til heimamanna líkt og nú tíðkast af borðum útgerðarinnar.

**VIÐ** Íslendingar losnuðum úr viðjum einokunarverslunar konungs. Löngu síðar fengum við handritin heim og töldum okkur fullburða, sjálfstæða þjóð. Nú erum við komnir í vist hjá annarri einokunarverslun þó að enginn sé kónguririnn í Kaupmannahöfn sem arðrænir íslenska alþýðu. Er ekki kominn tími fyrir okkur Íslendinga til að brjóta af okkur einokunarhlekkina? Er ekki kominn tími til að við fáum kvótann okkar heim?

**SKJÓÐAN** er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.


FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

## Haustpróf í verðbréfaviðskiptum 2015

Prófnefnd verðbréfaviðskipta stendur fyrir haustprófum í verðbréfaviðskiptum sem hér segir:

**Próf úr I. hluta**
19. ágúst 2015 Íslensk réttarskipun og Evrópuréttur, Ábyrgðir, Ágrip úr réttarfari.
20. ágúst 2015 Viðfangsefni úr fjármunarétti, Félagaréttur.
21. ágúst 2015 Viðskiptabréfareglur, Veðréttindi, Þinglýsingar

**Próf úr II. hluta**
24. ágúst 2015 Grunnatriði í fjármálafræðum.
25. ágúst 2015 Þjóðhagfræði.
26. ágúst 2015 Greining ársreikninga.

**Próf úr III. hluta**
27. ágúst 2015 Lög og reglur um fjármagnsmarkaðinn.
28. ágúst 2015 Markaðsviðskipti og viðskiptahættir.
31. ágúst 2015 Helstu tegundir verðbréfa og gjaldeyrir: Hlutabréf, Skuldabréf, Afleiður og gjaldeyrir.
1. september 2015 Fjárfestingarferli: Samval verðbréfa og sjóðastýring, Ráðgjöf og skattamál.

Próftími er 4 klukkustundir og tímasetning hvers prófs er 17:00-21:00.

Prófsefni greinir í prófsefnislýsingu prófnefndar verðbréfaviðskipta. Í henni er jafnframt útlistað hvaða hjálpargögn eru leyfileg í einstaka prófum. Prófsefnislýsinguna má nálgast á vefsvæði prófnefndar verðbréfaviðskipta á heimasíðu fjármála- og efnahagsráðuneytis: http://www.fjarmalaraduneyti.is/raduneytid/nefndir/nr/16884

Um prófin fer samkvæmt reglugerð nr. 633/2003 um próf í verðbréfaviðskiptum.

Einkunnir í einstökum prófum eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Til þess að standast verðbréfaviðskiptapróf þarf próftaki að hljóta a.m.k. 7,0 í meðaleinkunn úr þeim prófum sem hann hefur þreytt. Próftaki telst ekki hafa staðist einstök próf hljóti hann lægri einkunn en 5,0.

Skráning í haustprófin fer fram á vefsíðu Opna háskólans í HR http://www.ru.is/opnihaskolinn/prof-i-verdbrefamidlun/

**Skráningu í haustpróf lýkur 26. júní 2015.**
Greiðsla prófgjalds verður að hafa farið fram þann 3. júlí 2015.

Prófgjald vegna haustprófa er kr. 16.500 fyrir hvert próf.
**Vakin er athygli á að haustpróf verður ekki haldið nema að a.m.k. 10 manns hafi skráð sig í viðkomandi próf**, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 633/2003 um próf í verðbréfaviðskiptum. Ef lágmarksfjölda er náð en skráðir próftakar eru færri en 48 munu prófin fara fram í tölvuveri. Haustprófin verða haldin í húsakynnum Háskólans í Reykjavík, framkvæmdaraðila verðbréfaviðskiptaprófs veturinn 2014-2015.

Tilkynning um þau haustpróf sem verða haldin, verða send út til skráðra próftaka 30. júní 2015.

Greiðsluseðlar verða eingöngu sendir út vegna prófa sem verða haldin. Ekki er hægt að skrá sig úr prófi eftir 29. júní 2015 og greiðsluseðlar verða ekki felldir niður.

*Reykjavík, 6. maí 2015.*

*Prófnefnd verðbréfaviðskipta*


# Bændum boðið tvöfalt verð í Norðlenska

***Gangi eigendur Norðlenska að yfirtökutilboði Kjarnafæðis í fyrirtækið fá þeir 750 milljónir í sinn hlut. Óeining innan stjórnar Búsældar. Hluthafafundur tekur afstöðu til tilboðsins fyrir 21. maí.***

Kjötvinnslufyrirtækið Kjarnafæði á Svalbarðseyri býður 750 milljónir króna í kjötvinnslufyrirtækið Norðlenska, auk yfirtöku skulda. Þetta herma heimildir Markaðarins. Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum sendi Kjarnafæði Búsæld ehf., eiganda Norðlenska, kauptilboð á dögunum í allt hlutafé félagsins.

Norðlenska er samvinnufélag í eigu þeirra bænda sem leggja inn gripi til slátrunar. Bregði þeir búi er hlutur þeirra keyptur á genginu 1. Samkvæmt heimildum bauð Kjarnafæði í allt hlutafé á genginu 2,0 svo um er að ræða tvöfalt hærra verð til bænda.

Óskar Gunnarsson, formaður stjórnar Búsældar ehf., segir tilboðið í skoðun innan félagsins og afstaða verður tekin til tilboðs Kjarnafæðis fyrir 21. maí næstkomandi. Samkvæmt heimildum er óeining innan stjórnarinnar um kauptilboðið. „Viðræður eru á byrjunarstigi. Við erum að skoða þetta kauptilboð innan stjórnarinnar og ég geri fastlega ráð fyrir því að við munum boða til hluthafafundar þar sem afstaða verður tekin til kauptilboðsins. Ég get ekki tjáð mig um upphæðir í þessu samhengi enda er það trúnaðarmál á þessu stigi málsins,“ segir Óskar.



**Í SKOÐUN** Kauptilboðið stendur til 21. maí og munu bændur þurfa að taka afstöðu innan þess tíma.

Einkahlutafélag tengt Kjarnafæði hefur í nokkurn tíma átt fasteignir Norðlenska á Akureyri og hafa umræður um sameiningu félaganna staðið yfir með hléum frá árinu 2008. Norðlenska og Kjarnafæði eru bæði stórir aðilar í kjötvinnslu á Íslandi. Rekstur fyrirtækjanna hefur verið þungur síðustu ár. Norðlenska tapaði um 50 milljónum á síðasta ári og Kjarnafæði tapaði einnig um 40 milljónum. Kauptilboðið er liður í því að ná hagræði í rekstri fyrirtækjanna til þess að vera samkeppnishæfir í verði á kjötafurðum innanlands.

Velta Norðlenska var rúmir 5 milljarðar á síðasta rekstrarári og rekstrarhagnaður félagsins fyrir afskriftir nam 147 milljónum króna. 50 milljóna króna tap varð hins vegar á rekstrinum á móti 140 milljóna króna hagnaði á árinu 2013. Aðstæður á markaði í framleiðslu kjötafurða voru erfiðar í fyrra. Gunnlaugur Eiðsson, framkvæmdastjóri Kjarnafæðis, segir markmiðið með tilboðinu að ná fram hagræðingu innan greinarinnar. Hún sé mikilvæg svo hægt sé að sækja fram.

sveinn@frettabladid.is

## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**6**
**Á UPPLEIÐ**
Félög sem hækkuðu í verði

**9**
**Á NIÐURLEIÐ**
Félög sem lækkuðu í verði

**1**
**STÓÐU Í STAÐ**
Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**
**NÝHERJI**
**68,9%** frá áramótum
**MAREL**
**4,4%** í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**
**TM**
**-22,8%** frá áramótum
**TM**
**-6,2%** í síðustu viku

**Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Bank Nordic (DKK) | 119,00 | 14,4% | 0,0% |
| Eik fasteignafélag* | 6,57 | -3,4% | -1,4% |
| Eimskipafélag Íslands | 219,75 | -7,3% | -0,6% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 38,85 | 11,0% | 2,5% |
| Hagar | 42,00 | 3,8% | 0,2% |
| HB Grandi | 36,45 | 7,8% | -0,4% |
| Icelandair Group | 21,65 | 1,2% | 1,9% |
| Marel | 178,50 | 29,3% | 4,4% |
| N1 | 25,95 | 11,9% | -0,2% |
| Nýherji | 8,75 | 68,9% | 2,9% |
| Reginn | 14,25 | 5,2% | -0,3% |
| Reitir* | 61,50 | -3,1% | -1,8% |
| Sjóvá | 10,00 | -16,3% | -1,0% |
| Tryggingamiðstöðin | 20,30 | -22,8% | -6,2% |
| Vátryggingafélag Íslands | 7,88 | -12,9% | 3,4% |
| Össur | 430,00 | 19,1% | -3,6% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI8** | 1.385,83 | 5,7% | 1,5% |

**First North Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Century Aluminum | 3.300,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 25,30 | 11,9% | 1,2% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,85 | 0,0% | 0,0% |

*Skráð á árinu (þróun frá útboðsgengi).

Þrjátíu vísindamenn ráðnir í ár:

# Ráða 20 til viðbótar

Alls 30 háskólamenntaðir rannvísindamenn hafa verið ráðnir til starfa á þessu ári hjá Hátæknisetri systurfyrirtækjanna Alvogen og Alvotech sem nú rís innan Vísindagarða Háskóla Íslands.

Búist er við að ráðnir verði að minnsta kosti 20 raunvísindamenn til viðbótar á árinu 2015. Alls hafa um 80 starfsmenn verið ráðnir til systurfyrirtækjanna, frá því Alvogen hóf starfsemi á Íslandi árið 2010.

„Það er ánægjulegt að geta byggt upp starfsemi okkar hér á landi og nýtt íslenska þekkingu við uppbyggingu á alþjóðlegri starfsemi okkar,“ segir Róbert Wessman, forstjóri Alvogen.

Í nóvember 2013 hófust framkvæmdir við nýtt Hátæknisetur sem verður um 13 þúsund fermetrar að stærð. Það verður tekið í notkun á næsta ári. - jhh

ENNEMM / SÍA / NM68742



Þjónusta við fyrirtæki

# Við bjóðum fyrirtækjum sérþekkingu

Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Starfsfólk Íslandsbanka býr yfir áratuga reynslu í þjónustu við sjávarútveginn og hjá bankanum starfar stór hópur fólks með sérþekkingu á greininni. Þannig getum við ávalt tryggt fyrirtækjum í þessari undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar þá bankaþjónustu sem hún þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Hallgrímur Magnús Sigurjónsson hefur yfir 30 ára reynslu af sjávarútvegi og fjármögnun fyrir fyrirtæki í sjávarútvegi.

**Hallgrímur Magnús er útibússtjóri hjá Íslandsbanka á Ísafirði.**

islandsbanki.is   Netspjall   Sími 440 4000   Facebook

Íslandsbanki

Fallorka á Akureyri skilaði 100 milljóna króna hagnaði í fyrra. Félagið framleiðir rafmagn til endursölu á Eyjafjarðarsvæðinu og byggir upp raforkuver til framleiðslu:

# Útboð búnaðar í Glerárdalsvirkjun í pípunum

Fallorka ehf., sem er að stærstum hluta í eigu Akureyrarkaupstaðar, skilaði yfir 100 milljóna króna hagnaði í fyrra.

Félagið framleiðir rafmagn til endursölu á Eyjafjarðarsvæðinu og byggir upp raforkuver til framleiðslu. Andri Teitsson, framkvæmdastjóri Fallorku, er ánægður með árangurinn og segir félagið í stakk búið til að efla raforkuframleiðslu enn frekar. „Allt hélst í hendur á síðasta starfsári. Framleiðsla í virkjunum okkar í Djúpadal gekk áfallalaust fyrir sig og markaðsstarf gekk einnig vel. Við erum stolt af því að geta boðið gott verð á rafmagni til almennings um þessar mundir en okkar verð eru hagstæðari en það sem stóru fyrirtækin í landinu eru að bjóða,“ segir Andri.

Fallorka mun á næstu misserum hefjast handa við byggingu nýrrar virkjunar ofarlega í Glerárdal, ofan Akureyrar, og verður miðlunarlón inni í dalnum sem á að gefa af sér rúmlega þrjú megavött. „Við erum þessa dagana að hefja útboð á vél- og rafbúnaði fyrir nýja virkjun ofan Akureyrar. Ef allt gengur að óskum verður sú virkjun tekin í notkun snemma árs 2017,“ segir Andri. Með þessum framkvæmdum opnast möguleikar almennings á því að nýta sér Glerárdalinn sem fólkvang. „Í leiðinni munum við leggja nýjan göngustíg inn Glerárdalinn sem mun gera dalinn mun aðgengilegri fyrir Eyfirðinga og ferðamenn til útivistar.



**AKUREYRI** Fallorka framleiðir og selur rafmagn og er að öllu leyti í eigu Norðurorku á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Algjör umbreyting á örfáum árum

***Forstjóri Nasdaq á Íslandi segir mikla breytingu hafa orðið á Kauphöllinni á örfáum árum. Verðmæti félaga hefur aukist úr 200 milljörðum í átta hundruð milljarða og viðskipti aukist úr 100 milljónum á dag í 1.300.***

Algjör umbreyting hefur orðið á hlutabréfamarkaðnum frá árinu 2009, segir Páll Harðarson, forstjóri Nasdaq Iceland. „Það hafa komið inn mörg öflug félög, markaðsverðið hefur fjórfaldast á þessum tíma. Farið úr 200 milljörðum í 800 milljarða,“ segir Páll í samtali við Markaðinn. Þetta þýði það að markaðsvirði félaga sé komið upp í 40 prósent af landsframleiðslu.

„Það stefnir í það innan fárra ára að markaðurinn verði það afl í þjóðfélaginu sem hann er í löndunum í kringum okkur og þessi stuðningur við atvinnulífið sem við viljum að hann verði,“ segir Páll. Á sama tíma og markaðsvirðið hefur fjórfaldast hafa viðskiptin þrettánfaldast.

Á árinu 2009 hafi dagleg viðskipti numið 100 milljónum króna, en nú séu þau komin upp í 1.300 milljónir. Á vissum tímabilum geti viðskipti orðið enn meiri. „Eins og í kringum uppgjör félaga. Í slíkum tilfellum eru viðskiptin í kringum tveir milljarðar. Þetta er gjörbreytt ásýnd og auðvitað hefst þetta fyrir alvöru með skráningu Haga síðla árs árið 2011 þannig að þetta er í raun og veru ekkert langur tími. Þetta er í þrjú og hálft ár sem þessi uppbyggingarfasi hefur staðið yfir,“ segir Páll.

Í liðinni viku hófust viðskipti með bréf í fasteignafélaginu Eik. Það var þriðja fasteignafélagið sem var skráð á markað. Þar eru jafnframt skráð þrjú tryggingafélög, auk annarra félaga. „Skoðanaskiptin verði áhugaverðari, að því leyti til held ég, að það sé áhugavert að vera með mörg félög í hverri grein,“ segir Páll. Hann segir jafnframt að auðvelt sé að færa sig á milli greina, jafnvel milli hlutabréfa og skuldabréfa. Það séu að myndast fjölbreyttari fjárfestingarkostir sem geri markaðinn skilvirkari, áhugaverðari fyrir fjárfesta og meira aðlaðandi kost

## Skráð félög í Kauphöllinni

| Félag | Nýskráningardagur |
|---|---|
| Marel hf. | 29.6.1992 |
| HB Grandi hf. | 15.12.1992 |
| Nýherji hf. | 30.10.1997 |
| Össur hf. | 11.10.1999 |
| Icelandair Group hf. | 14.12.2006 |
| Føroya Banki P/F | 21.6.2007 |
| Hagar hf. | 16.12.2011 |
| Reginn hf. | 2.7.2012 |
| Eimskipafélag Íslands hf. | 16.11.2012 |
| Fjarskipti hf. | 18.12.2012 |
| Vátryggingafélag Íslands hf. | 24.4.2013 |
| Tryggingamiðstöðin hf. | 8.5.2013 |
| N1 | 19.12.2013 |
| Sjóvá-Almennar tryggingar hf. | 11.4.2014 |
| Reitir fasteignafélag hf. | 9.4.2015 |
| Eik fasteignafélag hf. | 29.4.2015 |

bæði fyrir fagfjárfesta og almenna fjárfesta. „Og ég á alveg von á því að þessi þróun haldi áfram,“ segir Páll.

Í vetur gaf Kauphöllin út ritið Aukin virkni og gagnsemi íslensks verðbréfamarkaðar. „Við höfum fylgt þessu eftir og rætt þetta áfram meðal hagsmunaaðila, en þessar tillögur eru að nokkru leyti sprottnar upp úr samtali við aðila á markaði. Við höfum átt í viðræðum við stjórnvöld og höfum fengið ágætar viðtökur,“ segir Páll. Hann segir fyrstu viðbrögð stjórnvalda vera jákvæð og telur að almennt sé skilningur á því meðal stjórnvalda að þetta skipti máli.

„Ein af þessum tillögum sneri að möguleika lífeyrissjóða til þess að fjárfesta á markaðstorgi fjármálagjörninga. Ég get ekki séð betur en að það sé þverpólitískur stuðningur við það frumvarp sem er inni á þingi sem myndi leiða til þess að lífeyrissjóðirnir fengju aukaheimild upp á fimm prósent af sínu eignasafni til þess að fjárfesta á markaðstorgum fjármálagerninga. Það frumvarp er komið í gegnum tvær umræður á þingi og ég geri mér góðar vonir um að það fari í gegn,“ segir Páll.

Þá hafi Kauphöllin einnig átt í viðræðum við stjórnvöld um tillögur sem gera það auðveldara og ódýrara fyrir smærri fyrirtæki að koma inn á markaðinn. „Þar höfum við átt samtal og mín upplifun er sú að þessar tillögur hafi mætt góðum skilningi en engar ákvarðanir verið teknar af hálfu stjórnvalda,“ segir Páll.



**FAGNAÐ** Það þótti ærin ástæða til að fagna þegar Fasteignafélagið Eik var skráð á Markað í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

jonhakon@frettabladid.is




Taka sér nokkrar vikur til að finna mögulega fjárfesta að fyrirtækinu:

# Þykkvabæjar til sölu

Hið gamalgróna fyrirtæki Þykkvabæjarkartöflur hf. er til sölumeðferðar hjá KPMG. Þetta staðfestir Markús Ársælsson, stærsti eigandi fyrirtækisins.

„KPMG er með fyrirtækið í sölumeðferð og leitar nú að áhugasömum kaupendum. Fyrirtækið stendur vel á þessum tíma og við erum aðeins að velta þessu fyrir okkur,“ segir Markús.

KPMG hefur verið með fyrirtækið í sölumeðferð í um fjórar vikur og ætlar KPMG að taka nokkrar vikur til viðbótar til að finna fjárfesta sem vilja kaupa fyrirtækið.

Hagnaður varð á rekstri félagsins á árinu 2013 sem nam 13,5 milljónum króna samanborið við 25 milljóna króna tap árið áður.

Á fjórða tug einstaklinga eru hluthafar í fyrirtækinu sem hefur sérhæft sig á síðustu árum í fullvinnslu á kartöflum til neytenda. Rúmlega tuttugu starfsmenn vinna hjá fyrirtækinu í dag.

Friðrik Magnússon, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, vildi ekki ræða við blaðamann um sölu fyrirtækisins þegar eftir því var leitað. -sa



**UPPSKERA** Þykkvabæjar er stórtækt fyrirtæki í kartöfluframleiðslu.


„HVORT SEM ÞÉR, KAUPIÐ FÉ EÐA FIÐUR, VÉR PÖKKUM ÞVÍ INN FYRIR YÐUR"
VILTU POKA?
EHH, JÁ, TAKK
KR 554,-
KALLI
VAKÚM-POKAR
MATAR-FILMA (PRAKTÍSKT)
FRAUÐ-BAKKAR
STREKKI-FILMUR
BURÐAR-POKAR AF ÝMSUM TOGA
FÍLSTERKIR RUSLA-POKAR
KRUMPUHERPIFILMA
ÖSKJUR
ALLSKONAR PRENTEFNI
LITLIR KASSAR, STÓRIR KASSAR
HANDHÆGT!
VIÐ HJÁ ODDA FRAMLEIÐUM UMBÚÐIR OG PRENTVERK SEM HENTA FYRIRTÆKJUM ÚT UM ALLAR TRISSUR. VIÐSKIPTAVINIR OKKAR ERU TIL DÆMIS VERSLANIR, VEITINGAHÚS, MATVÆLAIÐNAÐUR, SJÁVARÚTVEGUR OG ALLS KONAR ÞJÓNUSTUFYRIRTÆKI.
→ODDI.IS/515-5000
ODDI
VIÐ ERUM ODDI.
VIÐ FRAMLEIÐUM FÍNERÍ.



**VILL SKILA MEIRU** Hörður segir að miðað við stærð fyrirtækisins og styrk eigi það að geta skilað miklu meiri arði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Stefna á fjármögnun án ríkisábyrgðar

***Fimmtíu ára afmæli Landsvirkjunar var fagnað á ársfundi í Hörpu í gær. Forstjórinn reiknar með að arðgreiðslur margfaldist á næstu árum. Hann telur að stjórnmálamenn geti náð breiðri sátt um auðlindamál.***

Landsvirkjun stendur á tímamótum nú þegar fimmtíu ár eru liðin frá stofnun fyrirtækisins. Upphaf rekstursins má rekja til þess þegar Búrfellsvirkjun var reist árið 1965. Hörður Arnarson forstjóri leit yfir farinn veg og kynnti framtíðarsýn fyrirtækisins á ársfundi sem var haldinn í gær.

**Umfangsmikil framkvæmd**

„Í heildina þá teljum við að fyrirtækið standi á traustum grunni, sem hefur verið lagður á þessum fimmtíu árum. Það hafa verið teknar margar farsælar ákvarðanir, en oft erfiðar ákvarðanir og flóknar ákvarðanir,“ segir Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, í samtali við Markaðinn. Hann nefnir sem dæmi að það hafi verið mikil ákvörðun að ráðast í Búrfellsvirkjun. Umfangið á framkvæmdinni hafi verið mikið og það verið óvissu háð að byggja flókna vatnsaflsvirkjun í jökulfljóti sem hafði ekki verið gert áður, hátt uppi á hálendi Íslands. Efnahagslegt umfang framkvæmdarinnar hafi verið gríðarlega mikið. „Menn hafa tekið fjölmargar svona ákvarðanir í sögu Landsvirkjunar sem hafa síðan reynst farsælar. Hönnun virkjana hefur undantekningarlaust gengið vel og reksturinn hefur einnig gengið vel og síðan erum við með langan líftíma á þeim. Eins og til dæmis Búrfellsvirkjun sem er bara eins og ný í dag. Sogsvirkjanir, sem eru enn þá eldri, sjötíu ára gamlar, þær eru ekkert farnar að gefa eftir,“ segir hann.

Hörður segir að þetta hafi alls ekki verið augljóst þegar Búrfellsvirkjun var byggð. „Þá töldu menn að þetta væri trúlega einhver síðasta vatnsaflsvirkjun sem yrði byggð fyrir stóriðju. Þá var kjarnorkan að koma inn og þá töldu menn að kjarnorkan myndi leysa öll heimsins vandamál. Það hefur alls ekkert orðið raunin og þessir endurnýjanlegu orkugjafar eru að sækja í sig veðrið og sérstaklega vatnsaflið,“ segir Hörður.

**Sterkari fjárhagur fyrirtækisins**

Hörður segir að fjárhagur Landsvirkjunar hafi styrkst mikið. „Á síðustu fimm árum hefur fyrirtækið greitt niður lán að upphæð 82 milljarðar samtímis því að fjárfesta fyrir um 68 milljarða,“ segir Hörður. Fjármunamyndunin sé því um 150 milljarðar og eiginfjárhlutfallið komið í um fjörutíu prósent. „Þannig að fyrirtækið er stöðugt að styrkja sig, en við verðum að halda áfram að styrkja fjárhaginn. Við skuldum enn þá of mikið. Ef við höldum áfram núna í svona tvö til þrjú ár að greiða niður skuldir þá teljum við okkur vera komin á þann stað þar sem fyrirtækið þarf að vera. Þá erum við líklega komin á þann stað að fyrirtækið getur endurfjármagnað lán sem eru á gjalddaga á hagkvæman hátt og án ríkisábyrgðar. Þá hefur fyrirtækið möguleika á að borga verulegan arð,“ segir Hörður. Hann bendir á að fyrirtækið hafi greitt um einn og hálfan milljarð á ári undanfarin fjögur ár.

„Sem er ágætisarðgreiðsla í hugum margra en fyrir fyrirtæki á stærð við Landsvirkjun, með þær eignir og með það eigið fé, þá er það lágt. En það er eingöngu af því að við höfum verið að borga niður lánin. Við höfum fyrst og fremst verið að nota alla þá peninga sem hafa myndast hjá fyrirtækinu í lækkun skulda,“ segir Hörður. En þegar aðgengi að endurfjármögnun verði betra þá geti eigandinn, það er íslenska ríkið, ákveðið að í staðinn fyrir að fyrirtækið greiði niður lánin þá sé hægt að auka arðgreiðslur. Eftir tvö til þrjú ár geti fyrirtækið farið að greiða stigvaxandi meiri arð og hann geti innan fárra ára verið kominn upp í 10 til 20 milljarða króna á ári miðað við núverandi rekstur. Arðgreiðslurnar gætu orðið enn hærri ef raforkuverð hækkar.

Hörður segir markmiðið vera að ná betri styrk til þess að fyrirtækið geti endurfjármagnað sig án ríkisábyrgðar. „Já, við teljum að það sé forsendan fyrir því að við borgum eigandanum okkar arð. Það er að við þurfum ekki að biðja hann um ábyrgð. Það er ákveðin mótsögn að okkar mati í því að fjármagna sig með ábyrgð eiganda en að greiða honum um leið arð. En það er að sjálfsögðu alltaf eigandinn sem ákveður þetta. Eigandinn hefur stutt vel við fyrirtækið með því að taka lítinn arð út úr því. Það hefur gert því kleift að vaxa mikið með byggingu virkjana og núna að lækka skuldirnar sem var nauðsynlegt eftir mikið uppbyggingartímabil sem lauk árið 2007,“ segir Hörður.

> **Ég held að það hafi myndast betri sátt um stjórnun Landsvirkjunar.**

**Keyptu hlut sveitarfélaganna**

*Allt til ársins 2006 áttu Reykjavíkurborg og Akureyrarbær helmingshlut í Landsvirkjun á móti ríkinu, en í nóvember það ár var undirritaður samningur um kaup íslenska ríkisins á hlutum sveitarfélaganna. Skipti breytt eignarhald máli?*

„Það var ýmislegt í stjórnarháttum fyrirtækisins sem breyttist á sama tíma. Ég held að það hafi myndast betri sátt um stjórnun Landsvirkjunar. Stjórn Landsvirkjunar hefur um langt árabil verið mjög samhent, sem er mjög mikilvægt. Áður fyrr voru oft pólitískar deilur teknar inn í stjórnina. En um leið og eignarhaldið breyttist tókst eigandanum að koma bættum stjórnarháttum í stjórnina,“ segir Hörður.

*Stjórnendur Landsvirkjunar hafa áhuga á að leggja sæstreng til Bretlands, eruð þið og eigandinn að tala sama máli þar?*

„Já, það myndi ég segja. Það sem við erum að leggja áherslu á er að þetta mál verði skoðað af fullri alvöru. Við teljum að það séu mjög áhugaverð tækifæri bara út af ástandi í orkukerfinu í Bretlandi. Það er mikill áhugi í Bretlandi í dag að skoða sæstreng til Íslands. Þeir eru að tengja sig við Noreg, Danmörku, Holland, Þýskaland, Írland. Þeir eru að tengja sig við öll þessi lönd af því að orkuöryggi Bretlands er í hættu,“ segir Hörður.

„Við teljum að það sé sterkur stuðningur við að skoða þetta mál. En það er vissulega mikilvægt að skoða þætti eins og hvaða áhrif þetta hefur á orkuverð til heimila og hvaða áhrif þetta hefur á starfsumhverfi orkufreks iðnaðar, hvaða umhverfisáhrif þetta hefur og svo framvegis,“ segir Hörður. Hann leggur áherslu á að Landsvirkjun sé ekki að hvetja til þess að sæstrengur verði lagður heldur að málið sé skoðað gaumgæfilega. Það séu núna mjög góðar aðstæður í Bretlandi til þess að leggja sæstreng þangað. „Niðurstaðan gæti leitt til þess að þetta sé ekki rétt á þessum tímapunkti, en það er hins vegar afar líklegt að það verði lagður sæstrengur milli Íslands og Bretlands einhvern tímann,“ segir Hörður. Hann segir að það muni taka minnst tvö til þrjú

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



**MAGNAÐA PARÍS**
**Freyr Eyjólfsson fréttamaður flutti nýlega til smábæjarins Gex sem liggur við landamæri Sviss og býr þar ásamt fjölskyldu sinni í þrjú hundruð ára gömlu húsi. Hann bjó áður í París.**
**Síða 2**


White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Amerísk gæðavara





# BERNAISE-LAMBORGARI

**TEXASBORGARAR KYNNA** *Bernaise-lamborgari boðar sumarkomuna á Texasborgurum við Grandagarð. Úrvals skyndibiti úr íslensku heiðalambi.*

Bernaise-lamborgari er okkar útgáfa í ár af skyndibita úr íslensku heiðalambi," segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður. „Lambið er auðvitað langbesta kjöt sem við getum fengið á Íslandi og um að gera að nota það sem mest í skyndibita. Það hentar einstaklega vel í hamborgara eins og allir vita sem hafa smakkað. Við notum úrvals lambahakk og búum til borgara úr því án nokkurra aukefna. Þetta er því eins hreint og heilnæmt gæðahráefni og hægt er að hugsa sér."

Bernaise-lamborgararnir kosta aðeins 1.490 kr. Þeir eru stórir, 140 g, bornir fram í brauði með ekta heimalagaðri bernaise-sósu, jöklasalati, tómötum og rauðlauk ásamt frönskum.

Magnús Ingi segir nautahamborgara alltaf vinsælasta, eins og hefðin segi til um. „Það á við á Texasborgurum eins og alls staðar annars staðar. En við leggjum alltaf áherslu á lambaborgara á vorin og sumrin og þá selst álíka mikið af þeim og nautaborgurum hjá okkur. Það þarf bara að bjóða upp á skyndibita



úr lambakjöti og benda fólki á þennan frábæra mat. Flestir verða sólgnir í lambaborgarann þegar þeir hafa einu sinni smakkað hann, bæði Íslendingar og erlendir ferðamenn."

Á vef Texasborgara, texasborgarar.is, er meðal annars að finna matseðilinn og nýjustu tilboðin. Facebook-síðan er lífleg og þar birtast reglulega óborganleg myndbönd Magnúsar Inga sem ótrúlegur fjöldi fylgist með og hefur skoðun á.

**2 FYRIR 1**

***af Bernaise-lamborgara með frönskum gegn framvísun þessa miða. Aðeins 1.490 kr. fyrir tvo.***

***Klipptu miðann út og taktu hann með þér. Gildir til 30.6. 2015.***


Eitt öflugasta andoxunarefnið á markaðnum
Túrmerik
95% Curcumin
„Undraefnið"
frá Natures aid

Getur haft góð áhrif á bólgur, blóðrás, minni og blóðsykursójafnvægi.
www.gengurvel.is
Útsölustaðir: flest apótek, heilsubúðir, Fjarðarkaup og Hagkaup.




ÞESSI GÖMLU GÓÐU
Á EINUM STAÐ
BESTA TÓNLISTIN FRÁ 1960 - 1985
GULL BYLGJAN



natures aid
VIÐ KYNNUM NÝJA VÍTAMÍNLÍNU FYRIR BÖRN
Mini Drops
C-vítamín
DHA-dropar
D3-vítamín
Fjölvítamíndropar
Innihalda EKKI: sykur, glútein, ger, laktósa eða gerviefni.

Sölustaðir: Heilsuhúsið, Apótek Garðabæjar, Lyfsalinn Glæsibæ, Árbæjarapótek, Heilsutorgið Blómavali, Þín verslun Seljabraut, Apótek Suðurnesja, Garðsapótek, Lifandi markaður, Borgarapótek, Fræið Fjarðarkaup



## Einstök eign í Garðabæ





Til sölu er þetta einbýli sem stendur á 2.750 m² eignarlóð með miklum trjágróðri, stórum grasflötum og fallegum hraunjaðri. Stærð hússins er 165 m² og bílskúrs 48 m², samtals 213 m². Á lóðinni gætu staðið 3 einbýli. Sólpallur, heitur pottur á einstökum stað og garðhús. Mörg bílastæði og hiti undir hlöðnu plani og heimreið að húsi. Tvær stofur, fjögur svefnherbergi, stórt bað, gestabað og stórt eldhús. Eignin er að Hraunhólum 8 í Garðabæ.

**Verð 60 milljónir**

**Upplýsingar:** 899 2005 / finnurorri@gmail.com
**Myndir:** https://www.facebook.com/finnurorri.thorlacius

**Plokkfiskur**

*hollur kostur á 5 mín.*







Til hvers að flækja hlutina? **365**

SJÁLFKRAFA
í **BESTA ÞREP!**

**365.is | Sími 1817**




**FREYR Í PARÍS** Frey þykir borgin vera falleg, lúmsk, seiðandi og töfrandi. MYND/RAGNAR HELGI ÓLAFSSON

# BÍSTRÓIN ERU BEST

**Í UPPÁHALDI** *Uppáhaldsborg Freys Eyjólfssonar fréttamanns er sjálf París. Hann gefur hér upp ýmis leyndarmál sem hann lumar á um borgina fögru.*

Freyr Eyjólfsson fréttamaður flutti nýlega til smábæjarins Gex sem liggur við landamæri Sviss og býr þar ásamt fjölskyldu sinni í þrjú hundruð ára gömlu húsi. „Þegar við göngum út á morgnana blasir sjálft Mont Blanc-fjallið við okkur. Eftir flutninga höfum við rúntað um svæðið, borðað rétti héraðsins, foundue, tartiflette, vatnaborra úr Genfarvatni og auðvitað heila glás af ostum. Nýlega fórum við í fjallgöngu og gengum upp yfir skýin þar sem fegurðin ein ríkir. Lífið hér er bara skrambi gott," segir Freyr.

Uppáhaldsborg Freys er hins vegar París þar sem hann hefur búið í þrjú ár. Hann svarar hér nokkrum spurningum um borgina sem oft er kennd við ástina.



**BÍSTRÓ** eru víða í Parísarborg. Freyr mælir með að borða á þeim í hádeginu.

**Af hverju er París í uppáhaldi?** Hún er falleg, lúmsk, seiðandi og töfrandi.
**Hefur þú oft komið þangað?** Oft og mörgum sinnum. Búið þar í þrjú ár. Fæ aldrei leiða.
**Ferðast þú mikið?** Já, ég er flakkari í eðli mínu.
**Hvar er best að borða í París?** Bístróin eru best. Til dæmis Bistrot du Peintre við Bastilluna. Borða í hádeginu. Betri og ferskari matur, betra verð, stemning og þjónusta.
**Besti barinn?** Þar sem enginn veit hvað þú heitir (ekki einu sinni þú sjálfur).
**Hvar er best að eyða laugardagseftirmiðdegi?** Montmartre.
**Besta kaffihúsið?** Le Saint Jean. Tíminn eða önnur tætingsöfl vinna ekki á því.
**Uppáhaldssöfn?** Musée de la Chasse. Það er eins og að vera staddur inni í höfðinu á Sjón að ganga þar um.
**Hvar er best að dansa?** Hvar sem er.
**Hvernig er skemmtilegast að eyða virku kvöldi?** Kíkja á víetnamskan stað í Belville.
**Hvar er best að versla?** Á mörkuðum. Marché aux Puces de St. Ouen er sagður stærsti flóamarkaður í heimi.
**Áttu þér einhvern uppáhaldsstað í borginni?** Montmartre.
**Einhverjar leyndar perlur fyrir þá sem hafa ekki komið þangað?** Le Grenier à Pain við Rue Abbesses. Besta bakaríið í bænum.
**Hvernig er fólkið í París?** Kurteist, lífsglatt, klókt, skapandi, stolt.
**Áttu einhverja skemmtilega minningu frá borginni?** Þegar drottningin Amanda Lear mætti mér á götu og bauð mér góðan dag.



**EIFFEL-TURNINN** Eitt helsta kennileiti Parísar.



**MONTMARTRE** Þar finnst Frey best að eyða laugardagseftirmiðdegi. NORDIC PHOTO/GETTY



**FLÓAMARKAÐUR** Marché aux Puces de St.Ouen er sagður sá stærsti í heimi.

# Fögnum með höfundinum!

**Verið velkomin í útgáfuhóf**

**í dag klukkan 17.00**

**Léttar veitingar og lifandi tónar!**






**Í sama bókaflokki:**




**Tilboðsverð:**
**4.490 kr.**
**Verð áður: 5.190 kr.**



BÓKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18

Opið alla daga
til klukkan 22.00

facebook.com
/malogmenning

ár að kanna hvort það geti verið vænlegt að leggja sæstreng áður en mótaðar tillögur um slíkt verða lagðar fram.

Hörður segir að gert sé ráð fyrir að 35-40 prósent af þeirri orku sem yrði flutt út um sæstreng væri umframorka sem yrði annars ekki nýtt, svo kæmi til önnur orka eins og vindorka eða jarðvarmi. Að auki þyrfti að koma til orka frá hefðbundnum virkjunum, sem gæti orðið þriðjungur af orkunni. Það myndi því þurfa að koma til fleiri virkjana ef sæstrengur yrði lagður.

### Eftirspurnin meiri en framboðið

Hörður segir þó að lagning sæstrengs sé hluti af framtíðarsýn. Öll vinna Landsvirkjunar núna snúist um sölu á raforku til iðnfyrirtækja. Hann bendir á að eftirspurn eftir orkunni sé að aukast. „Við erum að sjá mun meiri eftirspurn en við höfum séð áður. Það er að gerast í fyrsta skipti núna að eftirspurnin er meiri en framboðið. Og það er komið til að vera að okkar mati,“ segir Hörður. Hann segir að þessi þróun hafi staðið yfir í fjögur til fimm ár og skýrist af ákveðnum aðstæðum í raforkukerfi heimsins. „Það eru fleiri og fleiri fyrirtæki sem vilja horfa til Íslands. Við erum að horfa til kísilmálmiðnaðarins, gagnaveranna og jafnvel eldsneytisframleiðslu og fleira,“ segir Hörður. Þetta hafi mjög jákvæð áhrif á raforkumarkaðinn. „Þetta er alveg ný staða og það er mjög krefjandi fyrir raforkuiðnaðinn að vera allt í einu kominn í stöðu þar sem er meiri eftirspurn en framboð. Þetta hefur jákvæð áhrif fyrir eiganda fyrirtækisins, að raforkuverð í nýjum samningum hefur hækkað umtalsvert sem mun þá hafa jákvæð áhrif í endursamningum við eldri viðskiptavini. sem eru fram undan núna,“ segir Hörður. Afkoma Landsvirkjunar muni batna fyrir vikið.

*Hvaða virkjunarframkvæmdir eru fyrirsjáanlegar í framtíðinni? Nú verður byrjað á Þeistareykjum í sumar.*

„Næsta skref verður líklegast stækkun á Búrfelli,“ segir Hörður. Þar verði byggð önnur virkjun við hliðina á Búrfelli og orkan nýtt betur þar. „Svo er það að horfa til rammaáætlunar, hvaða virkjanakosti Alþingi heimilar að ráðast í. Næstu skref verða ákveðin með það til hliðsjónar,“ segir Hörður. Hann segir mikilvægt að hafa í huga að allar framkvæmdir Landsvirkjunar hafi umtalsverð umhverfisáhrif, bæði á umhverfi og lífríki. „Við erum mjög meðvituð um það og við leggjum mikla áherslu á það þegar við ráðumst í framkvæmdir, að greina áhrif framkvæmdanna og erum í áratuga rannsóknum með verkefni áður en við förum út í hönnunina á þeim. Þegar við förum út í frumhönnun á þeim þá reynum við að draga úr neikvæðum áhrifum og auka jákvæð eins og kostur er. Þegar við erum búin að því þá leggjum við þessa kosti fram,“ segir Hörður. Hann segir mikilvægt að fólk geri sér grein fyrir því að það sé ekki Landsvirkjun sem ákveði að fara í framkvæmdir. „Við höfum enga heimild til þess,“ segir hann. Fyrirtækið leggi fram tillögur í rammaáætlun og í skipulagslöggjöf, þar sem vandað umsagnar- og samráðsferli fer fram og á grundvelli þess taki annars vegar Alþingi og hins vegar stjórnvöld ákvarðanir um það hvort heimilt sé að ráðast í virkjanirnar.

> **Þessir endurnýjanlegu orkugjafar eru að sækja í sig veðrið, sérstaklega vatnsorka.**

### Deilurnar há fyrirtækinu

*Rammaáætlun virðist valda miklum deilum á Alþingi og vera umdeilt mál, háir það fyrirtækinu?*

„Já, það gerir það. Að mínu mati eru allar forsendur til þess að okkur takist, eins og Norðmönnum, að ná breiðri sátt allra helstu stjórnmálaflokka um þessi stóru auðlindamál; raforkuuppbygginguna, sæstrengina og eins um olíuna,“ segir Hörður. Hann segist telja að þrátt fyrir allt séu flestir sammála um fjögur grundvallaratriði.

1 Við viljum umfangsmikla vernd á mikilvægum náttúrusvæðum.

2 Við viljum frekari varfærna nýtingu orkuauðlinda í efnahagslegum tilgangi.

3 Ég held að við séum sammála um það að selja raforku til fjölbreyttari viðskipavina.

4 Ég tel að við séum sammála um það að fá betra verð fyrir orkuna.

„Ég held að ef menn myndu skoða sjónarmið mjög stórs hóps aðila þá rúmast þau innan þessa,“ segir Hörður. Það verði alltaf álitamál um það hvar mörkin liggja um einstaka kosti.



## ÞRJÁR ÁSTÆÐUR FYRIR FREKARI ATHUGUNUM

**Hörður segir að einkum þrennt veki áhuga Landsvirkjunar á að skoða lagningu sæstrengs.**

- Það er í fyrsta lagi ábyrg nýting á íslenska orkukerfinu. „Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka afrakstur af þeim náttúruauðlindum sem fyrirtækjum er trúað fyrir. Það sem er kannski sláandi í svona lokuðum orkukerfum er að það er ákveðin sóun í kerfinu. Við teljum að tíu prósent af orkugetu núverandi virkjana séu að meðaltali vannýtt. Það sem við erum í raun og veru að segja er að ef þetta væri gert þá myndu tvær heilar Blönduvirkjanir koma í ljós sem eru til staðar í kerfinu, en við getum ekki nýtt,“ segir Hörður. Út frá ábyrgri nýtingu náttúruauðlinda sé æskilegt að kanna möguleikana.
- Í öðru lagi þurfi orkuöryggið í landinu að vera betra. „Það er tvenns konar orkuöryggi sem við eigum við. Í fyrsta lagi ef það verða náttúruhamfarir eins og við vorum alvarlega minnt á út af eldglæringunum í Bárðarbungu. Hvað gerist ef hluti af okkar orkuvinnslu dettur út í einhverja daga? Þá er það þannig að við erum með notkun, eins og í álverunum, sem er það viðkvæm að þau þola ekki truflanir og tjónið gæti orðið það mikil. Eins það að við erum að finna fyrir mikilli eftirspurn frá fjölbreyttum iðnaði, gagnaverum, fiskimjölsverksmiðjum og almennum iðnaði, þá getur orðið eftirspurn sem verður meiri en framboðið. Þessi eftirspurn getur vaxið mjög hratt og það eru ekki gerðir neinir samningar. Hún bara vex í orkukerfinu og það tekur okkur þrjú til fjögur ár að byggja upp virkjun og þá getur orðið umframeftirspurn í kerfinu,“ segir Hörður. Ef það væri tenging við annað kerfi sem gæti flutt orku fram og til baka þá yrði orkuöryggi stóraukið. Bæði til að takast á við náttúruhamfarir eða alvarlegar bilanir og eins til að tryggja það að það myndist ekki ójafnvægi á markaðnum. „Þetta er það sama og aðrar þjóðir eru meðvitaðar um og er drifkrafturinn í orkustefnu allra þessa landa,“ segir Hörður.
- Hörður segir í þriðja lagi að sæstrengur gæti orðið mjög arðbær. Þeir 10-20 milljarðar sem búist er við að hægt verði að greiða í arð myndu aukast verulega ef kerfið yrði nýtt betur.




# Gaman að elda fyrir fjölskyldu og kæra vini

***Kristín Jóhannsdóttir hætti störfum hjá Nasdaq Iceland í síðustu viku eftir tíu ára starf. Hún hefur stofnað Apríl almannatengsl.***

Kristín Jóhannsdóttir, samskiptastjóri Nasdaq Iceland, ákvað eftir tíu ára starf hjá Kauphöllinni að breyta til og opna eigin almannatengslaskrifstofu.

Nýja fyrirtækið hennar hefur fengið heitið Apríl almannatengsl. Kristín hefur þó ekki að fullu sagt skilið við fyrri vinnustað sinn því að hún hefur samið um ráðgjafarstörf fyrir Nasdaq á Íslandi, ásamt því að taka að sér önnur verkefni.

Eftir stúdentspróf ákvað Kristín að verða kennari. Að loknu námi kenndi hún á unglingastigi í sex ár, bæði á Dalvík og í Reykjavík. Eftir það fór hún svo til Skotlands í meistaranám í almannatengslum við University of Stirling.

Kristín, sem alla jafna er kölluð Kitta, er alin upp á Dalvík. „Ég hugsa að það móti alla að hafa alist upp fyrir norðan. Maður ólst upp í þessu umhverfi sem er friðsælt og fallegt og maður kann að meta þá nánd við náttúruna sem maður hefur þar. Mér þykir alltaf gott að koma heim og ég á föður þar,“ segir hún. Hún segir að uppruni hennar hafi mótað hana af því að hún fór ung að vinna og sjá fyrir sér. „Það var algengt á Dalvík og örugglega í fleiri smábæjum,“ segir hún. Ef Dalvíkingar vilji mennta sig þá þurfa þeir að fara að heiman fimmtán ára gamlir. „Og það getur verið svolítið erfitt,“ segir Kristín.

Kristín segir að áhugamál sín séu einkum þau að elda fyrir fjölskylduna og kæra vini. Hún les einnig mjög mikið, fjölbreytt efni, skáldsögur, reifara, vinnutengt og ljóð. Þessa dagana er hún meðal annars að lesa ljóð eftir Ingunni Snædal vinkonu sína.

Þá segist Kristín einnig hafa gaman af innanhúsbreytingum og hönnun. „Fjölskyldan fær oft að njóta fjölbreyttra pælinga minna í formi breytinga á heimilinu. Þetta getur oft verið mjög skemmtilegt og skapandi. Oft fyrir mig meira en aðra reyndar,“ segir hún. Kristín segist líka gjarnan vilja gefa sér meiri tíma fyrir jóga. Hún segist helst vilja hafa nóg fyrir stafni og fólkið sitt í kringum sig, fjölskyldu og vini. „Maður er manns gaman,“ segir Kristín

Kristín á sér leynda hæfileika. Hún lærði ekki bara að verða kennari og almannatengill, heldur er hún líka með fimmta stig í söng. „Tónlist er mér hugleikin,“ segir hún en neitar því þó að hún syngi reglulega fyrir aðra. Hún sé meira að syngja fyrir sjálfa sig. Heimildir Markaðarins herma þó að Kristín troði reglulega upp á Fiskideginum mikla á Dalvík, sem haldinn er ár hvert. Og hljóti jafnan góðar undirtektir.

Kristín er gift Rúnari Dýrmundi Bjarnasyni og eiga þau þrjú börn saman.

jonhakon@frettabladid.is



**DALVÍKINGUR** Kristín segir að það hafi mótað sig að alast upp fyrir norðan. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## FAGMAÐUR FRAM Í FINGURGÓMA



Kristín er kona sem allir vildu hafa í sínu liði. Hún bíður ekki eftir að hlutirnir gerist af sjálfu sér heldur einhendir sér í verkefnin af fítonskrafti. Hún er fagmaður fram í fingurgóma, er leitandi og óhrædd við að kasta sér út í djúpu laugina – allt í þeim tilgangi að gera betur í dag en í gær.

Kristín nýtur sín hvergi betur en í mannlegum samskiptum. Hún gefur afskaplega mikið af sér, eins og þeir sem hafa átt í samskiptum við hana, innan sem utan Kauphallarinnar, geta borið vitni um.

Kristín er hreinskiptin. Hún segir skoðun sína umbúðalaust en er alltaf tilbúin að sjá fleiri en eina hlið á málunum. Þannig hafa mismunandi sjónarmið getað tekist á án þess að nokkur væri sár á eftir. Samstarfið við hana hefur verið í senn gefandi og lærdómsríkt.

**Páll Harðarson,** forstjóri Nasdaq á Íslandi



Ég á þrjár systur og hún er bara eins og fjórða systir mín. Dásamleg vinkona í alla staði. Fjölhæf með eindæmum; saumar sér galakjóla, sem klæða hana fáránlega vel, án þess að nota snið; töfrar fram stjörnumáltíðir sem maður kemst ekkert í tæri við á venjulegum veitingahúsum. Fádæma skemmtileg, kann að vera til og hafa gaman og vera góð við alla í kringum sig. Svo þyrftu fleiri að fá að njóta sönghæfileika hennar sem hún hefur erft frá föður sínum. Lífskúnstner sem ég er þakklát fyrir að þekkja.

**María Pálsdóttir**, leikkona og vinkona.

Íslandshótel hyggjast byggja við Franska spítalann og auka gistirými:

# Fjölga herbergjum á Fáskrúðsfirði um 21

Íslandshótel hafa ákveðið að fjölga hótelherbergjum á Fáskrúðsfirði og verða með 47 herbergi. „Við erum að opna 21 herbergi þar á næsta ári í viðbót,“ segir Davíð Torfi Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslandshótela. Fosshótel, sem eru í rekstri Íslandshótela, opnuðu hótel í Franska spítalanum í fyrra og þar eru nú 26 herbergi.

Nú verður byggt nýtt hús við hlið Franska spítalans. „Það stendur eitt og sér en er í raun húsaþyrping, læknabústaðurinn, franski spítalinn, kapellan og sjúkraskýlið,“ segir Davíð Torfi.

Davíð Torfi segir að reksturinn fyrir austan hafi gengið mjög vel. Það hafi verið uppselt allt sumarið í fyrra, en veturinn gengið merkilega vel líka. „Við bindum miklar vonir við þetta svæði og alveg eins með Vestfirðina. Við rekum hótel á Patreksfirði og opnuðum það 2013. Það hefur komið mjög vel út og við höfum mikla trú á því svæði,“ segir Davíð Torfi.

Hann býst við því að þegar vegasamgöngur batni á Vestfjörðum þá eigi ferðaþjónusta þar eftir að vaxa enn meira.

- jhh



**KJÖTAFURÐASTÖÐ KAUPFÉLAGS SKAGFIRÐINGA.**

# Kaupfélagið setur stefnuna á Rússland

***Kjötafurðastöð Kaupfélags Skagfirðinga leggur mesta áherslu á markaðssetningu í Rússlandi. Kreppan þar setur strik í reikninginn. Forstöðumaðurinn segir þó mikilvægt að horfa til lengri tíma.***

„Við erum á fullu í markaðssetningu á lambakórónunni í Rússlandi. Við sendum svolítið út í haust og höfum verið að dreifa því til nokkurra aðila í veitingabransanum,“ segir Ágúst Andrésson, forstöðumaður Kjötafurðastöðvar Kaupfélags Skagfirðinga. Í stuttu máli má segja að lambakóróna sé í raun fille með rifjum.

Kaupfélag Skagfirðinga flutti í fyrra um 60-70 tonn af lambakjöti til Rússlands. Þar af voru um sjö tonn af lambakórónu. „Það er mikill markaður fyrir lambakjöt í Rússlandi þannig og það eru ákveðin tækifæri fyrir okkur að markaðssetja vöruna þar,“ segir Ágúst.

Hann segir að Rússland sé ekki stærsti markaður fyrir Kaupfélag Skagfirðinga í dag, en sennilegast sá markaður þar sem fyrirtækið ver mestum peningum til markaðssetningar núna. Þetta er gert í gegnum fyrirtækið Icecorp í Pétursborg sem er dótturfélag Kjötafurðastöðvarinnar. „Við erum að selja mikið til Spánar,“ segir Ágúst. Þá sé líka flutt mikið til Noregs í heilum skrokkum, en ekki sé mikið markaðsstarf á bak við það. „En við erum að senda um 200 tonn til Bandaríkjanna,“ segir hann svo.

„Rússland er einn af þeim mörkuðum sem við leggjum áherslu á núna og ætlum að gera núna á næstu árum. Að reyna að byggja upp markað fyrir íslenskt lambakjöt og íslensk matvæli í gegnum fyrirtækið okkar Icecorp í Pétursborg.“

Ágúst segir að kreppan í Rússlandi hafi vissulega haft áhrif á viðskiptin, fjárflæðið og annað slíkt. „Við höfum alveg þurft að lifa við það. En það sem er kannski mikilvægt í þessu er að gefast ekki upp heldur líta á þetta sem langtímaverkefni, því að þarna eru náttúrulega gríðarleg tækifæri til lengri tíma litið. Vörunni okkar er vel tekið og við erum með áætlanir um að byggja þetta hratt og vel upp á næstu árum,“ segir hann.

jonhakon@frettabladid.is



**VERSLUN FRÍHAFNARINNAR** Hagnaðurinn er umtalsvert minni í ár en hann var í fyrra.

Velta Fríhafnarinnar 8,6 milljarðar króna í fyrra samkvæmt reikningi:

# 2,9 milljarðar í leigu

Velta Fríhafnarinnar nam 8,6 milljörðum króna í fyrra, samkvæmt ársreikningi sem nýlega var birtur í ársreikningaskrá. Hagnaður ársins nam um 17,4 milljónum króna og eignir nema rétt tæplega 1,6 milljörðum króna. Eiginfjárhlutfall er 49,3 prósent.

Hagnaðurinn er umtalsvert minni í fyrra en hann var árið áður en þá nam hann 73 milljónum króna. Í ársreikningnum kemur fram að nýr húsaleigusamningur við Isavia ohf. tók gildi 1. janúar 2015 og gildir hann til ársloka 2018. Þá er Fríhöfnin einnig með húsaleigusamning vegna Dutyfree Fashion.

Gjaldfærð húsaleiga beggja þessara samninga á árinu 2014 nam rúmlega 2.879 milljónum króna.

- jhh



TÖLVURÝMING!
FARTÖLVUR · SPJALDTÖLVUR · BORÐTÖLVUR
GAAAAAALIN VERÐ Í ÖRFÁA DAGA!
LÆKKUN -20.000 KR.
-20%
ASU-F551MAVBINGSX426
79.995 KR.
FULLT VERÐ 99.995 KR.
-25%
LÆKKUN -35.000 KR.
ASU-F555LAX0330H
104.995 KR.
FULLT VERÐ 139.995 KR.
-28%
LÆKKUN -7.000 KR.
ASU-ME70C1B014A
17.995 KR.
FULLT VERÐ 24.995 KR.
7" Asus Intel Atom spjaldtölva
-17%
LÆKKUN -20.000 KR.
119.995 KR.
FULLT VERÐ 139.995 KR.
Quad Core leikjatölva
SÝNINGAREINTÖK Í TAKMÖRKUÐU MAGNI
Á VERULEGUM AFSLÆTTI!
-15%
LÆKKUN -30.000 KR.
TOS-Z30A18W
169.995 KR.
FULLT VERÐ 199.995 KR.
13,3" Pro með Intel i5 og SSD
ASU-F555LADM835H
109.995 KR.
FULLT VERÐ 129.995 KR.
-15%
LÆKKUN -20.000 KR.
15,6" FHD Intel i5
49.995 KR.
FULLT VERÐ 59.995 KR.
-17%
ÓTRÚLEGT TILBOÐSVERÐ
tl.is
TÖLVU LISTINN
REYKJAVÍK SUÐURLANDSBRAUT 26 Sími 414 1700
AKUREYRI GLERÁRGÖTU 30 Sími 414 1730
HÚSAVÍK GARÐARSBRAUT 18A Sími 464 1600
EGILSSTAÐIR KAUPVANGI 6 Sími 414 1735
KEFLAVÍK HAFNARGÖTU 90 Sími 414 1740
SELFOSS AUSTURVEGI 34 Sími 414 1745
AKRANES ÞJÓÐBRAUT 1 SÍMI 431 3333

Engin framkomin rök réttlæta sölu á Borgun fyrir luktum dyrum:

# Gjöf á eign ríkisins

Salan á eignarhlut ríkisbankans Landsbankans á eignarhlut í Borgun hf. á að því er virðist undirverði var eiginlega gjöf á eignum ríkisins.

Borgun hyggst greiða 800 milljónir króna í arð á þessu ári vegna rekstrar síðasta árs og nemur arðgreiðslan helmingi hagnaðar ársins. Þetta er í fyrsta sinn síðan árið 2007 sem fyrirtækið greiðir arð. Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, sagði í síðustu viku þegar málið kom upp að þessi tíðindi sýndu „hvers konar reginhneyksli salan á Borgun var“. Það er ástæða til að taka undir þessi orð formanns Samfylkingarinnar að því virtu að salan á Borgun var gjöf á verðmætum ríkisins.

„Nú sitja þeir kaupendur á hlut ríkisbankans sem voru útvaldir í bakherbergjum og greiða sér kaupverðið hægt og rólega í arð. Sala á eignarhlutum ríkisins á aldrei að eiga sér stað í leyni og án samkeppni,“ sagði Árni Páll.



**Markaðshornið**

Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@stod2.is

**Kaupandinn er eignarhaldsfélag með takmarkaða ábyrgð og því taka hluthafa þess litla áhættu.**

Landsbanki Íslands seldi 31,2 prósenta hlut í Borgun fyrir 2,2 milljarða til Eignarhaldsfélagsins Borgunar slf., sem m.a. er í eigu Stálskipa, Péturs Stefánssonar ehf. og Einars Sveinssonar. Eignarhaldsfélagið Borgun slf. fær 250 milljónir króna í sinn hlut vegna arðgreiðslunnar. Landsbankinn, sem er í eigu ríkisins, var harðlega gagnrýndur fyrir að hafa ekki boðið hlutinn út í opnu söluferli.

Gjöfin fólst í mismuninum á raunverulegu verðmæti eignarhlutarins í Borgun hf. og þess verðs sem nýir hluthafar fyrirtækisins, íslenskir kaupsýslumenn sumir hverjir nátengdir fjármála- og efnahagsráðherra, greiddu fyrir fyrirtækið. Það er í raun með nokkrum ólíkindum að ekki hefur verið upplýst hvernig nýir hluthafar greiddu fyrir eignarhlutinn í Borgun, þ.e. hvort þeir lögðu fram eigið fé við kaupin eða hvort kaupverðið var greitt með lánsfé. Kaupandinn er eignarhaldsfélag með takmarkaða ábyrgð og því taka hluthafar þess litla áhættu ef hlutirnir fara ekki vel en hagnast mjög mikið með arðgreiðslum og hækkun á virði hlutarins. Sigríður Mogensen hagfræðingur benti á það lykilatriði í frétt hér í blaðinu í síðustu viku að það þyrfti að upplýsa hvort Landsbankinn veitti seljendalán, hvort aðrir íslenskir bankar hafi fjármagnað eignarhaldsfélagið eða hvort kaupin hafi verið greidd að fullu með eigin fé. „Öllum þessum spurningum er ósvarað. Ástæðan fyrir því að fólk á rétt á að fá þessar upplýsingar er að þetta er banki í eigu þjóðarinnar,“ sagði Sigríður.

Landsbankinn var í erfiðri stöðu í málinu. Hann þurfti að selja eignarhlut sinn í Borgun vegna kröfu Samkeppniseftirlitsins. Þessari kvöð fylgdi hins vegar aldrei skilyrði um handvalda kaupendur og sölu með leynd. Besta leiðin til að tryggja heilbrigða verðmyndun á fyrirtækinu hefði falist í því að auglýsa hlutabréfin í Borgun hf. og fela þriðja aðila, t.d. verðbréfafyrirtæki, að annast söluferlið. Svo virðist sem stjórn Landsbankans átti sig líka á því hversu glórulaus ráðstöfun það var að selja hlutabréfin í Borgun með þeim hætti sem gert var. Formaður bankaráðs bankans sagði á ársfundi Landsbankans 18. mars að bankinn hefði átt að selja hlutinn í Borgun í opnu söluferli „formsins og ásýndarinnar vegna“ en bankinn hefði ekki getað tryggt rétta upplýsingagjöf til væntanlegra kaupenda á fyrirtækinu þar sem aðkoma bankans að því var takmörkuð. Þriðji aðili hefði hins vegar getað annast söluna til að ná þessu markmiði og það hefur aldrei verið útskýrt hvers vegna það var ekki gert.

Þegar öllu er á botninn hvolft voru verðmæti í eigu íslenskra skattgreiðenda gefin fáum útvöldum mönnum með þeirri glórulausu ákvörðun sem salan á Borgun var.

Ætlar enginn að axla ábyrgð vegna þess?

## Fórnarlamba hryðjuverkaárása í Naíróbí minnst



**BÝÐUR FRAM AÐSTOÐ** John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, tók á mánudaginn þátt í minningarathöfn um þá sem fórust í hryðjuverkaárásunum á sendiráð Bandaríkjanna í Naíróbí í Kenía árið 1998. Um leið og Kerry minntist fórnarlambanna bauð hann fram aðstoð Bandaríkjanna í baráttunni gegn þeirri ógn sem sómölsk hryðjuverkasamtök eru orðin. NORDICPHOTOS/AFP

# Kvótakerfið er gott – en byggt á siðferðilegum sandi

**Skoðun**

Þorkell Helgason,
stærðfræðingur.



Fræðimenn eru almennt orðnir sammála um að kvótakerfi sé skilvirkasta leiðin til stjórnar á fiskveiðum. Kvótunum var upphaflega úthlutað ókeypis en hafa síðan gengið kaupum og sölum. Það hefur þjóðin ekki getað sætt sig við – og gerir ekki enn. Útgerðin býr því eilíft við óvissu. Ástæðan er sú að það skortir siðferðilegan grundvöll undir kvótakerfið, grundvöll sem bæði þjóðin og þeir sem að sjávarútvegi starfa geta við unað.

Ekki væri sanngjarnt að innkalla alla kvóta fyrirvaralaust. En það er til millileið sem í senn veitir útgerðum eðlilega aðlögun um leið og hún færir auðlindirnar smám saman til baka til eigandans, þjóðarinnar, sem þá nýtur sanngjarns arðs af sinni eign. Þetta er markaðsleið þar sem kvótum er endurúthlutað árlega en þeir skertir lítillega um leið. Það sem af gengur er boðið upp.

**Makrílfrumvarpið**

Stjórnarfrumvarp hefur verið lagt fram á Alþingi um úthlutun makrílkvóta. Í því er það veigamikla nýmæli að aflahlutdeildum er ekki lengur úthlutað eitt ár í senn án frekari skuldbindinga. Í þess stað er úthlutunin í raun ótímabundin nema hvað stjórnvöld geta afturkallað hana, en til þess þarf sex ára aðdraganda. Eigi að segja ákvæðinu upp þarf meiri hluti á Alþingi að vera sama sinnis í tvö ef ekki þrjú kjörtímabil í röð. Það er því jafnvel erfiðara að afturkalla makrílúthlutunina en að breyta sjálfri stjórnarskránni.

En hættan af þessu óheillafrumvarpi er enn meiri. Segjum að ákvæði um auðlindir í almannaeign komist loks í stjórnarskrá, eins og stjórnlagaráð lagði til og um þrír fjórðu hlutar kjósenda studdu í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 2012. Þá væri samt ekki unnt að hrófla við makrílúthlutuninni næstu sex til sjö árin á eftir án þess að skapa ríkissjóði hættu á risaháum skaðabótakröfum. Núverandi sjávarútvegsráðherra hefur raunar reifað hugmyndir um að kvótahafar fái að halda kvótunum óáreittir í 23 ár og það með sjálfvirkri framlengingu. Það er því augljóst að það stefnir í varanlegt afsal þjóðarinnar á fiskimiðunum sé ekki spornað kröftuglega við. Í stað tillögu sjávarútvegsráðherra um ráðstöfun á makrílkvótunum væri kjörið að beita nú framangreindri uppboðsleið á þessar veiðar.

**Það er því augljóst að það stefnir í varanlegt afsal þjóðarinnar á fiskimiðunum sé ekki spornað kröftuglega við.**

Makrílfrumvarpið er ekki smámál um smáan fisk. Óbreytt mun frumvarpið ryðja brautina að endanlegri einkavæðingu fiskimiðanna við Íslandsstrendur. Því er frumvarpið ógæfuspor sem verður að stöðva. Lesandinn getur lagt sitt af mörkum með því að styðja undirskriftasöfnun á thjodareign.is

*Pistill þessi er stytt gerð af grein sama heitis á visir.is*

# Tertusneiðin eða kaka

**Hin hliðin**

Hulda Bjarnadóttir
framkvæmdastýra Félags kvenna í atvinnurekstri



Hvort er betra að búa á Íslandi þegar heilbrigðiskerfið er fjársvelt og getur ekki fjármagnað tækjabúnað eða þegar heilbrigðiskerfið er ekki rekstrarhæft vegna verkfalla? Hvort er betra að búa á Íslandi þegar ferðamönnum fjölgar svo ört að við hræðumst átroðning eða þegar ferðamenn koma ekki til landsins vegna þess að starfsfólk ferðaþjónustunnar neitar að sinna starfinu vegna lélegra kjara? Hvernig komumst við í þessa stöðu?

Yfirvofandi óvissa og seinagangur kjaraviðræðna er sjálfsagt farinn að hafa áhrif á fjölda manns nú þegar. Öllum til ama og leiðinda. Hugarróin er ekki mikil hjá þeim sem nú takast á. Erlendir félagar spyrja af hverju við gerum þetta ekki bara í þrepum reglulega án verkfallsaðgerða. Já, af hverju gerum við það ekki og hættum þessum stanslausu verkfallshótunum? Ég vil trúa því að ef markmið stéttarfélaganna í þessari lotu er raunverulega að hífa lágmarkslaun upp í 300 þúsund króna þá sjái mögulega fyrir endann á þessari verkfallsrimmu. En þar virðist hnífurinn standa í kúnni og einhver stærri sviðsmynd er mögulega ekki sögð og eitthvert leikrit er sett á svið.

En sviðsmynd aðalhagfræðings Seðlabankans er að lokum sú að ef allar hækkanir ná fram að ganga þá muni verðbólga vaxa hratt og stýrivextir tvöfaldast. Ekki á það bætandi í samanburði okkar við nágrannaþjóðir.

Engu að síður ætla allir að fá alla kökuna og frumskógur stéttar- og starfsmannafélaga er mættur með sínar kröfur. Enginn skal fá meira en hinn og það ætla allir að para sig við lækna og kennara. Ekki í næstu lotu, heldur núna. Laun hafa alltaf verið samanburður og eðlilegt er að kröfurnar séu lagðar fram. En er eðlilegt að öllum finnist það sjálfsögð krafa núna, undir eins og fyrir alla? Það hlýtur að þurfa að taka þetta í skrefum líkt og Samtök atvinnulífsins og fleiri hafa verið að benda á. Hvað þarf til að slíkt verklag komist á? Kröfur flestra stéttarfélaganna eru að minnsta kosti langt umfram það sem fyrirtækin geta staðið undir.

Klárum að ræða lágmarkslaunin í þessari lotu. Ræðum hitt svo í framhaldinu. Verðhækkanir, uppsagnir og gjaldþrot er hættan á hinum ásnum ef allt kemur til framkvæmda á sama tíma.

Að því sögðu held ég áfram að velta mér upp úr því, hvort það sé gott að búa á Íslandi eða bölvanlegt.

Póst dreifing

# FJÖLPÓSTUR SEMVIRKAR

**Staðbundin skilaboð, hægt að velja póstnúmer, hverfi, tegund húsa o.s.frv.**

# MARKHÓPADREIFÐUR FJÖLPÓSTUR

**Viðtakandinn er sérstaklega valinn og þannig líklegur til að bregðast við.**

# MARKPÓSTUR FYRIR RÉTTA FÓLKIÐ

**Ódýr og markviss leið til að ná í rétta hópinn.**

ERTU ÓÁKVEÐIN/N EÐA ERTU EKKI VISS?
Fáðu tilboð hjá Póstdreifingu fyrir þín skilaboð, hafðu samband í síma 585 8300 eða sendu okkur fyrirspurn á netfangið SALA@POSTDREIFING.IS

PÓSTDREIFING EHF
Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | S. 585 8300
**www.postdreifing.is | postdreifing@postdreifing.is**

# MARKAÐURINN

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** Sími **512 5000** Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang **visir.is**

**Gengi gjaldmiðla**

| | | | |
|---|---|---|---|
| USD 131,74 | DKK 19,72 | NOK 17,37 | CHF 142,2 |
| GBP 199,91 | EUR 147,2 | SEK 15,74 | JPY 1,10 |

**FTSE 100**
6.927,58
(-0,84%)

**Viðskiptavefur Vísis**
**@VisirVidskipti**

## 14% AUKNING

### Gistinóttum á Íslandi fjölgar enn

Gistinætur á hótelum hér á landi í mars voru 216.900 sem er 14 prósenta aukning miðað við mars 2014, samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands. Gistinætur erlendra gesta voru 86 prósent af heildarfjölda gistinátta í mánuðinum en þeim fjölgaði um 19 prósent frá sama tíma í fyrra á meðan gistinóttum Íslendinga fækkar um 8 prósent milli ára.

**29.04.2015**

Það er ljóst að það leggst af ákveðin efnahagsstarfsemi í þann tíma sem verkfall varir. Þetta mun snerta öll fyrirtæki annaðhvort með beinum eða óbeinum hætti. Líðleiki í viðskiptum milli fyrirtækja og aðila mun minnka til muna. Þetta hefur augljós neikvæð áhrif á landsframleiðslu og í ljósi þess hversu stór verkalýðsfélögin eru sem boðað hafa aðgerðir verða áhrifin enn meiri.

***Gylfi Magnússon**, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.*



## 560 MILLJÓNA VELTA

### Aukin umsvif á Breiðafirði

Sæferðir, sem reka ferjuna Baldur og Særúnu á Breiðafirði, fjárfestu í nýrri og stærri ferju í fyrra sem tekur fleiri farþega og bíla og eykur möguleika fyrirtækisins til frekari vaxtar. Heildarvelta fyrirtækisins í fyrra nam 560 milljónum króna. Eimskip hefur nú keypt Sæferðir, en kaupin á fyrirtækinu eru háð samþykki Samkeppniseftirlitsins.

## STJÓRNARMAÐURINN

## Píratar geta þetta

Óhætt er að segja að hið pólitíska landslag á Íslandi sé áhugavert. Píratar mælast með þriðjungsfylgi í könnunum, á meðan rótgrónu flokkarnir, þá sérstaklega Framsókn og Samfylking, eiga í vök að verjast. Sjálfstæðismenn geta svo varla verið ánægðir með fylgi sem daðrar við tuttugu prósentin.

**EKKI ER** auðvelt benda á eina ástæðu fyrir fylgisaukningu Pírata. Auðvitað spila margir hlutir inn í – slæm frammistaða stjórnarflokkanna, lík Ögmundar og Steingríms í VG-lestinni, laskaður formaður hjá Samfylkingu, og grímulaus popúlismi Framsóknar.

**EITT ER** þó sem stjórnarmaðurinn hefur tekið eftir í fari Pírata, þá helst Helga Hrafns Gunnarssonar, talsmanns þeirra. Þeir nálgast bæði pólitíska kollega (ekki andstæðinga) og viðfangsefnin af auðmýkt og virðingu. Þetta er sú nálgun sem oftast er líkleg til árangurs á öðrum sviðum mannlífsins, hvort sem er í mannlegum samskiptum eða viðskiptum. Af hverju ættu önnur lögmál að gilda í pólitík?

**HELGI ER** líkur Jóni Gnarr að þessu leyti. Kannski eru þeir eftir allt saman klækjastjórnmálamenn. Þeir skynja tíðarandann og vita að besservisserapólitíkusar sem tala meira og gera minna eru löngu dottnir úr tísku. Sá maður er heldur ekki til sem veit allt um allt. Þá er betra að svara heiðarlega, segjast ekki vita nóg og lofa að skoða málið.

Stjórnarmaðurinn er ekki hrifinn af öllu sem Píratar hafa fram að færa. Þá sérstaklega afstöðu þeirra í höfundarréttarmálum, sem myndi grafa undan góðum fyrirtækjum í landinu og skilja listamenn eftir á berangri. Höfundarrétturinn er eignarréttur, og hann ber að vernda með sambærilegum hætti og eignarrétt á t.d. fasteign.

**PÍRATAR** eiga hins vegar skilið að vera á þeim stað sem þeir eru nú. Það er málflutningar þeirra sem hefur fleytt þeim þangað.

Nú eru Píratar í þeirri stöðu að verða skotmark atvinnupólitíkusa. Þær raddir munu heyrast að óráðlegt sé að treysta óvönu fólki fyrir stjórn landsins. Slíkt muni hafa alvarlegar afleiðingar fyrir efnahag ríkis og þegna.

Þetta eru gamalkunnug rök sem Jóni Gnarr tókst að afsanna.

Með sama hætti var talið að samsteypustjórnir í Bretlandi væru ávísun á efnahagslegar hamfarir og pólitískt fárviðri. Það afsannaðist árið 2010 þegar frjálslyndir og íhaldsmenn tóku saman. Markaðirnir bærðust vart við tíðindin og við tók ríkisstjórn sem hefur tekist að gera breska hagkerfið að fyrirmynd annarra í Evrópu undanfarin ár.

**PÍRATAR** geta þetta alveg. Á næstu mánuðum kemur í ljós hvort þeir eiga tækifærið skilið.

**@stjornarmadur**



Einar Hannesson Hdl.Löggiltur Fasteignasali og leigumiðlari | Þórarinn Jónsson hdl.Löggiltur Fasteignasali | Óskar Már Sölustjóri gsm 615-8200 | Víðir Framkvæmdarstjóri gsm 854-2226 | Stefán Páll Sölufulltrúi gsm 694-7186 | Agnar Sölufulltrúi gsm 820-1002 | Þórir Sölufulltrúi 865-9774 | Ármann Þór Sölufulltrúi gsm 847-7000 | Kristín Sölufulltrúi gsm 894-3003 | Helgi Sölufulltrúi gsm 895-1999 | Diðrik Sölufulltrúi gsm 647-8052 | Björgvin Þór Sölufulltrúi gsm 855-1544 | Ívar Sölufulltrúi gsm 690-9090 | Haraldur Sölufulltrúi gsm 783-1494 | Vera Sölufulltrúi gsm 866-1110 | Sveinn Sölufulltrúi 899-8546

DOMUSNOVA
Fasteignasala venjulega fólksins... Fasteignasala

**Sérvöruverslun/Heildsala Kringlan** — **Verð Tilboð**



**FJÁRFESTINGARTÆKIFÆRI**

**Stefán Páll og Domusnova kynna í einkasölu:** Sérverslun í Kringlunni ásamt heildverslun .
Bæði verslun og heildsala hafa sýnt góða rektrarafkomu seinustu ár
Frábært fjárfestingatækifæri fyrir þá sem vilja fara í sjálfstæðan rekstur .
**Nánari upplýsingar og gögn veita Stefán Páll í síma 694-7186 eða stefanp@domusnova.is og Einar Hannesson löggiltur fasteignasali einar@domusnova.is**

**Skjólbraut 2 200 Kópavogur** — **Verð Tilboð**



**Mikið endurnýjuð**

**Stefán Páll og Domusnova kynna í einkasölu:** Fallega og vel skipulagða íbúð auk bílskúrs í þessu gróna hverfi í vesturbæ Kópavogs.
**Skipti á einbýlishúsi með aukaíbúð og bílskúr í Kópavogi kemur til greina.**
**Nánari upplýsingar veita Stefán Páll í síma 694-7186 eða stefanp@domusnova.is og Einar Hannesson löggiltur fasteignasali einar@domusnova.is**

**Keilufell 2 111 Reykjavík** — **Verð 51.900.000**



**OPIÐ HÚS FÖSTUDAG 8. MAÍ KL 17:15-17:45**

**Stefán Páll og Domusnova kynna í einkasölu:** Einbýlishús á 3 hæðum.
Húsið stendur á góðum stað við Elliðárdal með stórum afgirtum garði.
Margar góðar gönguleiðir eru í kring í fallegu umhverfi og stutt í alla þjónustu.
**Eign sem vert er að skoða. Einstakt útsýni**
**Nánari upplýsingar veita Stefán Páll í síma 694-7186 eða stefanp@domusnova.is og Einar Hannesson löggiltur fasteignasali einar@domusnova.is**

**Grandavegur 47 107 Reykjavík** — **Verð 44.900.000**



**60 ára og eldri**

**Haraldur og Domusnova kynna:** Nýstandsett glæsileg 128.3 fm íbúð á 1.hæð, að Grandaveg 47, ætluðum 60 ára og eldri.
Íbúðin er snyrtileg og vönduð í alla staði og fylgir henni stórt 27,9 fm aukaherbergi á sér fastanúmeri sem er utan íbúðar og snýr það út á Faxaflóann með góðu útsýni
**Nánari upplýsingar gefa Haraldur S: 783-1494 eða haraldur@domusnova.is og Einar Hannesson löggiltur fasteignasali á einar@domusnova.is**

**Langholtsvegur 185 104 Reykjavík** — **Verð Tilboð**



**Íbúð með bílskúr**

**Diðrik og Domusnova kynna í einkasölu:** Vel skipulögð og heillandi kjallaraíbúð við Langholtsveg ásamt bílskúr.

Þetta er virkilega skemmtileg eign á frábærum stað miðsvæðis í Reykjavík.
Stutt í alla þjónustu í Skeifunni.

**Nánari upplýsingar gefa Diðrik S: 647-8052 eða didrik@domusnova.is og Einar Hannesson löggiltur fasteignasali á einar@domusnova.is**

**Seljavegur 13 101 Reykjavík** — **Verð 52.900.000**



**Lækkað verð**

**Diðrik og Domusnova kynna í sölu:** Tvær íbúðir við Seljaveg í mikið endurnýjuðu húsi. Rólegt og barnvænt hverfi.

Íbúðirnar voru báðar endurgerðar og standsettar á árunum 2003-2008
Stutt er í alla þjónustu.

**Nánari upplýsingar gefa Diðrik S: 647-8052 eða didrik@domusnova.is og Einar Hannesson löggiltur fasteignasali á einar@domusnova.is**

**www.domusnova.is** **www.domusnova.is**

DOMUSNOVA
Fasteignasala venjulega fólksins... Fasteignasala
Nýbýlavegur 8. 2.hæð 200 Kópavogur eignir@domusnova.is S 527 1717

568 5000
NS
NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Reiðhjól



RAFMAGNS-REIÐHJÓL
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF ELDRI ÁRGERÐ.
VERÐ NÚ FRÁ 75.000,-
TAKMARKAÐ MAGN.
EL - BIKE.IS
Bindir & stál ehf.
Hvaleyrarbraut 39
220 Hafnarf. S. 864 9265

## Hjólhýsi



**SÓLARSELLUR ÞÝSK GÆÐAVARA**
140W. Verð aðeins kr. 89 þús með stjórnstöð og festingum. Áhugasamir hafið samband við kriben@simnet.is eða s. 866 5395

## Fellihýsi

Umboðssala á notuðum tjaldvögnum fellihýsum húsbílum hjólhýsum
Risasýningarsvæði á Korputorgi
Korputorg | 112 Reykjavík
Sími 551 5600 | utilegumadurinn.is
Útilegumaðurinn

## Bátar

199 þús!



VEIÐIPORTIÐ

**SWING SLÖNGUBÁTAR**
320 - 420 cm frá 199.000 kr. Veiðiportið Grandagarði 3, s. 552-9940 Nánar á veidiportid.is

## Bílaþjónusta

B.S.VERKTAKAR

Malbiksviðgerðir - málun bílastæða - vélsópun - skilti www.verktak.is S: 5514000

## Varahlutir

VAKA



**FELGUR**
Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

**JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA**
Erum að rífa flestar teg. frá asíu og evrópu árg. ,99-13. Kaupum flestar teg. bíla. Opið 8-18 virka Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

## Viðgerðir

**BÍLAVERKSTÆÐIÐ SMÁPARTAR**
Getum bætt við okkur nokkrum kúnnum

Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**ÁRATUGA REYNSLA**
Tökum að okkur almennt viðhald og breytingar. Pípulagningaþjónustan Ró ehf. s. 780 3939

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Garðaþjónusta Íslands ehf
www.garda.is
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 517 5900

**FYRIRMYNDAR GARÐSLÁTTUR**
Ódýr og vandaður garðsláttur og trjáklippingar fyrir húsfélög og einstaklinga. Engi ehf 615-1605, grasblettur@gmail.com

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLARAMEISTARI**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
- múrviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningarvinna
- trésmíðavinna
- gluggaskipti
- glerskipti
- pípulagnir
- flísalagnir
- jarðvinna
- hellulagnir
- álklæðningar

Sími 567 6699
vidhald@vidhald.is
www.vidhald.is

## Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
Visa 566 7311 euro
Tímapantanir í síma 869 4650

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Önnur þjónusta

Hreinsa þakrennur, laga rið á þökum og tek að mér ýmis verkefni. S. 847 8704 & manninn@hotmail.com

# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**

**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA.**
**SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun

WE-VIBE



**NÝ SKEMMTILEG SENDING KOMIN**
Vinsælasta unaðsvara heims We-Vibe 4, Butt plugs, 50 Shades of Grey vörur, ástarkúlur, egg o.fl. Sendum um allt land - tökum við millifærslu, netgíró og greiðslukortum www.hush.is

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Flug



**EINKAFLUGMANNSNÁM HEFST 1. JÚNÍ, SKELLTU ÞÉR Á NÁMSKEIÐ!**
Láttu drauminn rætast!. Skráðu þig í nám. Fyrsta skrefið í átt að atvinnuflugmanni (hefst í sept). Kvöldskóli - nám með vinnu. Skemmtileg upplifun og frelsi - fylgir fluginu. Einnig helgarnámskeið fyrir 14 - 16 ára. Kannaðu málið! Skráning á www.flugskoli.is

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU Á AÐEINS 950 KR FM!**
Kistumelar 16, 116 Reykjavík 165 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsluhurðir, góð malbikuð lóð og greið aðkoma.
**Uppl. veitir Hafsteinn í s. 690-3031**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
**gsm 777 1313**

**leiga@leiguherbergi.is**

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU OG SÖLU**
Ný 50 m2 bil í Steinhellu 14. Mikil lofthæð. Góðir gluggar og hurðir. Fyrir frístundir eða lítinn rekstur. S: 661-6800 og 564-6500

## Geymsluhúsnæði

**SUMARTILBOÐ GEYMSLULAUSNIR.IS**
Verð frá 2900kr.mán Sækjum og sendum. S: 615-5005

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

kvosin
FERSKT OG FLJÓTT

**VERSLUNIN KVOSIN, AÐALSTRÆTI.**
Leitar að sumarfólki í afleysingar með möguleika á framtíðarstarfi. Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund, duglegur(ur) til verka, 18 ára eða eldri og með góða íslensku og ensku kunnáttu. Vinsamlegast sendið ferilskrá og uppl. um meðmælendur á telma@kvosin.is fyrir 15. maí

**VANTAR BÍLSTJÓRA Í 100% STARF**
Snyrtimennska, áreiðanleiki, dugnaður og íslenskukunnátta er skilyrði. Þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.

Umsóknir og nánari upplýsingar á vinnaibodi@gmail.com titlað „Bílstjóri"

**BÍLSTJÓRAR**
Óskum eftir bílstjóra með meirapróf. Mikil vinna framundan.
**Uppl. í s. 893 5444 Björn**

**LAUNDRY EMPLOYEE AND HOUSEKEEPERS WANTED AT APARTMENTK**
We are looking for House Keepers, part/full time and a Laundry Employee with a drivers License, full time. Please send CV's to sales@apartmentk.is

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Rauða Torgið
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

## til leigu






# Til leigu 300 m²

**á besta stað við Bíldshöfða Reykjavík**

Mikil lofthæð, 2 stórar innkeyrsluhurðir, blasir við Ártúnsbrekkunni !!

Mjög sanngjarnt leiguverð, kr. 1500 per m2 (ekki Vsk húsnæði)

Allar frekari uppl. birnir@bill.is eða 893 9500.

## Veðurspá

### Miðvikudagur

Í dag verður meira og minna það sama upp á teningunum, áfram bjart og fallegt, en fremur svalt vorveður sunnan- og vestantil, en kalt og ekki sérstaklega vorlegt um að litast fyrir norðan og austan. Hiti breytist lítið.




### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | -2° | -4° |
| ↙7 | ↖2 | ↓5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -4° | 3° | -7° |
| ↘11 | →1 | ↓6 |

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | -3° | -5° |
| ↙5 | ←5 | ↓6 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -5° | 1° | -7° |
| ↘10 | ↑3 | ↓6 |

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** góna, **6.** utan, **8.** ískur, **9.** endir, **11.** ekki, **12.** stopp, **14.** beikon, **16.** í röð, **17.** spor, **18.** ról, **20.** átt, **21.** viðskipti.

**LÓÐRÉTT**
**1.** loga, **3.** tvíhljóði, **4.** fjölmiðlar, **5.** regla, **7.** nýta, **10.** frostskemmd, **13.** gogg, **15.** slabb, **16.** ris, **19.** mun.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gapa, **6.** án, **8.** urg, **9.** lok, **11.** ei, **12.** stans, **14.** flesk, **16.** þæ, **17.** far, **18.** ark, **20.** na, **21.** kaup.

**LÓÐRÉTT: 1.** báts, **3.** au, **4.** pressan, **5.** ægi, **7.** notfæra, **10.** kal, **13.** nef, **15.** krap, **16.** þak, **19.** ku.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Stefán Bergsson (2.063) sneri á Halldór Pálsson (2.021) í áskorendaflokki Íslandsmótsins í skák. Halldór lék síðast 39. Ha1xa3?**

**Svartur á leik**

**39.…Rb5!** Gafflar alla þungu menn hvíts. **40. Dxb8??** Halldór fipast í tímahraki. Eftir 40. Da4 er hvítur enn á lífi. **40.…Hxb8 41. Ha4 Rxd6 42. exd6 Be6** og hvítur gafst upp.

**www.skak.is:** Björn Hólm og Vignar Vatnar Íslandsmeistarar í skólaskák.



## Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 8 | | 6 | | | | |
| | 1 | 2 | | | 4 | 3 | 5 | |
| 4 | | | | 1 | | 8 | | 2 |
| | 2 | 6 | | 9 | 7 | 5 | | 8 |
| | | | 4 | | | 7 | 1 | |
| | | 9 | | | 5 | 2 | | |
| | | | 6 | | | | 8 | 5 |
| | 3 | | | | | 1 | | |
| 8 | | | | | 2 | | 3 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | 2 | | 7 | 3 | | 1 | |
| | | | | | | 7 | 9 | 5 |
| | | 8 | | | | 4 | 2 | |
| | | | | 3 | 2 | | 4 | |
| 2 | 4 | | | 9 | 6 | | 5 | |
| | 6 | | 4 | | | | | |
| 9 | | 1 | 2 | | | | | |
| | | | 6 | 4 | | 5 | | |
| | 8 | | | 1 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | 8 | | |
| 6 | | | | | | 7 | | 2 |
| | 4 | | 9 | 1 | | | | |
| | 3 | 5 | | | 9 | 4 | 6 | |
| 4 | | | | | | | | 5 |
| | 7 | 1 | 4 | 6 | | | | |
| 1 | | 7 | 5 | | | 6 | | |
| | 5 | | 3 | | | | | 1 |
| | | | 6 | | | 5 | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 6 | 2 | 7 | 9 | 3 | 4 | 5 | 1 |
| 7 | 9 | 1 | 5 | 4 | 2 | 6 | 3 | 8 |
| 4 | 3 | 5 | 8 | 6 | 1 | 7 | 9 | 2 |
| 5 | 4 | 9 | 3 | 1 | 6 | 8 | 2 | 7 |
| 1 | 7 | 3 | 2 | 5 | 8 | 9 | 6 | 4 |
| 2 | 8 | 6 | 9 | 7 | 4 | 3 | 1 | 5 |
| 6 | 2 | 8 | 4 | 3 | 5 | 1 | 7 | 9 |
| 9 | 1 | 4 | 6 | 2 | 7 | 5 | 8 | 3 |
| 3 | 5 | 7 | 1 | 8 | 9 | 2 | 4 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 6 | 2 | 1 | 8 | 3 | 5 | 7 | 4 |
| 1 | 7 | 3 | 9 | 4 | 5 | 2 | 6 | 8 |
| 4 | 5 | 8 | 6 | 7 | 2 | 1 | 9 | 3 |
| 5 | 8 | 6 | 4 | 1 | 7 | 9 | 3 | 2 |
| 7 | 2 | 9 | 8 | 3 | 6 | 4 | 5 | 1 |
| 3 | 1 | 4 | 2 | 5 | 9 | 6 | 8 | 7 |
| 8 | 4 | 7 | 5 | 6 | 1 | 3 | 2 | 9 |
| 2 | 3 | 5 | 7 | 9 | 4 | 8 | 1 | 6 |
| 6 | 9 | 1 | 3 | 2 | 8 | 7 | 4 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 5 | 1 | 2 | 6 | 3 | 7 | 8 |
| 1 | 3 | 6 | 7 | 8 | 9 | 2 | 4 | 5 |
| 7 | 8 | 2 | 4 | 3 | 5 | 1 | 6 | 9 |
| 8 | 5 | 7 | 3 | 4 | 2 | 9 | 1 | 6 |
| 2 | 1 | 3 | 9 | 6 | 8 | 7 | 5 | 4 |
| 4 | 6 | 9 | 5 | 1 | 7 | 8 | 2 | 3 |
| 3 | 7 | 8 | 6 | 5 | 1 | 4 | 9 | 2 |
| 5 | 2 | 1 | 8 | 9 | 4 | 6 | 3 | 7 |
| 6 | 9 | 4 | 2 | 7 | 3 | 5 | 8 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.




OPIÐ HÚS
fimmtudaginn 7.maí frá kl: 17:30 til 18:00


Nánari upplýsingar veitir
Jórunn Skúladóttir
sölufulltrúi
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is


Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali

Góð íbúð stærð 90,1 m² á þriðju hæð
Gott eldhús með U laga innréttingu
Stofa með útgengi á suðursvalir
Geymsla í kjallara
og sameiginlegt þvottahús
Barnvænt hverfi
Verð: 23,9 millj.

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -






# FJÖLSKYLDU HÁTÍÐ

## Stöðvar 2

MIÐASALA ★ ER Á ★ midi.is

Á uppstigningardag, **fimmtudaginn 14. maí, verður mikið um dýrðir í Háskólabíói.** Þá verður haldin fjölskylduhátíð Stöðvar 2 þar sem stjörnurnar úr Ísland Got Talent skemmta allri fjölskyldunni. Fram koma þeir sem kepptu til úrslita í ár ásamt þremur eftstu frá því í fyrra. Tónlist, töfrabrögð, mögnuð BMX atriði og glæsileg dansatriði.
**Hlökkum til að sjá þig!**

KOMDU Í HÁSKÓLABÍÓ!
**FIMMTUDAGINN 14. MAÍ KL. 15**

365.is | Sími 1817

365




# Afhöggvinn hausinn kysstur

TÓNLIST ★★★☆☆

## Richard Strauss í Salnum

**ÓP-HÓPURINN FLUTTI TÓNLIST EFTIR RICHARD STRAUSS.**

**LEIKSTJÓRN:** SVEINN EINARSSON
**LEIKARI:** ARNAR JÓNSSON

**MIÐVIKUDAGUR 29. APRÍL.**

Óperan Salóme eftir Richard Strauss vakti mikla hneykslun á sínum tíma, hún þótti guðlast og klám. Salóme var stjúpdóttir Heródesar úr Biblíunni og girntist Jóhannes skírara, sem vildi ekkert með hana hafa. Hún hefndi sín með því að láta hálshöggva hann. Eftirleikurinn fór fyrir brjóstið á fólki. Þar lét Salóme í ljósi ósiðlegar hugsanir um leið og hún hélt á höfði Jóhannesar og kyssti það, alblóðug.

Þessi sena var hápunkturinn á fremur misjöfnum Strauss-tónleikum Óp-hópsins í Salnum í Kópavogi á miðvikudagskvöldið. Bylgja Dís Gunnarsdóttir söng og gerði það af mikilli prýði. Söngur hennar var magnaður, fullur af heift og myrkri ástríðu. Hlutverkið krefst breiðs raddsviðs en Bylgja Dís hafði ekkert fyrir því. Röddin var jöfn hvar sem var, bæði á efra og neðra sviði. Leiktilburðirnir voru auk þess viðeigandi brjálæðislegir. Óhugnaðurinn skilaði sér fullkomlega. Verst að það var ekki allt svona gott. Einn af söngvurunum, Ágúst Ólafsson hefur átt betri daga. Morgen var ekki fullnægjandi hjá honum, söngurinn var óöruggur, ef ekki falskur. Hörn Hrafnsdóttir var ekki heldur í sínu besta formi, Allerseelen var hikandi og ekki alveg hreint. Ständchen var litlu skárra.

Aðrir söngvarar voru hins vegar góðir. Egill Árni Pálsson var flottur, bæði í Nichts og sem ítalski söngvarinn í Rósariddaranum. Rödd hans var glæsileg, framsetningin óheft og grípandi. Jóhanna Héðinsdóttir söng sömuleiðis vel, einnig Erla Björg Káradóttir. Þær hafa báðar fallegar raddir og miðluðu skáldskapnum í tónlistinni af sannfærandi einlægni.



**MÖGNUÐ** Bylgja Dís Gunnarsdóttir söng af mikillri prýði á tónleikunum Óp-hópsins í síðustu viku.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Píanóleikararnir Hrönn Þráinsdóttir og Eva Þyrí Hilmarsdóttir skiluðu sínum hlutverkum af stakri prýði, en voru skemmtilega ólíkar. Þær skiptu undirleikshlutverkunum á milli sín. Eva Þyrí lék sinn part skýrt og örugglega, Hrönn var mýkri og óljósari.

Tónleikarnir voru sviðsettir að því leyti að Arnar Jónsson leikari var í hlutverki tónskáldsins. Sveinn Einarsson leikstýrði þessari hlið tónleikanna; það var skemmtilegt. Strauss gamli spjallaði við söngvarana um verkin sín, sem varpaði ljósi á ævi hans og tónsmíðar og var fróðlegt. Tónleikarnir fá plús fyrir þetta. Gaman er þegar hið staðnaða er brotið upp og gert lifandi. Það gerist alltof sjaldan í heimi klassískrar tónlistar.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Tónleikarnir voru upp og ofan, sumt var magnað, annað ekki

# Drepum, dysjum, fyrirgefum

BÆKUR ★★★☆☆

## Nóttin langa

Stefán Máni
**SÖGUR ÚTGÁFA**




Nóttin langa er beint framhald fyrstu unglingabókar Stefáns Mána, Úlfshjarta, sem kom út fyrir tveimur árum. Hér heldur hann áfram að segja sögu þeirra Alexanders og Védísar, unga fólksins sem er varúlfar í Reykjavík samtímans og eru nú bæði gengin til liðs við samtök óvirkra varúlfa. En þótt þau hafi með hjálp samtakanna lært að hafa stjórn á dýrinu innra með sér er ekki öllum þeirra vandamálum lokið. Bæði eiga þau í innri baráttu vegna ástarsambands þeirra og þróunar þess, auk þess sem Védísi gengur illa að falla inn í hóp óvirkra varúlfa þar sem hún er eina konan í þeim samtökum. Leikar æsast svo allverulega þegar útsendarar Caput-hópsins sem hefur það að markmiði að útrýma öllum varúlfum á jörðinni, birtast.

Eins og í fyrri bókinni leika samtök óvirkra varúlfa og það þrettán spora kerfi sem þau starfa eftir stórt hlutverk í sögunni en hér er áherslan meiri á persónu Védísar og upplifanir hennar sem gefur sögunni meiri vídd og dýpt enda Védís kjarnorkukvendi sem gaman er að kynnast nánar. Bara illskiljanlegt að hún skuli púkka upp á roluna Alexander sem ekki virðist hafa þroskast mikið á því að ná böndum á úlfinum hið innra. Hann er engu að síður mjög vel mótuð persóna með kostum og löstum og það sama á við um allar aðrar persónur sögunnar, nema þá helst hina ógnvekjandi úkraínsku Shöshu sem er ansi steríótýpísk femme fatale.

Sagan er mjög vel byggð og skrifuð, samtölin til fyrirmyndar og stígandi spennunnar vel og vandlega hugsuð. Dálítið undarlegt samt að Caput-hópurinn virðist enn vera fastur í hugsun og siðum miðalda, en við höfum svo sem dæmi um slíka hópa fyrir augunum daglega í fréttum svo það er óþarfa tittlingaskítur að setja það fyrir sig. Átökin milli hins gamla og hins nýja eru hreyfiafl sögunnar. Og ekki eingöngu átök óvirku varúlfanna við hausahöggvarana í Caput, heldur átök Védísar við það að verða fullorðin og takast á hendur nýja ábyrgð og síðast en ekki síst átök hinna óvirku við nýjan hóp varúlfa sem gefa skít í sporakerfi og andlega uppbyggingu gömlu samtakanna og hyggjast takast á við dýrið hið innra eftir allt öðrum leiðum. Það verður spennandi að fylgjast með þróun þeirra árekstra í næstu bókum Stefáns Mána um varúlfana því það er augljóst af niðurlagi þessarar sögu að hann er hvergi nærri hættur að glíma við þetta söguefni.

Því ber að fagna.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Öflugt framhald Úlfshjarta þar sem persónurnar halda áfram að dýpka og þróast og spennan er keyrð í botn.



# Ég fattaði Ísland í Færeyjum

Vestnorrænir tónlistarmenn halda tónleika í Hörpu á föstudagskvöldið.

Borealis Band er umfangsmikið verkefni sem er ætlað að höfða til íbúa vestnorrænu höfuðborganna. Þrír ungir tónlistarmenn frá hverju landi taka þátt og þar af alltaf einn söngvari frá hverju landi. Íslenski söngvarinn er Unnsteinn Manuel Stefánsson og hann segir að það sé búið að vera mjög gaman að taka þátt í verkefninu. „Það er svo gaman að kynnast fólki og við erum með svo nátengda sögu. Við byrjuðum í Þórshöfn þar sem við æfðum upp prógrammið í þrjá daga og héldum svo tónleika á fjórða degi. Þaðan fórum við til Kaupmannahafnar þar sem við spiluðum á Norðuratlantsbryggju og loks til Grænlands og spiluðum í Nuuk. Það var alveg frábært að koma þangað enda fólkið alveg yndislegt. Síðustu tónleikarnir verða svo í Hörpu á föstudagskvöldið og það má enginn missa af því.

Það væri svo gaman að sjá verða framhald á þessu verkefni með nýju fólki. Það er nefnilega frábært að fá að kynnast tónlistarmönnum af þessu svæði og við eigum svo margt sameiginlegt og við getum líka lært margt hvert af öðru. Sjálfur fattaði ég til að mynda ekki Ísland fyrr en ég kom til Færeyja sem eru eins og smækkuð mynd af Íslandi.“ -mg



**BOREALIS BAND** Unnsteinn Manuel og félagar í Borealis Band á sviðinu í Hörpu.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**HALLGRÍMUR PÉTURSSON** Tilgátumynd af Hallgrími ungum eftir Sigurbjörgu A. Eiðsdóttur.

## Bjóða í leikhús

Stoppleikhópurinn býður til sannkallaðrar hátíðarsýningar í Gerðubergi í kvöld á verkinu „Upp, upp“ – Æskusaga Hallgríms Péturssonar eftir Valgeir Skagfjörð. Leikhópurinn hefur í vetur farið víða um landið við góðar undirtektir en nú er komið að síðustu sýningu og segir Eggert Kaaber leikari og einn af forsvarsmönnum hópsins að upphaflegt tilefni verksins hafi verið 400 ára afmæli Hallgríms. „Leikritið segir æskusögu Hallgríms Péturssonar og er að stærstum hluta byggt á bókinni Heimanfylgju eftir Steinunni Jóhannesdóttur sem öðrum fremur hefur gert Hallgrími Péturssyni og konu hans, Guðríði Símonardóttur, skil í verkum sínum.“ Leikarar í sýningunni eru auk Eggerts þau Katrín Þorkelsdóttir og Valgeir Skagfjörð en sá síðastnefndi er einnig höfundur handrits og leikstjóri.

Eggert segir verkið sniðið að ungum áhorfendum og miða að því að veita börnum og unglingum innsýn í lífsbaráttu Íslendinga á 17. öld og hvaða merkingu það hafði fyrir ungan dreng eins og Hallgrím Pétursson að alast upp í Skagafirði á þeim tíma. „Hvaða áhrif hafði það á hann að dvelja á biskupssetrinu að Hólum í Hjaltadal og ganga í skóla á æðsta menntasetri landsins og kynnast því merka fólki sem þar bjó? Stórviðburðir sögunnar á borð við Kötlugos, farsóttir, hamfaraveður, galdrabrennur og Tyrkjaránið settu svip sinn á uppvöxt þessa mesta stórskálds þjóðarinnar. Þetta er mikið að melta fyrir þá sem eru á unglingsárum í dag.

Krökkunum finnst einnig gaman að sjá og heyra að Hallgrímur þótti vera baldinn og hrekkjóttur þegar hann var á þeirra aldri, en við fylgjum honum fram til þess tíma sem hann heldur til Danmerkur í nám.

Þess má geta að Stoppleikhúsið, sem samanstendur alfarið af atvinnuleikurum, er tuttugu ára um þessar mundir. Á þessum tuttugu árum höfum við sett upp 25 íslensk leikverk og við erum stolt af þessum árangri. Okkur finnst því sérstaklega skemmtilegt að geta boðið fólki í leikhúsið í kvöld því það er enginn aðgangseyrir. Hins vegar hvetjum við fólk til þess að panta sér miða í síma 898-7205 svo það komi ekki að yfirfullu húsi í Gerðubergi í kvöld og þurfi frá að hverfa því það verður aðeins þessi eina sýning.“ -mg


NORRÆN
HÖFUÐBORGARÁÐSTEFNA 2015

Í tilefni af Norrænni höfuðborgaráðstefnu 2015 sem haldin er í Reykjavík dagana 7. – 8. maí kynnir Reykjavíkurborg tvo opna fundi þar sem rætt verður um loftslagsbreytingar í heiminum og aðgerðir gegn þeim út frá sjónarhorni norrænu höfuðborganna. Fundirnir eru öllum opnir.

KONUR OG LOFTSLAGSBREYTINGAR

Fimmtudagur 7. maí kl. 16.30 – 18.00
Tjarnarsalur Ráðhúss Reykjavíkur

Opin dagskrá í tilefni af Norrænu höfuðborgaráðstefnunni í Reykjavík dagana 7.-8. maí. Dagskráin er hluti af hátíðahöldum vegna 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna.

Erindi flytja frú **Vigdís Finnbogadóttir**, fyrrverandi forseti Íslands og velgjörðarsendiherra tungumála á vegum UNESCO, **Brynhildur Davíðsdóttir** prófessor í umhverfis- og auðlindastjórnun við Háskóla Íslands og **Hrönn Egilsdóttir**, doktorsnemi við Háskóla Íslands sem rannsakað hefur súrnun sjávar.

*Fundarstjóri er Sóley Tómasdóttir, forseti borgarstjórnar.*

*Allir velkomnir*

BORGIR OG LOFTSLAGSBREYTINGAR

Föstudagur 8. maí kl. 9 – 11
Norræna húsið

Opinn fundur borgarstjóra norrænu höfuðborganna þar sem þeir fjalla um viðbrögð og aðlögun höfuðborganna að loftslagsbreytingum.

*Fundarstjóri er Ellý Katrín Guðmundsdóttir borgarritari.*

*Allir velkomnir*

Reykjavíkurborg

# ÞÍN SKRIFSTOFA Í SUMARLITUM



35% afsláttur

Bréfabindi
75 mm / 55 mm kjölur
Tilboðsverð kr. 757.-
Verð áður kr. 1.165.-



30% afsláttur

Fagskiptar stílabækur A4 / A5
Tilboðsverð kr. 559.- / 489.-
Verð áður kr. 799.- / 699.-



25% afsláttur

Áherslupennar
Tilboðsverð kr. 266.-
Verð áður kr. 355.-



50% afsláttur af kassa

Kúlupenni
Kachiri
Tilboðsverð kr. 69.- (miðað við kassa [12. stk])
Verð áður kr. 137.-




25% afsláttur

Risa Post-it miðar
Tilboðsverð kr. 1.399.-
Verð áður kr. 1.872.-

Blekhylki
HP 950XL BK



25% afsláttur

Tilboðsverð kr. 5.535.-
Verð áður kr. 7.381.-


VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

5% afsláttur af ÖLLUM VÖRUM einnig tilboðum






**Kúlupenni Energel, fljótþornandi blek**
Tilboðsverð kr. 330.- (miðað við kassa [12. stk])
Verð áður kr. 552.-




**Vírheftar reikningsbækur, A4 / A5**
Verð kr. 355.- / 299.-




**Glósubók með gormum**
Tilboðsverð kr. 339.-
Verð áður kr. 424.-




**Garðyrkjutússpenni, veðurþolinn**
Tilboðsverð kr. 533
Verð áður kr. 710




**Vírheftar stílabækur, A4 / A5**
Verð kr. 355.- / 299.-




**Fjölnotatæki, HP Office Pro8100**
Tilboðsverð kr. 14.322.-
Verð áður kr. 28.644.-

Góður fjölnota prentari/skanni sem býður upp á þráðlausa tengingu. Prentar í svörtu og lit og báðum megin á blaðsíðuna.

**Blekhylki HP 951XL M**




Tilboðsverð kr. 4.127.-
Verð áður kr. 5.503.-

**Blekhylki HP 951XL Y**




Tilboðsverð kr. 4.127.-
Verð áður kr. 5.503.-

**Blekhylki HP 951XL C**




Tilboðsverð kr. 4.127.-
Verð áður kr. 5.503.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Tilboðsverð gilda út maímánuð. Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

LAUGARÁS BÍÓ
Coca-Cola



| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| AGE OF ADALINE | 5:40, 8, 10:20 | 12 |
| AVENGERS 2 3D | 7, 10 | 12 |
| MALL COP 2 | 5, 8 | L |
| ÁSTRÍKUR 2D | 6 | L |
| FAST & FURIOUS 7 | 10 | 12 |

SAMBÍÓIN



| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| THE WATER DIVINER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| AVENGERS 2 3D | KL. 5 - 7 - 8 - 10 |
| AVENGERS 2 VIP 2D | KL. 5 - 8 |
| CHILD 44 | KL. 5 - 8 |
| RUN ALL NIGHT | KL. 10:20 |
| GET HARD | KL. 8 |
| INSURGENT | KL. 5:30 |
| **SAMBÍÓIN EGILSHÖLL** | |
| THE WATER DIVINER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| AVENGERS 2 3D | KL. 10 |
| AVENGERS 2 2D | KL. 5 - 8 |
| CHILD 44 | KL. 10:20 |
| RUN ALL NIGHT | KL. 8 |
| GET HARD | KL. 5:40 |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** | NÚMERUÐ SÆTI |
| THE WATER DIVINER | KL. 6 - 9 |
| AVENGERS 2 2D | KL. 5 - 6 - 8 - 9 |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | |
| THE WATER DIVINER | KL. 10:20 |
| THE AGE OF ADALINE | KL. 8 |
| AVENGERS 2 3D | KL. 8 |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | |
| THE WATER DIVINER | KL. 8 |
| AVENGERS 2 3D | KL. 5:30 - 8:30 |
| AVENGERS 2 2D | KL. 5 - 10:25 |

SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ



Sýningartímar á eMiði.is og miði.is

# Peningar og niðursoðnar perur

**BAKPANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur



Stundum, þegar mig langar til að eiga rosalega mikið af peningum, reyni ég að ímynda mér með hvaða ráðum ég geti komist að kjötkötlunum, helst án þess að að hafa nokkuð fyrir því. Ekki mjög virðingarvert markmið, ég veit. Mig dauðlangar bara til að vera með í ruglinu, með þessum stóru, fá bónus eða arðgreiðslur eða eitthvað úthlutað á silfurfati. Þyrfti ekkert að hlaupa á milljörðum, milljónir væru alveg nóg.

**ÉG** ber ekki ættarnafn og gæti tæplega rakið mig aftur til lénsherra af nokkru tagi og er þannig ekki áskrifandi að auðæfum. Reyndar kem ég frá bænum Engi og ættarnöfn eru oft byggð á átthögum fólks. Kannski get ég búið mér til ættarnafn, Engeitthvað! Það er peningahljómur í því. Held reyndar að það sé bannað að búa til nýtt ættarnafn á Íslandi og ég treysti mér ekki í slaginn við mannanafnanefnd. Hljómar eins og vesen og allsendis óvíst að Engeitthvað-nafnið myndi skila mér nokkru. Það kæmist upp um mig á fyrsta ættarmóti, að grilla humarinn á einnota grilli við kúlutjald.

**HELST** þyrfti ég að eiga útgerð. Kaupa skip og græja net, stígvél og sjógalla. Ef ég bara vissi muninn á botnvörpu og dragnót eða hvaða möskvastærðir eru notaðar við þorskveiðar, eða makrílveiðar öllu heldur. Einu kynni mín af sjávarútvegi eru þrjár vikur í frystihúsi á Höfn við að afhausa kola. Fékk engan bónus þar, ekki einu sinni íspinna.

**HVERNIG** get ég þá komið mér innundir á réttum stöðum? Og þá rann það upp fyrir mér. Ég kann að baka. Ég baka bestu súkkulaðikökur í heimi. Ólíkt hlutföllum í möskvastærð til makrílveiða myndu hlutföll smjörs og sykurs ekki vefjast fyrir mér. Kakó og hveiti, sykur og íslenskt smjör, komið með þetta allt og ég vippa upp ómótstæðilegri djöflatertu með svo ljúfu kremi að það verður draumi líkast að sökkva í hana tönnum.

**OG** af því að ég er einmitt farin að hamstra dósamat þessa dagana á ég eina niðursuðudós með perum í búrskápnum.



**AÐDÁUNARVERÐUR AFTURENDI** Kanye West horfði ástleitinn á bakhluta eiginkonu sinnar, Kim Kardashian-West, sem var klædd í gegnsæjan kjól frá Roberto Cavalli og jakkaföt Kanye eru einnig frá tískuhúsinu.



**ALSÆL Í GULU** Rihanna var í risastórum gulum kjól frá Guo Pei sem hefur, líkt og höfuðskraut Sarah Jessica Parker, vakið mikil viðbrögð á internetinu.

# Gegnsær glamúr á Met Gala

Það var mikið um dýrðir á hinum árlega fjáröflunarviðburði Met Gala í New York á mánudagskvöld. Stjörnurnar fjölmenntu líkt og venja er í fylgd frægustu fatahönnuða heims. Þemað í ár var China: Through the Looking Glass en gegnsæjar og rauðar flíkur voru áberandi auk höfuðskrauts.



**BOMBA** Beyoncé vakti mikla athygli í þessum gegnsæja kjól frá Givenchy.
NORDICPHOTOS/GETTY



**Í STÍL** Fatahönnuðurinn Jeremy Scott og Katy Perry mættu saman í hönnun frá Moschino en Scott er yfirhönnuður merkisins.



**FLOTTUR GAUR** Justin Bieber mætti á sitt fyrsta Met Gala í sérsaumuðum Balmain-jakka og með sólgleraugu.



**HVÍLÍKT HÖFUÐSKRAUT** Sarah Jessica Parker mætti með flennistórt höfuðskraut frá Philip Treacy sem vakið hefur misjöfn viðbrögð.



**HAAG TUNGUSÓFI**
325x143x210 cm.
áður 199.900,-
**NÚ 159.920,-**

20% AFSLÁTTUR • 20% AFSLÁTTUR • 20%



**MARIARA BEKKUR (M/GEYMSLU)**
117x50xH55 cm.
áður 69.900,- **NÚ 55.920,-**



**VEGGKLUKKA**
áður 3.990,-
**NÚ 3.192,-**



**HÍBÝLAILMIR**
áður 2.990,-
**NÚ 2.392,-**

# 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLU
# AÐEINS Í DAG – 6. MAÍ

## OPIÐ TIL KL. 22.00 Á KORPUTORGI









**KLUKKUSÍMI**
áður 9.990,-
**NÚ 7.992,-**



20% AFSLÁTTUR • 20% AFSLÁTTUR • 20%

**DAYS SVEFNSÓFI**
232x152 cm
áður 99.900,-
**NÚ 79.920,-**



**IGUALA BEKKUR**
120x38xH45 cm.
áður 39.900,- **NÚ 31.920,-**



**PICCADILLY STÓLL**
72x71xH81 cm.
áður 59.900,-
**NÚ 47.920,-**



**KANNA**
áður 2.990,-
**NÚ 2.392,-**



**FIFTIES STÓLL**
82x70xH100 cm.
áður 99.900,- **NÚ 79.920,-**



**MAPIRE SEBRA SKEMILL**
42xH28 cm.
áður 9.990,- **NÚ 7.992,-**

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

Erum á Facebook • www.pier.is

ANTON&BERGUR

## Ætlum okkur alla leið í úrslit næst

**KÖRFUBOLTI** „Stefnan er alltaf að stíga næsta skref. Við höfum verið að vinna eftir fjögurra ára áætlun og næsta skref er að komast í úrslit,“ segir Ívar Ásgrímsson en hann skrifaði undir nýjan samning við Hauka í gær um að þjálfa karlalið félagsins. Emil Örn Sigurðarson verður áfram aðstoðarmaður hans og svo mun Pétur Ingvarsson koma inn í teymið.

„Pétur verður okkur innan handar í greiningu á leikjum og líka með okkur á bekknum.“

Sem fyrr ætla Haukarnir að byggja sitt lið upp á heimamönnum en eru þó líka að leita að einhverri styrkingu.

„Það er ekki hlaupið að því enda halda liðin í sína Íslendinga eins og gull. Við erum að skoða ýmsar leiðir og vonandi getum við tilkynnt um eitthvað á næstu dögum. Forgangur var þó að tryggja okkar stráka og við erum að klára samninga við alla okkar leikmenn á næstu dögum.“ -hbg





**FIMMTÁN ÁRA MEÐ FIMM MÖRK** Lovísa Thompson skorar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## 1-0 fyrir Gróttu

**LOKAÚRSLIT OLÍS DEILD KVENNA**

**GRÓTTA-STJARNAN 24-21 (11-12)**

**Mörk Gróttu (skot):** Eva Björk Davíðsdóttir 9/3 (12/4), Lovísa Thompson 5 (9), Arndís María Erlingsdóttir 4 (5), Laufey Ásta Guðmundsdóttir 3/1 (5/1), Sunna María Einarsdóttir 1 (4), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 1 (4), Þórunn Friðriksdóttir 1 (1). **Varin skot:** Íris Björk Símonardóttir 26/1 (47/2, 55%).

**Mörk Stjörnunnar (skot):** Sólveig Lára Kjærnested 6/1 (9/1), Helena Rut Örvarsdóttir 5 (15), Nataly Sæunn Valencia 3 (7), Sandra Sif Sigurjónsdóttir 2 (2), Hanna Guðrún Stefánsdóttir 2 (5), Esther Viktoría Ragnarsdóttir 1 (5), Alina Tamasan 1 (6), Þórhildur Gunnarsdóttir 1 (6/1). **Varin skot:** Florentina Stanciu 13/1 (36/5, 36%).



**AFGREIDDI REAL** Carlos Tévez skoraði sigurmark Juventus úr vítaspyrnu sem hann fékk sjálfur en Argentínumaðurinn átti einnig mikinn þátt í fyrra marki ítölsku meistaranna. Tévez er kominn með sjö mörk í Meistaradeildinni á leiktíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## MEISTARADEILDIN

**UNDANÚRSLIT, FYRRI LEIKUR**

**JUVENTUS - REAL MADRID 2-1**

1-0 Álvaro Morata (8.), 1-1 Cristiano Ronaldo (27.), 2-1 Carlos Tévez, víti (58.).

**Í KVÖLD**

**BARCELONA - BAYERN MÜNCHEN 18.45**

Sýndur beint á Stöð 2 Sport og Sport HD.

## Ekki sú eina

**KÖRFUBOLTI** Helena Sverrisdóttir verður ekki eina konan sem þjálfar í Dominos-deild kvenna næsta vetur því Margrét Sturlaugsdóttir hefur tekið við liði Keflavíkur af Sigurði Ingimundarsyni.

Engin kona hafði þjálfað í kvennadeildinni undanfarin sjö tímabil fyrir utan að hinar bandarísku Lele Hardy og Crystal Smith sem voru spilandi þjálfarar veturinn 2012-13.

Margrét er líka fyrsta konan sem þjálfar í deildinni án þess að spila líka síðan að Gréta María Grétarsdóttir þjálfaði KR-liðið tímabilið 2003-04. -óój

# Sé mig enn sem atvinnumann

**Helena Sverrisdóttir er komin heim og verður spilandi aðstoðarþjálfari hjá Haukum næsta vetur. Hún lítur enn á sig sem atvinnumann enda körfuboltinn hennar vinna. Hún útilokar ekki að fara aftur út síðar.**

**KÖRFUBOLTI** „Þetta hefur verið í umræðunni síðan í mars og í huga mér lengur en það,“ segir besta körfuboltakona landsins, Helena Sverrisdóttir, en hún snýr nú aftur í íslenska boltann eftir átta ára útlegð erlendis þar sem hún spilaði fyrst í háskóla í Bandaríkjunum og síðan með liðum í Evrópu.

Helena verður spilandi þjálfari hjá Haukum þar sem hún er alin upp. Hún er því komin heim og er hæstánægð með það.

„Það er mikið gleðiefni að þetta hafi tekist. Ég fann eftir síðasta tímabil að mig langaði að koma heim enda búin að vera erlendis einn þriðja af ævinni. Ég vildi fara að tengjast vinum mínum aftur og vera nær fjölskyldunni minni.“

Þó að Helena sé komin heim þá lítur hún ekki á að atvinnumannsferlinum sé lokið og hún útilokar ekki að fara aftur út síðar.

„Ég sé mig enn sem atvinnumann hér heima. Hér er ég að þjálfa á fullu ásamt því að spila. Körfuboltinn er áfram mín atvinna. Ég hef ekki lokað á neitt síðar enda er ég aðeins 27 ára gömul og á vonandi nóg eftir,“ segir Helena og brosir breitt.

### Ný áskorun

Þessi frábæra íþróttakona er stolt af því sem hún hefur náð að afreka á atvinnumannsferlinum.

„Ég er mjög ánægð með hann en maður vill alltaf meira og það er hluti af því að vera íþróttamaður. Nú er ég að taka nýrri áskorun og það er hluti af því að þroskast og þróast. Hér er allt annað umhverfi aftur og ég er bara rosalega spennt að takast á við þessa áskorun. Körfuboltinn hefur alltaf verið hluti af lífi mínu og ég sé það fyrir mér að það verði þannig um ókomna framtíð enda finnst mér rosalega gaman að þjálfa.



**HEIMA ER BEST** Helena segir að það hafi aldrei annað komið til greina en að fara aftur í uppeldisfélag sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### ➜ Níu titlar á þremur árum með Haukum

Helena Sverrisdóttir var kosin leikmaður ársins þrjú síðustu árin sín hér á landi og hjálpaði Haukum að vinna níu titla á þessum þremur tímabilum. Haukar unnu Íslandsmeistaratitilinn tvö síðustu árin sem Helena lék hér á landi, þá aðeins 18 og 19 ára gömul. Haukar höfðu aldrei unnið Íslandsmeistaratitilinn fyrir þann tíma og aðeins einu sinni til viðbótar á þessum átta tímabilum sem eru liðin síðan Helena spilaði í Haukabúningnum.

Helena var með 20,0 stig, 9,9 fráköst og 7,4 stoðsendingar að meðaltali í 79 leikjum með Haukum í efstu deild en hún á að baki fjögur tímabil í deildinni. Hún var með 21,2 stig, 7,3 fráköst og 9,8 stoðsendingar í leik þegar hún spilaði síðast í deildinni 2006-2007 en það tímabil vann Haukaliðið alla fimm titlana sem voru í boði.

Mér finnst ég ná vel til yngri leikmanna og svo bý ég yfir mikilli reynslu sem ég vil miðla.“

Helena er hluti af þriggja þjálfara teymi ásamt Ingvari Þór Guðjónssyni og Andra Þór Kristinssyni en þau eru öll jöfn. Þjálfaraþrenna sem er nýlunda á Íslandi. Gengur það upp?

„Ég held að við séum öll með mismunandi hluti til að leggja á borðið og við verðum að læra hvenær hver á að tala og allt það. Svo er ég að spila og þá er frábært að hafa tvo þjálfara á bekknum. Ég hef fulla trú á því að þetta muni ganga upp,“ segir Helena en hið unga Haukalið styrkist mikið með tilkomu hennar og hún útilokar ekki að fleiri leikmenn muni ganga í raðir félagsins á næstunni.

### Nýtrúlofuð og hamingjusöm

Lífið leikur við hana þessa dagana. Hún er komin heim og er nýbúin að trúlofa sig en unnusti hennar er Finnur Atli Magnússon, nýkrýndur Íslandsmeistari með KR.

„Það eru allir að óska mér til hamingju þessa dagana og síðustu dagar hafa verið virkilega skemmtilegir,“ segir Helena en reyndi unnustinn ekkert að koma henni í KR?

„Finnur reyndi aldrei að koma mér í KR. Hann veit hvernig staðan er. Ég er mikil Haukakona og fæðist inn í þetta félag. Pabbi minn var formaður hérna og ég er alin upp í íþróttahúsinu á Strandgötunni og síðar á Ásvöllum. Mér líður best hér og Haukar voru alltaf fyrsti kosturinn. Ég fór auðvitað í KR-treyju í fyrsta skipti á ævinni um daginn þegar ég var að styðja hann. Það var erfitt fyrir mig en ég styð auðvitað minn mann.“

henry@frettabladid.is

# Hefði verið betra fyrir Hauka að byrja lokaúrslitin strax

**Guðlaugur Arnarsson, þjálfara Framara, býst við hörkurrimmu milli Aftureldingar og Hauka um Íslandsmeistaratitilinn í Olís deild karla.**

**HANDBOLTI** Afturelding og Haukar hefja leik í úrslitaeinvígi Olísdeildar karla í handbolta í kvöld. Fyrsti leikurinn verður í N1-höllinni í Mosfellsbæ og hefst klukkan 19.30.

Fréttablaðið fékk Guðlaug Arnarsson, þjálfara Fram, til að rýna í úrslitarimmuna.

### Hvernig fer hléið með liðin?

„Haukarnir hafa verið ofboðslega sannfærandi í úrslitakeppninni en það er spurning hvernig þetta langa hlé fer með þá, hvort þeir nái að halda dampi eða ekki. Það hefði verið best fyrir þá ef úrslitin hefðu byrjað sem fyrst eftir undanúrslitin,“ sagði Guðlaugur, en tvær vikur eru síðan Haukar spiluðu síðast á meðan Mosfellingar léku oddaleik við ÍR 26. apríl sem þeir unnu á ævintýralegan hátt.

„Fyrsti leikur gæti einkennst af því að liðin eru að koma úr löngu fríi. En þetta verður hörkurimma og allir leikirnir verða spennandi. Bæði lið spila sterka vörn, eru með góða markmenn og búa yfir mikilli breidd sem þjálfararnir hafa nýtt vel. Þetta eru sennilega þau lið sem eru með mestu breiddina í deildinni,“ sagði Guðlaugur en bæði Patrekur Jóhannesson, þjálfari Hauka, og kollegi hans hjá Aftureldingu, Einar Andri Einarsson, hafa spilað á mörgum mönnum í úrslitakeppninni.

Stuðningsmenn Aftureldingar hafa eflaust legið á bæn undanfarna daga og vonast til að Jóhann Gunnar Einarsson verði klár í slaginn fyrir úrslitaeinvígið en þessi öflugi leikmaður meiddist á öxl í öðrum leiknum gegn ÍR. Af þeim sökum missti hann af öllum leik þrjú og langstærstum hluta af fimmta leiknum. Hann lék þó með í fjórða leiknum sem Afturelding vann og tryggði sér það með oddaleik á heimavelli.



**JANUS DAÐI SMÁRASON**

### Örvhentu skytturnar mikilvægar

„Það hefur mikil áhrif á leik Aftureldingar ef hann er ekki með,“ sagði Guðlaugur um Jóhann, sem er í algjöru lykilhlutverki í sóknarleik Mosfellinga, auk þess sem hann býr yfir mikilli reynslu.

„Það sýnir samt styrk liðsins að það fór í gegnum ÍR án Jóhanns. Ungu strákarnir þeirra hafa styrkst mikið í vetur,“ bætti Guðlaugur við.

Önnur örvhent skytta, Árni Steinn Steinþórsson, vaknaði heldur betur til lífsins í úrslitakeppninni eftir erfiðan vetur. Árni stimplaði sig rækilega inn í átta-liða úrslitunum gegn FH, þar sem hann skoraði 18 mörk í tveimur leikjum, en sóknarleikur Hauka er allt annar og betri þegar Selfyssingurinn nær sér á strik.

„Árni er búinn að vera frábær í úrslitakeppninni og sýndi loksins sitt rétta andlit. Það breytir Haukaliðinu ef hann er heitur, því þá eru þeir með skotógn báðum megin fyrir utan. Fyrir vikið verður sóknarleikurinn hættulegri,“ sagði Guðlaugur, sem hefur einnig hrifist af frammistöðu hins tvítuga Janusar Daða Smárasonar sem skorar og leggur upp mörk jöfnum höndum.



**JÓHANN GUNNAR EINARSSON.**

### Haukar líklegir í kvöld

Guðlaugur segir að heimavallarréttinn gæti skipt sköpum en frábær stemning hefur verið á leikjum Aftureldingar í úrslitakeppninni.

Þrátt fyrir að Mosfellingar séu með heimavallarréttinn spáir Guðlaugur Haukum sigri í kvöld.

„Ég held að Haukar vinni fyrsta leikinn og taki frumkvæðið í einvíginu. Þá mun reyna mikið á Aftureldingu,“ sagði Guðlaugur.

ingvithor@365.is




**Cannes sófasett**
Í settinu eru sófi, 2 stólar og 46 x 91 cm borð með glerplötu, úr fjögurra strengja svörtu rattan. Svartar sessur fylgja.




**City kúlugrill með gasi**
Flott og færanlegt, grillflötur 42 cm. Bakaðu bollurnar og steiktu hrygginn á tjaldstæðinu eða svölunum. Áfastur hitamælir.




**Gasgrill Q2200**
Vagn fylgir. Grillflötur 54 x 39 cm, ryðfrír brennari, 3,51 kW/klst. 12000 BTU. Hitamælir í loki.




**Weser garðbekkur**
128 x 62 x 79 cm, úr steypujárni og hörðum eukalyptusviði.




**Albany gasgrill**
4 ryðfríir brennarar og 1 hliðarbrennari. Grillflötur: 67 x 42,5 cm. 3 ryðfríar grillgrindur. Rafstýrður kveikirofi, 2 hliðarborð úr stáli, innbyggður hitamælir. Gasþrýstijafnari og slanga fylgja.




**Baron 440 gasgrill**
Með 4 Dual-Tube tvöföldum brennurum og 1 hliðarbrennara með samanlögðum styrk sem nemur 2,7 kW. Grillflötur er 64 x 44 cm. Grillhilla og geymsluskápur fyrir gaskút og áhöld fylgir.




**Coolstool**
Úr kolgráu rattan. Borð, kollur og kælibox í einu fjölnota garðhúsgagni.

**Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 7. maí til og með laugardeginum 9. maí 2015. Gildir á meðan birgðir endast.**

# BAUHAUS®

**BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is**

# DAGSKRÁ



20:05
**HEIMSÓKN**
Í þessum þætti flýgur Sindri til New York og heimsækir Björn Björnsson arkitekt. Björn býr í fallegri íbúð á Manhattan og hefur sérhæft sig í að hanna margra milljarða hótel og glæsiíbúðir um allan heim.


FJÖLBREYTT
MIÐVIKUDAGSKVÖLD!
Fáðu þér áskrift á 365.is
365


20:30
**GREY'S ANATOMY**
Tvöfaldur þáttur í kvöld af þessum vinsælu drama-þáttum þar sem mikið hefur gengið á að undanförnu!




21:55
**OUTLANDER**
Mögnuð þáttaröð um hjúkrunarkonuna Claire Beauchamp í seinni heimsstyrjöldinni.




22:55
**WEEDS**
Áttunda þáttaröðin um hina úrræðagóðu Nancy Boewden sem ákvað að hasla sér völl sem eiturlyfjasali eftir að hún missti eiginmann sinn.



22:00
**MAGIC MIKE**
Stórskemmtileg gamanmynd með Channing Tatum og Matthew McConaughey í aðalhlutverkum.



19:55
**GEGGJAÐAR GRÆJUR**
Fróðlegur og stórskemmtilegur þáttur þar sem fjallað er um nýjustu græjur og afrek á sviði vísinda.



19:00
**LÍNA LANGSOKKUR**
Skemmtileg teiknimynd um Línu Langsokk og vini hennar, Tomma og Önnu.




Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. Nánari upplýsingar á 365.is


## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**Barnaefni Stöðvar 2**
**07.45 Big Time Rush**
**08.05 The Middle**
**08.30 Don't Trust the B*** in Apt 23**
**08.55 Mom**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.15 Take the Money and Run**
**11.00 Spurningabomban**
**11.50 Grey's Anatomy**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Death Comes to Pemberley**
**14.00 Dallas**
**14.50 The Lying Game**
**15.30 Don't Blame the Dog**
**16.30 Big Time Rush**
**16.55 The Goldbergs**
**17.20 Bold and the Beautiful**
**17.40 Nágrannar**
**18.05 Simpson-fjölskyldan**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.55 Ísland í dag.**
**19.35 Víkingalottó**
**19.40 The Middle**
**20.05 Heimsókn** Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó öll sameiginlegt að vera sett saman af alúð og smekklegheitum. Sindri hefur líka einstakt lag á að ná fram því besta í viðmælendum sínum.
**20.30 Grey's Anatomy**
**21.55 Outlander** *(9.16)*
**22.55 Weeds**
**23.25 Real Time with Bill Maher** *(15.35)* Vandaður og hressandi spjallþáttur í umsjón Bills Maher þar sem hann fer yfir málefni líðandi stundar með hinum ólíkustu gestum.
**00.25 The Mentalist**
**01.10 The Blacklist**
**01.55 The Following**
**02.40 Braveheart**
**05.30 The Middle**
**05.55 Heimsókn**

## SPORT
*besta sætið*

**07:00 Juventus - Real Madrid**
**08:50 Meistarad. - Meistaramörk**
**09:05 Meistarad. - Meistaramörk**
**11:00 Houston - LA Clippers**
**12:50 Snæfell - Keflavík**
**14:10 Spænsku mörkin**
**14:40 ÍA - Stjarnan**
**16:25 Juventus - Real Madrid**
**18:15 Meistarad. - Meistaramörk**
**18:30 Barcelona - Bayern Münch.** BEINT
**20:45 Meistarad. - Meistaramörk**
**21:00 Pepsímörkin**
**22:15 Barcelona - Bayern München**
**00:05 Meistaradeildin - Meistaramörk**
**00:20 Juventus - Real Madrid**

## SPORT 2
*enski boltinn*

**11:00 Swansea - Stoke**
**12:40 Hull - Arsenal**
**14:20 Premier League Review**
**15:15 Premier League World**
**15:45 Sunderland - Southampton**
**17:30 Messan**
**18:25 Man. Utd. - WBA**
**20:05 Liverpool - QPR**
**21:45 Chelsea - Crystal Palace**
**23:35 Tottenham - Man. City**
**01:15 Football League Show**

## ÍNN

**20:00** Björn Bjarnason: Hver er gestur? **20:30** Tölvur og tækni: Hvað er nýtt í tölvuheimi? **21:00** ABC barnahjálp: Mannúðarstörf í 3ja heimi **21:30** Frá Haga í maga

## STÖÐ 3

**18.15 Last Man Standing**
**18.40 Hot in Cleveland**
**19.00 Hart of Dixie**
**19.45 Baby Daddy**
**20.10 Flash**
**20.55 Arrow**
**21.35 The 100**
**22.20 Supernatural**
**23.00 Hart of Dixie**
**23.45 Baby Daddy**
**00.05 Flash**
**00.50 Arrow**
**01.30 The 100**
**02.15 Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveinsson **07.45** Tommi og Jenni **07.55** UKI **08.00** Lína Langsokkur **08.22** Ljóti andarunginn og ég **08.47** Stóri og Litli **09.00** Strumparnir **09.25** Ævintýri Tinna **09.47** Latibær **10.00** Dóra könnuður **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Sumardalsmyllan **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveinsson **11.45** Tommi og Jenni **11.55** UKI **12.00** Lína Langsokkur **12.22** Ljóti andarunginn og ég **12.47** Stóri og Litli **13.00** Strumparnir **13.25** Ævintýri Tinna **13.50** Latibær **14.00** Dóra könnuður **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Sumardalsmyllan **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveinsson **15.45** Tommi og Jenni **15.55** UKI **16.00** Lína Langsokkur **16.22** Ljóti andarunginn og ég **16.47** Stóri og Litli **17.00** Strumparnir **17.25** Ævintýri Tinna **17.50** Latibær **18.00** Dóra könnuður **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Sumardalsmyllan **19.00** Lína Langsokkur

## GULLSTÖÐIN

**17.55 Friends**
**18.20 Modern Family**
**18.40 New Girl**
**19.05 The Big Bang Theory**
**19.30 Fiskur án reiðhjóls**
**19.55 Geggjaðar græjur**
**20.15 Chuck**
**21.00 The Newsroom**
**22.00 Chuck**
**22.45 Cold Case**
**23.25 1600 Penn**
**23.50 Fiskur án reiðhjóls**
**00.15 Geggjaðar græjur**
**00.35 The Newsroom**
**01.30 Cold Case**
**02.15 Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## BÍÓSTÖÐIN

**10.30 Pay It Forward**
**12.30 The Object of My Affection**
**14.20 Nine**
**16.15 The Object of My Affection**
**18.05 Pay It Forward**
**20.05 Nine** Rómantísk mynd eftir Federico Fellini þar sem söngurinn er í fyrirrúmi með Kate Hudson, Nicole Kidman, Penélope Cruz og Daniel Day Lewis. Myndin fjallar um heimsfrægan kvikmyndaleikstjóra sem horfist í augu við miðaldrakreppuna ógurlegu. Bæði einkalíf hans og listrænir hæfileikar líða fyrir persónulegar flækjur hans og hann verður að gera upp málin við konurnar í lífi sínu, sem eru nokkuð margar. Þær telja eiginkonu, hjákonu, listagyðju, trúnaðarvin og búningahönnuð, tískublaðakonu, vændiskonu frá unglingsárunum og sjálfa móður hans.
**22.00 Magic MIke**
**23.50 Homefront**
**01.30 Abraham Lincoln. Vampire Hunter**
**03.15 Magic MIke**

## RÚV

**16.30 Blómabarnið** *(5.8)*
**17.20 Disneystundin**
**17.21 Finnbogi og Felix**
**17.43 Sígildar teiknimyndir**
**17.50 Fínni kostur**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Heilabrot**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**19.55 Hönnunarkeppni 2015** Árleg hönnunarkeppni félags véla- og iðnverkfræðinema fór fram í Hörpu 8. febrúar. Níu lið tóku þátt í að koma heimatilbúnum farartækjum eftir þrautabraut sem reyndi á útsjónarsemi, nákvæmni og hraða. Dagskrárgerð. Drengsson Pics.
**20.30 Neyðarvaktin**
**21.15 Kiljan**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Áhrifin af Auschwitz**
**23.50 Horfinn** Ný bresk spennuþáttaröð um mann sem lendir í þeim hörmungum að syni hans er rænt í sumarfríi fjölskyldunnar í Frakklandi. Hann fórnar öllu í leit sinni að drengnum og missir aldrei vonina um að finna hann á lífi. Aðalhlutverk. James Nesbitt, Frances O'Connor og Tchéky Karyo. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. e.
**00.50 Kastljós**
**01.10 Fréttir**
**01.25 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.23 Dr. Phil**
**09.04 The Talk**
**09.44 Pepsi MAX tónlist**
**14.35 Cheers**
**15.00 Jane the Virgin**
**15.40 Parenthood**
**16.20 Minute To Win It**
**17.05 Royal Pains**
**17.50 Dr. Phil**
**18.30 The Talk**
**19.10 Million Dollar Listing**
**19.55 The Millers**
**20.15 Black-ish**
**20.35 The Odd Couple**
**21.00 Remedy**
**21.45 Blue Bloods**
**22.30 Sex & the City**
**22.55 Californication**
**23.25 Scandal**
**00.10 American Crime**
**00.55 Remedy**
**01.40 Blue Bloods**
**02.25 Sex & the City**
**02.50 Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.00 World Golf Championship**
**13.00 Golfing World 2015**
**13.50 World Golf Championship**
**21.50 Golfing World**
**22.40 Champions Tour - Highlights**
**23.35 PGA Tour 2015 - Highlights**

## HRINGBRAUT

**10.00** Fólk með Sirrý (e) **11.00** Atvinnulífið (e) **11.30** Ritstjórarnir (e) **12.00** Fólk með Sirrý (e) **13.00** Atvinnulífið (e) **13.30** Ritstjórarnir (e) **14.00** Fólk með Sirrý (e) **15.00** Atvinnulífið (e) **15.30** Ritstjórarnir (e) **16.00** Fólk með Sirrý (e) **17.00** Atvinnulífið (e) **17.30** Ritstjórarnir (e) **18.00** Fólk með Sirrý (e) **19.00** Atvinnulífið (e) **19.30** Ritstjórarnir (e) **20.00** Mannamál **20.45** Heimsljós **21.15** 433.is **21.45** Eðaltónar **22.00** Mannamál (e) **22.45** Heimsljós (e) **23.15** 433.is (e) **23.45** Eðaltónar

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


FRÁ ÞEIM SÖMU OG FRAMLEIDDU HEIÐURSTÓNLEIKA FREDDIE MERCURY OG MEATLOAF
BRYNDÍS ÁSMUNDS
STEFANÍA SVAVARS
SIGGA BEINTEINS
REGÍNA ÓSK
ERNA HRÖNN
TÓNLEIKASÝNING RIGG VIÐBURÐA
TINA
DROTTNING ROKKSINS
HLJÓMSVEIT RIGG VIÐBURÐA ÁSAMT DÖNSURUM
DANSHÖFUNDUR: YESMINE OLSSON
BÚNINGAMEISTARI: FILIPPÍA ELISDÓTTIR
STJÓRNANDI: FRIÐRIK ÓMAR
2. MAÍ ELDBORG
KL. 19:30 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
AÐEINS EIN SÝNING
9. MAÍ HOF
KL. 20:00 - UPPSELT
KL. 23:00 - AUKASÝNING
MIÐASALA Í FULLUM GANGI Á MIDI.IS HARPA.IS OG Á MENNINGARHUS.IS
RIGG VIÐBURÐIR

## BESTI BITINN



**„Haninn í Skeifunni. Yfirburðastaður, aldrei farið óánægður þaðan.“**

Jóhann Laxdal, knattspyrnumaður.

# Eurovision-kjóllinn frumsýndur um helgina

María Ólafsdóttir er á fullu við æfingar og undirbúning þessa dagana fyrir stóru keppnina.

„Við erum bara á fullu að æfa atriðið núna. Það er tilbúið og nú erum við bara að renna því í gegn,“ segir María Ólafsdóttir Eurovision-fari, en hún heldur út til Austurríkis þann 13. maí.

„Hera Björk kom heim í vikunni og ég tók fyrstu æfinguna með henni á mánudaginn. Það var gott að fá hana og taka alvöru æfingu, ekki bara í gegnum Skype,“ segir María. Hera er í bakraddahóp hennar með þeim Friðriki Dór, Ásgeiri Orra, Ölmu Rut og Írisi Hólm. „Það verður snilld að hafa hana með því ég veit að Eurovison-aðdáendur elska Heru, þannig að þeir bilast sennilega þegar þeir sjá hana,“ segir hún og hlær.

Ferðalagið leggst vel í Maríu, en hún segir ferðina til Rússlands í lok apríl hafa verið góða æfingu. „Ég fékk smá sjokk á blaðamannafundinum, en það var bara fín æfing fyrir keppnina.“

Kjóllinn sem María klæðist í keppninni verður frumsýndur í Kringlunni á laugardag. „Ég er búin að prófa æfingakjólinn og aðalkjóllinn er alveg að verða tilbúinn.“ En hvaða land heldur María að sigri í Eurovision? „Ég hélt að Svíþjóð myndi vinna, en eftir að ég sá ástralska strákinn þá held ég að hann taki þetta. Hann er rosalega góður.“

**- asi**



**STUTT Í STÓRA DAGINN** María heldur út til Austurríkis eftir viku. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






**SPENNANDI TÍMAR** Erlingur Jack Guðmundsson, einn framleiðendanna, segir mikinn feng að fá framleiðanda Boyhood. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Óskarsverðlaunahafi gerir Benjamín dúfu

Framleiðandi Óskarsverðlaunamyndarinnar Boyhood, Cathleen Sutherland, framleiðir bandarísku útgáfuna af íslensku myndinni Benjamín dúfu.

„Ég er alveg rosalega spenntur fyrir þessu og það er mjög þýðingarmikið fyrir myndina að fá framleiðanda Boyhood með okkur í lið,“ segir Erlingur Jack Guðmundsson, einn framleiðenda bandarískrar endurgerðar á myndinni Benjamín dúfa. „Hún las handritið að myndinni og heillaðist gjörsamlega af sögunni, fannst hún raunveruleg og einstaklega hjartnæm.“

Með honum vinna einnig framleiðendurnir Cathleen Sutherland Óskarsverðlaunahafi og Susan Kirr, sem framleiddi kvikmyndina The Tree of Life. „Ég er búinn að vinna þetta með Kirr og leikstjóranum og handritshöfundinum Brandon Dickerson. Þeim fannst vanta einn framleiðanda í viðbót og þannig kom Sutherland inn í þetta verkefni,“ segir Erlingur.

Það eru komin þrjú ár síðan hann bar það undir höfund bókarinnar, Friðrik Erlingsson, að gera bandaríska útgáfu af myndinni. „Í gegnum sambönd sem ég hef þá kynntist ég Kirr, og plataði hana til þess að lesa bókina. Hún gerði það og fannst hún auðvitað svo frábær að hún gat ekki með nokkru móti lagt hana frá sér.“ Til stendur að hefja tökur á myndinni í ágúst, en prufur fyrir helstu hlutverkin eru á lokastigi. Hann segir mjög líklegt að einhver þekkt nöfn verði í aukahlutverkum í myndinni, en getur ekki gefið það upp að svo stöddu. „Sá sem er að aðstoða okkur við að finna stráka í aðalhlutverkin var „casting director“ í myndinni No Country for Old Men. Eins og er þá erum við að skoða um fimmtán stráka sem koma til greina í aðalhlutverkin,“ segir hann.

Myndin verður tekin upp í Texas, og mun henni svipa mjög til íslensku útgáfunnar, sem fagnar tuttugu ára afmæli sínu í ár.

**adda@frettabladid.is**

# Innsýn í hvernig bransinn virkar

Guðmundur Jörundsson stendur fyrir tveggja vikna fatahönnunarnámskeiði.

Fatahönnuðurinn Guðmundur Jörundsson, sem er flestum kunnur sem stofnandi og yfirhönnuður tískuhússins JÖR by GUÐMUNDUR JÖRUNDSSON, stendur fyrir tveggja vikna fatahönnunarnámskeiði.

„Ég man þegar ég var að byrja í náminu að það vantaði svona svolitla kynningu á þessu. Þegar ég byrjaði í LHÍ vissi ég ekkert hvað ég var að gera,“ segir hann og bætir við: „Innsýn inn í hvernig þessi bransi er frá einhverjum sem er búinn að vera að vinna í þessu, það er svona svolítið öðruvísi en námið.“

Námskeiðið, sem taka mun á helstu undirstöðuatriðum hvað varðar hönnun og gerð fatalínu, stendur yfir í tvær vikur og mun nemendum verða úthlutað heimaverkefnum og munu þeir hanna eigin fatalínu. „Rannsóknarvinnan verður líka kennd, en hún er mikilvægur þáttur í þessu, kynna það að halda utan um skissubók, velja efni og liti sem fitta og svona,“ segir Guðmundur og að hans sögn eiga bæði byrjendur og lengra komnir heima á námskeiðinu sem hugsað er fyrir fimmtán ára og upp úr. „Það er áhugavert að sjá um hvað þetta snýst og ef maður er að pæla í að fara að læra þetta þá fær maður svona „touch base“,“ segir Guðmundur að lokum.

Námskeiðið hefst þann 17. maí næstkomandi og stendur yfir í tvær vikur en fyrir frekari upplýsingar er hægt að hafa samband við info@jorstore.com

**- asi**



**HELDUR NÁMSKEIÐ** Guðmundur Jörundsson stendur fyrir tveggja vikna fatahönnunarnámskeiði fyrir fimmtán ára og eldri. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


GUNNAR HANSSON
VÍKINGUR KRISTJÁNSSON
SAGA GARÐARSDÓTTIR
BAKK
LEIKSTJÓRN GUNNAR HANSSON OG DAVÍÐ ÓSKAR ÓLAFSSON
FRUMSÝND 8. MAÍ

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is

**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 800 1177



LÆGRA VERÐ · STUNDVÍSI · NÝRRI VÉLAR · BREIÐASTA BROSIÐ · LOFORÐ WOW


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Spila á AC Festival

Hljómsveitin **Kaleo** heldur áfram að gera góða hluti á tónleikaferðalagi sínu um Bandaríkin með hljómsveitinni Vance Joy. Í gær var tilkynnt að sveitin myndi koma fram á tónlistarhátíðinni AC Festival sem fram fer í Austin í Texas í haust. Það hefur verið nóg að gera hjá hljómsveitinni undanfarið. Lag sveitarinnar, All the Pretty Girls, hefur mikið verið spilað á útvarpsstöðum vestanhafs og voru gagnrýnendur ánægðir með frammistöðu þeirra á tónlistarhátíðinni South by South West í Texas í síðasta mánuði. Strákarnir halda ferðalaginu áfram og munu spila á Bonnaroo-hátíðinni í Tennesse og Summerfest í Milwaukee, áður en þeir koma fram á AC Festival. **- vh**



### Glæsileg í kjól frá Galvan

Leikkonan Jennifer Lawrence var klædd í Galvan-kjól í partíi sem haldið var eftir hið árlega ball, Met Gala, í New York í Bandaríkjunum. **Sólveig Káradóttir** fatahönnuður er listrænn stjórnandi Galvan og var hún einn af fjórum stofnendum fyrirtækisins. Merkið hefur slegið í gegn hjá stjörnunum og þá sérstaklega þessi tiltekni kjóll, en söngkonan Rihanna var í sams konar kjól í afmælisveislu sinni í febrúar. Lawrence þótti glæsileg í þessu vinsæla eftirpartíi, en Met Gala-ballið er vinsælt. Tilgangur Met Gala er að safna fé fyrir Metropolitan Museum of Art í New York og markar upphafið að tískuviku búningadeildar safnsins. **- kak**



### Mest lesið VÍSIR

1. Skemmdarverk í Breiðholti: „Klesst'ann“ þegar þeir komu úr varðhaldi
2. Benjamín Nökkvi látinn
3. Fjarvera ráðherra gagnrýnd: „Hann var að fá sér köku, virðulegur forseti“
4. Tuttugu milljarðar í arð á ári
5. Tsarnaev brast í grát í réttarsalnum
6. Verkfallsaðgerðir næstu daga
7. Var sagt að skjóta hiklaust á allt kvikt








KATRÍNARTÚN 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS

Verð miðast við flug aðra leið með sköttum, 999 kr. bókunar- og töskugjald ekki innifalið.